

SHALDÖR
skoðun 16



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn



Dagurinn er bara
allt annar



SOLGRYN



FRÉTTABLAÐIÐ

MÍÐVIKUDAGUR

PITT

2. júní 2010 – 127. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Semur þjóðhátíðarlagið

KK vonar að lagið verði kyrjað í Herjólfssdal.

fólk 34

Ekki eins háð aðstoð

Leiðsöguhundur breytti lífi Lilju Sveinsdóttur.

tímamót 20




Óvænt hjá konunum

Valur tapaði sínum fyrstu stigum í Pepsi-deild kvenna í gær og Þór/KA tapaði fyrir Fylki.

sport 30

veðrið í dag



SKÝJAÐ NA-LANDS í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Skýjað NA-lands en annars víða bjartviðri einkum NV-lands. Hiti 6-17 stig, mildast SV-til.

veður 4



Ómissandi



FORNIR STÁLFLUGLAR Flugsveit frá þýska flughernum er komin hingað til lands með 140 manna lið til að sinna loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins dagana 7. til 25. júní. Sex orrustuþotur af gerðinni F4 Phantom II lentu á Keflavíkflugvelli í gær, en þær eru komnar til ára sinna og verða teknar úr notkun árið 2013.

Fjórir piltar grunaðir um yfir 80 innbrot

Fjórir unglingspiltar, 15 til 18 ára, eru í haldi yfirvalda grunaðir um innbrot í yfir áttatíu sumarbústaði á Þingvöllum, í Grímsnesi og í Borgarfirði á innan við mánuði. Lögregla segir að hvorki afköstin né forherðingin eigi sér fordæmi.

LÖGREGLUMÁL Fjórir unglingspiltar eru í haldi yfirvalda, þrír í gæsluvarðhaldi og einn á meðferðarstofnuninni Stuðlum, grunaðir um að standa að mikilli innbrotaoöldu á Suður- og Vesturlandi í maí.

Elsti pilturinn er átján ára Íslendingur en hinir þrír, einn fimmtán ára og tveir sextán ára, eru af pólsku og slóvensku bergi brotnir. Þeir eru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu.

Þrjú úr hópnum voru handteknir eftir innbrotahrinu í Borgarfirði í fyrri hluta má. Þorsteinn Jónsson hjá lögreglunni í Borgarnesi segir mennina grunaða um 25 innbrot á svæðinu en ómögulegt sé að segja til um hversu mikið komi til með að sannast á þá. Mennirnir neita að hafa komið nærri brotnum.

Skömmu áður voru sömu menn handteknir vegna átta innbrota í bústaði við Sogið. Þeir hafa gengist við þeim að hluta.

Fjórmenningarnir voru loks hand-

“Þessir menn nota vettlinga og skóhlífar til að finnast síður og virðast vera mjög forhertir þrátt fyrir ungan aldur.

ÞORSTEINN JÓNSSON
LÖGREGLUMAÐUR Í BORGARNESI

teknir í síðustu viku grunaðir um innbrot í tugi bústaða í Grímsnesi og á Þingvallasvæðinu. Tilkynningar til lögreglu eru nú orðnar um fimmtíu og þeim gæti enn fjölgað. Svo virðist sem þeir hafi stolið pallbíl í Reykjavík fyrir síðustu atlgöuna, ekið honum austur fyrir fjall og hlaðið hann þýfi. Þeir reyndu síðan að brjótast inn í þjónustumiðstöðina á Þingvöllum en þurftu frá að hverfa. Heildarfjöldi innbrota sem þeir eru grunaðir um er orðinn á níunda tug.

Piltarnir ásældust einkum flat-

skjái og önnur raftæki. Talið er að drjúgum hluta af þýfinu hafi verið komið í verð og vandséð er að hægt verði að endurheimta það.

Þorgrímur Óli Sigurðsson hjá lögreglunni á Selfossi segist aldrei hafa kynnst öðru eins. „Þetta eru langflest sumarbústaðainnbrot sem við höfum séð. Þarna erum við að fá árskammtinn á innan við mánuði.“

Þorsteinn Jónsson í Borgarnesi segist, eftir sextán ára reynslu af starfinu, nú horfa upp á alveg nýja tegund af glæpamönnum. „Þessir menn nota vettlinga og skóhlífar til að finnast síður og virðast vera mjög forhertir þrátt fyrir ungan aldur,“ segir Þorsteinn og nefnir sem dæmi að lögregla hafi stöðvað mennina við reglubundið eftirlit af því að þeir hafi þótt grunsamlegir, en leyft þeim að halda áfram för. Órfáum mínútum síðar, um leið og þeir hurfu sjónum lögreglu, hafi þeir hins vegar brotist inn.

stigur@frettabladid.is

Tvöfaldur meistari í sparakstri: Verður að beita öllum brögðum

FÓLK Sigurrós Pétursdóttir hefur tvö ár í röð unnið sigur í sparaksturskeppni Atlantsólu og FÍB í flokki bensínþíla með vélarstærð 1201-1600 cm á Yaris. Hún var eina konan í keppninni í ár og bíllinn hjá henni eyddi 4,45 lítrum á hundraði.



SIGURRÓS PÉTURSDÓTTIR

„Auðvitað eru öll brögð notuð. Maður kveikir til dæmis hvorki á útvarpi, miðstöð né sjálfvirkri loftstillingu því rafmagnseyðsla er jafnframt bensíneyðsla. Í daglegum akstri gengur maður ekki svo langt en reynir að hafa tilfinningu fyrir bensínjöfni og auga á snúningshraðamælunum sem á helst ekki að fara yfir 200.“

- gun / sjá allt

Söngvakeppninni breytt:

Leyfa aðeins söng á íslensku

FÓLK Öll lög í næstu söngvakeppni Sjónvarpsins verða að vera sungin á íslensku. Þetta staðfesti Páll Magnússon útvarpsstjóri í samtali við Fréttablaðið. Hann segir að vegna þrýstings frá Félagi tónskálda og textahöfunda, FTT, hafi verið vikið frá þessari kröfu undanfarin ár en afleiðingin af þeirri ákvörðun hafi verið vond, fá lög hafi verið sungin á íslensku og þau átt undir högg að sækja í atkvæðagreiðslum.

Þá segir Páll sigur í Söngvakeppni Sjónvarpsins ekki vera öruggan farmiða í Eurovision, það gætu verið farnar aðrar leiðir til að velja lag inn í þá keppni.

- fgg / sjá síðu 34

MBA-nám við Háskóla Íslands
Opið fyrir umsóknir
www.mba.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

MÁLTÍÐ MÁNABARINS
Ristuv Samloka
franskar 890s
995.-
AMERICAN STYLE



Guðmundur, er gjörningaveður í Framsóknarflokknum?

„Það er lægð yfir höfuðborgarsvæðinu en sólskin víða um land.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir að gagnrýni Guðmundar Steingrímssonar á flokksforystuna hljóti að vera einhvers konar gjörningur, svo ósvifin væri hún annars.

Krónan styrkist verulega:

Evran ekki ódýrari í rúmt ár

VIÐSKIPTI Gengi krónunnar styrkist um 0,8 prósent í gær og endaði gengisvísitalan í 214,59 stigum.

Hún hefur ekki verið lægri frá því snemma í apríl í fyrra.

Gengi krónunnar hefur styrkst frá í nóvember í fyrra þegar vísitalan stóð í tæpum 240 stigum.

Evran, sem gefið hefur verulega eftir vegna titrings í evrópsku efnahagslífi, kostar rúmar 156 krónur og hefur hún ekki verið lægra skráð síðan seint í mars í fyrra. Innan við mánuður er síðan aðrir gjaldmiðlar voru jafn ódýrir í krónum og nú.



EIVÖR PÁLSDÓTTIR Hefur sætt ofsóknum í þrjú ár.

Óskar eftir nálgunarbandi:

Íslendingur ofsækir Eivöru

FÓLK Söngkonan Eivör Pálsdóttir hefur óskað eftir nálgunarbandi vegna íslensks manns sem hefur elt hana á röndum í þrjú ár. Svo ágengur hefur maðurinn verið að hann hefur búði í tjaldi í garðinum hjá henni í Færeyjum í um ár.

Fyrir ári flutti maðurinn frá Íslandi til Færeyja og hefur hafst við í tjaldi í garði við hús sem hún á í heimabæ sínum Götum. Í tjaldinu dvaldi maðurinn til að mynda síðustu jól.

Færeyska blaðið Dimmalætting hefur að undanförunum fjallað um málið og tilraunir Eivarar til að fá nálgunarband á manninn.

Olíufélagið BP reynir enn á ný að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa:

Obama forseti hótar málsókn

BANDARÍKIN, AP Breska olíufélagið BP er komið nokkuð á veg með enn eina tilraun til að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa, en fyrri tilraunir hafi mistekist.


Talið er að allt að milljón tunnur af olíu hafi lekið út í sjóinn þær sex vikur sem liðnar eru frá því sprenging varð í borballinum Deepwater Horizon.

Bandaríkjastjórn ætlar fylgjast betur með tilrauninum, en hefur enn ekki gripið inn í gang mála. Barack Obama forseti segir hins vegar að BP geti átt yfir höfði sér

málsókn. Eric Holder dómsmálaráðherra hélt í gær til Mexíkóflóa að hitta ráðamenn þar. Obama átti einnig í gær í fyrsta sinn fund með öðrum af tveimur formönnum rannsóknarnefndar þingsins, sem er að fara ofan í saumana á lekanum.

Að þessu sinni ætlar BP að reyna að festa nýtt lok ofan á olíubrunnin á hafsbotni og freista þess að dæla olíunni upp í skip. Flókinn fjarstýrður vélbúnaður er notaður til að koma nýja lokinu fyrir.

- gb



OLÍUTAUMAR Á MEXÍKÓFLÓA Olíulekinn er þegar orðinn eitt mesta umhverfisslys í sögu Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hanna Birna og Dagur:

Gengu út af síðasta fundinum

STJÓRN MÁL Ólafur F. Magnússon og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kvöddu vettvang stjórnmálanna á fundi borgarstjórnar í gær. Vilhjálmur lét það verða sitt síðasta verk að leggja til stofnun Friðarstofnunar Reykjavíkur en Ólafur F. kvaddi með því að óska eftir lögreglurannsókn á því hvernig flokkarnir hefðu varið styrkjum úr borgarsjóði.

Oddvitarnir Hanna Birna Kristjánsdóttir og Dagur B. Eggertsson, gengu út áður en Ólafur tók til máls.

Vantar meira fé til að rannsaka mistök

Reiknað er með að 50 til 300 dauðsföll verði á sjúkrahúsum hérlendis á ári hverju vegna mistaka. Yfirvöld hafa ekki sinnt beðnum um fjármagn til rannsókna. Allt bendir til að tíundi hver sjúklingur verði fyrir skaða.

HEILBRIGÐISMÁL „Rannsóknin á að svara þeirri spurningu hvort tíu prósent þeirra sem leggjast inn á spítala hér á landi verði fyrir einhvers konar skaða af völdum meðferðarinnar sem við erum að veita, eins og erlendrar rannsóknir benda eindregið til,“ segir Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

Landlækniseimbættið mun rannsaka á næstunni tíðni þess sem innan heilbrigðiskerfisins er kallað „óvæntir skaðar“. Staðið hefur til að gera rannsóknina í nokkur ár.

„Heiðarlega svarið við spurningunni af hverju þessi rannsókn hefur ekki verið gerð fyrir löngu er að til þess hefur ekki fengist fjármagn,“ segir Sigurður sem er ábyrgðarmaður rannsóknarinnar.

Rannsóknin er gerð í samvinnu við Landspítalann og Sjúkrahúsið á Akureyri. Fyrir liggur 700.000 króna styrkur frá heilbrigðisráðuneytinu og Félagi Íslenskra hjúkunarfræðinga. Hins vegar kostar átta milljónir „að gera rannsóknina almennilega“, eins og Sigurður orðar það og vinnur hann þessa dagana að styrkumsóknunum.

Hann furðar sig á því hversu illa hefur gengið að fjármagna rannsóknina. „Þegar sinueldur brann á Mýrum 2006 var veittur 25 milljóna króna styrkur til að kanna áhrif eldsins á gróður og smádyralíf. Það var nauðsynlegt en þessi rannsókn er það ekki síður,“ segir Sigurður og viðurkennir að leitað hafi verið beint til sitjandi heilbrigðisráðherra í gegnum tíðina, án árangurs.



SKURDLÆKNAR AÐ STÖRFUM Embætti landlæknis mun á næstunni rannsaka tíðni þess sem innan heilbrigðiskerfisins er kallað „óvæntir skaðar“. Staðið hefur til að gera rannsóknina í nokkur ár. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

Hvað er til rannsókna?

Það sem til rannsókna er: Eitthvað sem leiðir til dauða, til tímabundinnar eða langvarandi örorku, eða í þriðja lagi lengir sjúkrahúsvist marktækt. Þannig nær rannsóknin til sýkinga, rangrar lyfjagjafar, ef eitthvað fer úrskeiðis við skurðaðgerðir, mistök við sjúkdómsgreiningar og fleira.

Álfheiður Ingadóttir er ekki í þeim hópi. „Það er ekki verið að reyna að finna sökudólga. Það er mikilvægt að það komi skýrt fram,“ segir Sigurður.

„Hins vegar leggjast inn á Landspítalann um 30 þúsund manns á ári og því má reikna með að þrjú þúsund manns verði þar fyrir einhvers konar skaða á hverju ári.“

Þetta þýðir að 200 manns láta lífið á spítalanum vegna óvæntra skaða og þar af níutíu vegna mistaka sem sannað er að hægt hefði verið að fyrirbyggja, samkvæmt rannsóknunum á stærstu og virtustu sjúkrahúsum Bandaríkjanna sem sýna að hægt er að koma í veg fyrir fjögur af hverjum tíu tilfellið um mannlegra mistaka.

- shá

Birgir Finns-son er látinn

Birgir Finns-son, fyrrverandi forseti sameinaðs Alþingis, lést á sjúkrahúsi í Reykjavík í fyrrinótt, 93 ára að aldri.

Þorgeir Birgir Finns-son var fæddur á Akureyri 19. maí 1917. Foreldrar hans voru Finnur Jónsson, alþingismaður og ráðherra, og fyrri kona hans, Auður Sigurgeirsdóttir húsmóðir.

Birgir var bæjarfulltrúi fyrir Alþjóðflokkinn á Ísafirði árin 1942 til 1966. Hann átti sæti á Alþingi frá 1959 til 1971 og gegndi embætti forseta sameinaðs Alþingis í átta ár, samfellt lengur en nokkur annar maður í sögu þingsins.



BIRGIR FINNS-SON

Meirihlutaviðræður standa yfir:

Hafnfirðingar klára fyrir helgi

SVEITARSTJÓRNIR Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna í Hafnarfirði, sagði í gærkvöldi að viðræður við fulltrúa Samfylkingar um myndun meirihluta í bæjarstjórn gengju vel. Þúast mætti við að viðræðunum lyki fyrir helgi.

Í Kópavogi halda áfram meirihlutaviðræður Samfylkingar, Vinstri grænna, Næst besta flokksins og Kópavogsslistans. Í Reykjavík hafa fulltrúar Besta flokksins átt fundi með fulltrúum Samfylkingar og ætla sér „góðan tíma í viðræðurnar“ eins og segir í tilkynningu frá Besta flokknum.

- gar

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is



Sparaðu og minnkaðu gluggapóstinn

Frá og með 1. júlí hættir bankinn að senda út greiðsluseðla á pappírformi til viðskiptavina. Með rafrænum viðskiptum getur þú sparað umtalsverða upphæð og dregið stórlega úr pappírnotkun.

Leggjum okkar af mörkum við að vernda umhverfið.



Mæðgur beygðar eftir að ekið var á fjögurra ára dótturina við Húsdýragarðinn:

Kona ók á litla hnátu og stakk svo af

LÖGREGLUMÁL „Hún var að vakna grátandi í tvær nætur með verki en hún slapp samt ótrúlega vel, greyið litla,“ segir Sandra Hraunfjörð, móðir sjö ára stúlku sem varð fyrir bíl um síðustu helgi.

Sandra og eiginmaður hennar voru með þrjú barna sinna á skemmtun Stöðvar 2 í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á laugardaginn. Rétt fyrir klukkan fjögur yfirgáfu þau garðinn. „Þá kom kona á silfurgráum smábíl og keyrði á stelpuna mína þannig að hliðarspeglill skall í öxlinni á henni og það heyrðist smellur,“ lýsir Sandra sem kveðst hafa sinnt börnunum á meðan maður hennar tók konuna á grúa bílnum tali. „Hún skrúfaði aðeins niður rúðuna og spurði hvort það væri ekki allt í lagi með stelpuna. Ég held ekki, svaraði maðurinn minn, en þá stakk hún bara af.“

Sandra segir að í ljós hafi komið við skoðun á sjúkrahúsi að dóttir hennar, Rannveig Ögn Jónsdóttir, var marin á öxl við viðbeinið. „Hún er bara í losti - trúir því ekki að konan hafi bara stungið af,“ segir Sandra sem kveður lögreglu hafa sagt mundu auglýsa eftir konunni. Hún biður ókumann lífils sendibíls sem þeytti flautu sína fyrir aftan slysstæðinn að veita upplýsingar ef hann telji þær geta gagnast. „Fólk á ekki að stinga af ef það keyrir á börn,“ segir Sandra og skorar á konunna sem ók á dóttur hennar að gefa sig fram.

- gar



SANDRA OG RANNEVG ÖGN Sem betur fer slapp Rannveig Ögn með mar á öxlinni eftir að ekið var á hana við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



3G NetFrelsi

Upplifðu fullkomið frelsi á ferðalagi um landið!
Þú fyllir á þegar þér hentar og greiðir ekkert fast mánaðargjald.

Þú getur valið um tvær upphæðir til áfyllinga í 3G NetFrelsi.
Fylltu á fyrir 1.990 kr. og fáðu 4 GB eða 3.990 kr. og þú færð 8 GB.

3G NetFrelsi bíður þín á siminn.is

Það er **Síminn** 
800 7000 • siminn.is

| GJALDMIÐLAR | KAUP SALA | |
|-----------------|-----------|--------|
| Bandaríkjadalur | 129,56 | 130,18 |
| Sterlingspund | 187,40 | 188,32 |
| Evra | 157,08 | 157,96 |
| Dönsk króna | 21,112 | 21,236 |
| Norsk króna | 19,752 | 19,868 |
| Svænsk króna | 16,323 | 16,419 |
| Japanskt jen | 1,4233 | 1,4317 |

| | | |
|-----------------------------|----------|--------|
| SDR | 189,33 | 190,45 |
| GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR | | |
| | 213,8281 | |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands | | |

Jón Atli Jónasson ósáttur við að Ólafur Ragnar Grímsson sé verndari Grímunnar: Hafnar öllum tilnefningum

MENNING Jón Atli Jónasson, eitt af helstu leikskáldum Þjóðarinnar, neitar að taka við öllum tilnefningum til Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, í ár.

„Ástæðan fyrir þessu er einföld. Ég neita að viðurkenna núverandi verndara Grímunnar, forseta vorn, Ólaf Ragnar Grímsson,“ segir Jón Atli í yfirlýsingu sem hann hefur sent frá sér.

Hann hvetur kollega sína til að slást í lið með sér og neita að þiggja tilnefningar: „Við getum ekki þegið verðlaun eða tilnefningar úr hendi forseta hvers for-

setatíð þarf rannsóknar og endurskoðunar við.“

Jón Atli hefur meðal annars samið leikverkinn Brim fyrir Vesturport, Draugalest fyrir Leikfélag Reykjavíkur, Rambó 7 fyrir Þjóðleikhúsið og er einn af stofnendum Mindgroup, evrópskra samtaka leikhúsfólks um tilraunakennda leiklist. Á síðasta ári leikstýrði hann einleik sínum Djúpinu í Borgarleikhúsinu, en Baltasar Kormákur hyggst gera kvikmynd upp úr þessu leikverki Jóns Atla.

Tilnefningar til Grímunnar verða kynntar á föstudag. - gþ



DJÚPIÐ Ingvar E. Sigurðsson leikari og Jón Atli Jónasson, höfundur og leikstjóri.

Ekkert svar um sms-lánin: Átelja ágengar auglýsingar

NEYTENDUR Neytendasamtökin segja sláandi að fyrirtæki sem veita svokölluð sms-lán markaðssetji þjónustu sína með jafn ágengum hætti og raun ber vitni, svo stuttu eftir hrúnið.

Greinilegt er að mikil samkeppni er milli fyrirtækja sem veita sms-lánin, segir á vef samtakanna. Þau beiti ágengri markaðssetningu gegn veikum hópi neytenda sem auðvelt sé að freista. Samtökin sendu viðskiptaráðherra bréf vegna lánanna fyrir hálfu ári en hafa ekki fengið svar. - bj



LANDSMÓT Landsmóti hefur verið frestað um ár vegna pestarinnar.

Formannafundur LH: Sjúkdómavörn-um ábótavant

HESTAMENNSKA Formenn hestamannafélaga hér á landi krefjast þess að Matvælastofnun leit þegar allra leiða til að koma í veg fyrir að hrossasjúkdómar berist hingað frá útlöndum.

„Fundurinn telur að núverandi framkvæmd sjúkdómavarna sé verulega ábótavant,“ segir í ályktun sem samþykkt var á formannafundi Landsambands hestamannafélaga.

Á fundinum var samþykkt ályktun þess efnis að skorað er á Matvælastofnun að láta rannsaka með hvaða hætti sjúkdómur sá sem herjar nú á íslenska hrossastofninn barst til landsins.

LEIÐRÉTT

Helsti forspraki Hjólafærni á Íslandi hefur í tvígang verið rangnefnd í Fréttablaðinu að undanföru og kölluð Stefania. Hið rétta er að hún heitir Sessela Traustadóttir. Það má geta þess að hún kallar Trek-hjólíð sitt Stefaniu til heiðurs Fréttablaðinu.

Illugi Gunnarsson var stjórnarmaður í peningamarkaðssjóði á vegum Glitnis, ekki stjórnarmaður eins og sagt var í blaðinu í gær.

Slit á stjórnmalasambandi við Ísrael koma til greina

Þingmenn allra flokka á þingi fordæma árás Ísraelshers á skip með hjálpargögn til Gasa. Sjálfstæðismenn eiga þó ekki aðild að ályktun annarra flokka þar sem segir að slit á stjórnmalasambandi komi til álita.

ALÞINGI Þingmenn allra flokka fordæmdu í gær árás Ísraelshers á tyrkneskt skip á leið með hjálpargögn til Gasa í fyrradag. Að minnsta kosti tíu manns voru drepnir og um sextíu eru taldir særðir eftir árásina. Utandagskrárumræða fór fram um málið á þingi í gær.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins standa ekki að ályktun sem aðrir flokkar samþykktu í utanríkismálanefnd vegna þessa í gær. Þar er utanríkisráðherra falið að meta hvaða úrræðum Íslendingar beiti gagnvart Ísrael. Slit á stjórnmalasambandi komi til greina.

Eftir nefndarfundinn ræddu þingmenn árásina í utandagskrárumræðum að frumkvæði Ögmundar Jónssonar, þingmanns VG. Ögmundur sagði að ríkisstjórninni væri styrkur að ályktun meirihluta utanríkismálanefndar.

Óssur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði ekki hægt að finna nægilega sterk orð til að lýsa verknaði Ísraelshers. Hann fagnaði ályktuninni og skjótum viðbrögðum utanríkismálanefndar. Ríkisstjórn Íslands legði mikla áherslu á að atburðurinn yrði notaður til að afla alþjóðlegrar samstöðu um að aflétta þeirri herkví sem fimmtán hundruð þúsund íbúum Gasa hefur verið haldið í síðustu þrjú ár. Rétt sé að skoða bæði viðskiptaþvinganir og slit á stjórnmalasambandi gagnvart Ísrael. „Mótmæli af þessu tagi, jafnvel hótun um slit á stjórnmalasambandi, skipta máli,“ sagði Óssur.

„Hvar munu Ísraelsmenn bera niður næst ef þeir telja öryggi sínu ógnað af hjálpargögnum og friðarsinum?“ spurði Birgitta Jónsdóttir, Hreyfingunni.

Einar K. Guðfinnsson, Sjálfstæðisflokki, sagði að árás Ísraelsmanna á skipalestina hefði verið forkastanleg. Enn og aftur hefðu Ísraelsmenn skaðað eigin málstað. Sjálfstæðismenn vilji þó ekki eiga aðild að ályktun utanríkismálanefndar því að í henni



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON Utanríkisráðherra sagði að engin þjóð sæti jafnmikilli kúgun og Palestínúmenn af hálfu Ísraela. Hann fagnaði samstöðu þingmanna um að fordæma árás Ísraelsmanna á skip með hjálpargögn.

Meirihluti utanríkismálanefndar fordæmir árásina

Meirihluti utanríkismálanefndar Alþingis, þ.e. fulltrúar allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins, samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi í gær:

„Meiri hluti utanríkismálanefndar fordæmir harðlega árás ísraelska hersins á tyrkneskt skip í skipalest á alþjóðlegri siglingaleið með hjálpargögn til Gasa-svæðisins. Árásin er brot á alþjóðalögum. Það stríðir gegn réttlætiskennð manna, að hindra með ofbeldi að hjálpargögn berist fólk í neyð. Meiri hlutinn leggur áherslu á að mannréttindasáttmálar, samþykktir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðalög verði virt í hvítetna í hertekinni Palestínu, á Gasa og Vesturbakkunum, að meðtalinni Austur-Jerúsalem.

Meiri hlutinn ályktar að fela utanríkisráðherra, í samráði við utanríkismálanefnd, að skipuleggja ferð

til Gasa-svæðisins og að Ísland standi að því að senda hjálpargögn til aðstoða heimamenn og sýna þannig andstöðu við herkvína sem Ísraelsmenn hafa sett á Gasa í trássi við alþjóðalög. Það er ólíklegt að Ísland hafi alþjóðleg ályktanir Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og sjálfsákvörðunarrett palestínsku þjóðarinnar verið virtar að vettugi. Slit á stjórnmalasambandi við Ísrael koma alvarlega til álita og er utanríkisráðherra falið að meta, í samvinnu við aðrar þjóðir, hvaða úrræðum verði beitt sem talin eru áhrifaríkust til að knýja á um breytingar í samræmi við alþjóðalög, svo sem alþjóðlegri samstöðu um viðskiptaþvinganir eða slitum á stjórnmalasambandi við Ísrael, beri önnur úrræði ekki ávöxt.“

felast skuldbinding um að Ísland slíti stjórnmalasambandi við Ísrael ef ekki kemst á friður. Þessari túlkun Einars hafnaði Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, sem

sagði að engin slík skuldbinding fælist í ályktuninni. Hún sendi hins vegar sterk og mikilvæg skilaboð frá þjóðþingi Íslendinga.

peturg@frettabladid.is

AB drykkir á tilboði!

Tilboð

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
veður-fréttamaður

HLÝNANDI VEÐUR
Flott veður á landinu næstu daga og hitinn verður á uppleið fram að helgi. Á morgun verður víða bjartviðri eða að minnsta kosti bjart á köflum en skjáð syðra. Föstudagurinn verður svipaður en hitinn mun líklega ná um 20°C norðaustanlands.

Á MORGUN
Hæg austlæg eða breytileg átt.


FÖSTUDAGUR
Stíf A-átt syðst annars víða hægviðri.

HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Alicante | 26° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 23° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 21° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufaldfjóni@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson guðmundur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henny Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is **SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Frey Jónsson benediktj@365.is
RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrunnar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir amarut@365.is



TOYOTA

Takk fyrir komuna

á Þjónustudegi Toyota 29. maí



Þetta var ánægjulegur dagur

Við fengum tækifæri til að þvo 1625 Toyotabíla og það gladdi okkur innilega. Við nutum félagsskapar þúsunda gesta sem þáðu hjá okkur veitingar og það gladdi okkur enn meir.

Við hlökkum til að sjá sem flesta aftur að ári.

Gleðilegt Toyotasumar

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 8
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 17
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bífreiðaverkstæði KS
Hesteyri 2
Sauðárkróki
Sími: 455-4570

Bífreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bæjarflöt 13
Reykjavík
Sími: 577-7080

Bílaverkstæði Austurlands
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

**Today
Tomorrow
Toyota**



Á Ísland að slíta stjórn mála-sambandi við Ísrael?

Já 76,8%
Nei 23,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er krónan komin yfir það versta?

Segðu skoðun þína á visiris



Mótshaldarar Landsmóts hestamanna á Vindheimamelum:

Munu endurgreiða 40 milljónir

HESTAMENNSKA Mótshaldarar Landsmóts hestamanna á Vindheimamelum, sem nú hefur verið frestað um ár, þurfa að endurgreiða um 40 milljónir króna óski fólk eftir því. Búið var að selja hátt í 4.000 miða í forsölu, sem þarf að endurgreiða. Þá er um að ræða endurgreiðslur á stúkum og hjólhýsastæðum sem keypt hafa verið vegna landsmótsins. Þetta segir Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna ehf.

„Við biðjum fólk að senda okkur tölvupóst til að fá endurgreiðslu. Við

munum næstu daga ganga skipulega til verks við að endurgreiða, en bendum á að þar sem viðskiptin fóru að mestu leyti fram sem kreditkortaviðskipti í gegnum netmiðasölukerfi okkar, getur liðið einhver tími frá því að Landsmót kreditfærir og þar til eiginleg endurgreiðsla berst inn á reikning viðskiptavinar,“ segir hún. „Við biðjum viðskiptavini Landsmóts að hafa þetta í huga og búa sig undir að greiðslur í gegnum kreditkortafyrirtæki berist ekki strax og gætu jafnvel borist í fleiri en einni greiðslu.“



LEIÐBEININGAR Leiðbeiningar hafa verið sendar út er varða endurgreiðslur vegna Landsmóts.

Jóhanna á leiðtogafundi:

Forsætisráðherra í Litháen

STJÓRN MÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sækir nú leiðtogafund Eystrasaltsráðsins sem hófst í gær og lýkur í kvöld. Fundurinn er haldinn í Vilnús í Litháen en til umræðu er styrking svæðisbundins samstarfs, meðal annars á sviði efnahags- og orkumála. Einnig verður rætt um baráttu ráðsins gegn skipulagðri glæpastarfsemi og mansali.

Sæti í ráðinu eiga Norðurlöndin, Eystrasaltslöndin Þrjú, Rússland, Pólland og Þýskaland auk framkvæmdastjórnar ESB.

Gæti kallað á breytingar á skattalögum

Héraðsdómur vísaði í gær frá ákæru vegna meintra skattsvika Baugsmanna. Ákæra á hendur þeim sem fyrirvarsmanna Baugs og Gaums stendur óhögguð. Dómarinn skipti um skoðun vegna nýlegs dóms Mannréttindadómstóls Evrópu.

DÓMSMÁL Málshöfðun á hendur fyrirverandi fyrirvarsmönnum Baugs vegna meintra skattalagabrotar var í einhverjum tilvikum andstæð mannréttindasáttmála Evrópu. Þetta kemur fram í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sem vísaði í gær frá dómi ákæru á hendur Baugsmonnum.

Telur dómurinn að vísa verði málinu frá að hluta þar sem skattayfirvöld hafi þegar refsað ákærðu að hluta með því að leggja álag á skattgreiðslur þeirra. Dómarinn hefur þar með skipt um skoðun frá fyrri úrskurði, þar sem hann hafnaði því að vísa bæri málinu frá. Hann rökstyður niðurstöðu sína með tilvísun í nýlegan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislög-reglustjóra, segir nauðsynlegt að fá endanlega niðurstöðu fyrir mál af þessu tagi, og því verði úrskurðinum skotið til Hæstaréttar.

Staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms gæti það kallað á umtalsverðar breytingar á skattalögum, segir Helgi Magnús. Þá verði að meta hvort málum verði vísað til lögreglu áður en ákvörðun um álag á skatta verði tekin, svo mönnum sé ekki gerð refsing tvisvar vegna sama máls.

Ákærð í málinu eru Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrirverandi stjórnarformaður Baugs, Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums, og Tryggvi Jónsson, fyrirverandi aðstoðarforstjóri Baugs. Þá er fyrirtekið Gaumur einnig ákær.

Jón Ásgeir og Tryggvi eru ákærðir vegna eigin skattskila. Þeir eru báðir ákærðir fyrir meint brot Baugs á skattalögum. Jón Ásgeir og Kristín eru svo ákærðir sem fyrirvarsmenn Gaums fyrir brot félagsins á skattalögum.

Ákæru vegna brota í starfi standa

Vísað frá
 Stendur eftir




Jón Ásgeir Jóhannesson

- Ákærður fyrir brot á skattalögum vegna eigin skatta.
- Ákærður vegna brota Baugs á skattalögum.
- Ákærður vegna brota Baugs á skattalögum.



Kristín Jóhannesdóttir

- Ákærð vegna brota Gaums á skattalögum.



Tryggvi Jónsson

- Ákærður fyrir brot á skattalögum vegna eigin skatta.
- Ákærður vegna brota Baugs og Gaums á skattalögum.

BAUGUR GROUP

- Félagið ákært fyrir brot á skattalögum. Fallið var frá ákæru eftir að félagið varð gjaldþrota.

Gaumur

- Félagið ákært fyrir brot á skattalögum.

Eftir frávísun héraðsdóms í gær standa aðeins eftir ákæru á þremmenningana sem fyrirvarsmenn Baugs og Gaums. Ákærum á hendur Jóni Ásgeiri og Tryggva vegna persónulegra skattskila, sem og Gaumi vegna skattskila fyrirtækisins, var vísað frá.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, segir að verjendur hafi túlkað niðurstöðu mannréttindadómstólsins öðruvísi en dómarinn kjósi að gera.

Verjendur vilja þannig meina að lög verndi menn fyrir tvöfaldri málsmeðferð vegna eins og sama málsins. Dómarinn telur hins

vegar að ekki megi sækja menn til saka tvisvar vegna sama málsins.

Það þýðir að þó fyrirvarsmenn Baugs og Gaums hafi verið kallaðir fyrir við meðferð skattamála félaganna hafi þeir ekki verið sóttir sjálfir til saka, og ekki þolað viðurlög vegna þeirra mála sjálfir. Því er ákærum vegna þeirra mála ekki vísað frá.

Búið er við að Hæstiréttur fjalli um málið í júní. Málsmeðferð í því sem eftir stendur eftir niðurstöðu Hæstaréttar fer þó varla fyrir héraðsdóm fyrr en í haust.

brjann@frettabladid.is

Sigrún Björk Jakobsdóttir yfirgefur stjórn málin en bróðir hennar hefur þátttöku:

Systkini skipta um hlutverk

STJÓRN MÁL Kristinn Þór Jakobsson, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjaneshæ, náði kjöri sem bæjarfulltrúi í sveitarstjórnarkosningunum síðasta laugardag. Kristinn Þór var nýr í framboði og hefur því þátttöku í stjórn mála og sama tíma og systir hans, Sigrún Björk Jakobsdóttir, fyrirverandi bæjarstjóri á Akureyri, kveður þau. Sem kunnugt er sagði Sigrún Björk af sér sem oddviti Sjálfstæðisflokksins á Akureyri og bæjarfulltrúi í kjölfar kosninganna.

„Við erum fimm systkini og erum öll alin upp við mikla pólitíska umræðu,“ sagði Kristinn Þór og bætti því við að skoðanir systkinanna skiptust nokkuð jafnt eftir hinu pólitíska litrófi.

Kristinn Þór segist hafa

verið virkur í Framsóknarflokknum frá árinu 2004 en var nú í fyrsta skipti á lista.

Aðspurður hvort hann hefði fengið góð ráð hjá Sigrúnu Björk svaraði hann „Við höfum ólíkar nalgánir á málunum og ólíkar skoðanir en við leitum mikið í reynslubanka hvors annars.“

Sigrún Björk sagðist viss um að Kristinn Þór myndi standa sig vel í stjórn mála en var óviss um hvað tæki við hjá henni sjálfri. Hún ætlaði þó að taka sér frí og ganga á fjöll.



KRISTINN ÞÓR JAKOBSSON

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR

Sérhönnuð hárvörulína fyrir

DÖKKT HÁR

Lengir tímann sem liturinn endist í hárinu

TONI & GUY

HANNAÐ AF FAGFÓLKI - Á VERÐI FYRIR ÞIG

Geggjuð tilboð á veiðivörum í júní


Daiwa kaststangir **50%** afsl
Daiwa einhendur **50%** afsl
Daiwa rennslisstangir **30%** afsl
Daiwa Tvihendur **30%** afsl
Daiwa Spinnhjul **50%** afsl
Daiwa fluguhjul **30%** afsl
Daiwa veiðitöskur **30%** afsl
Frábær tilboð á Guideline veiðivörum

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

„Ekkert mál að skipta“

Hrefna Rósa Sætran, yfirkokkur og eigandi Fiskmarkaðarins,
notar Smellugas frá Olís.

PIPARTBWA - SIA



Uppfærðu gasmálin Skiptu yfir í nýtt og einfaldara kerfi

Nú er ekkert mál að skipta um gaskút. Olís hefur innleitt Smellugas, nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smelt á. Þannig er mun fljótlegra og þægilegra að skipta um kút.

Nýr þrýstijafnari, þér að kostnaðarlausu og við tökum gamla kútinn upp í.

Ef þú þarft aðstoð við að koma nýja þrýstijafnarannum fyrir geturðu pantað heimaþjónustu. Nánari upplýsingar fást á smellugas.is, í síma 515 1100 og á næstu Olís-stöð.

BP Gas light



smellugas.is



Smellugas 

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða fyrrverandi borgarstjóri vinnur nú að ritun ævisögu sinnar?
2. Hvað er Einar Vilhjálmsson spjótkastari gamall?
3. Hver er nýr formaður samtakanna SAMFOKS?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

8

Krakkarnir í Egilsstaðaskóla sinna fjölbreyttum verkefnum á vordögum skólans:

Þrettán skólakrakkar reisa torfbæ

MENNTUN Þrettán nemendur í 8. bekk í Egilsstaðaskóla vinna þessa dagana að byggingu torfbæjar. Verkefnið er eitt margra sem nemendum býðst að taka þátt í á vordögum skólans. Nemendurnir sjá að mestu leyti sjálfir um verkið og þurfa meðal annars að reka niður staura, hlaða bæinn og mála hann. Framkvæmdirnar fara fram á lóð Safnahússins á Egilsstöðum.

„Ég held að flestum finnst þetta mjög gaman,“ sagði Karen Björnsdóttir, sem er nemandi í hópnum og bætti því við að krakkarnir vonuð-

ust eftir því að torfbærinn stæði óhreyfður næstu árin.

Nemendurnir fóru í vettvangsferð að Galtastöðum fyrir helgi og nota torfbæinn þar sem fyrirmynd.

Nemendurnir hófu störf á mánudaginn og stefndu að því að klára verkið í dag. Þeim var skipt í tvo hópa, annar sér um að reisa bæinn og hinn um kynningu á verkefninu. Verkefnið er styrkt af Barnamennningarstjóði og er samstarfsverkefni Egilsstaðaskóla, Minjasafns Austurlands, Þjóðminjasafnsins og Fljótsdalshéraðs.

- mbl



UNNIÐ HÖRÐUM HÖNDUM Nemendurnir njóta sumarblíðunnar við störfin.

HVAÐA VERÐMÆTI FELAST Í MATARHEFÐUM ÍSLENDINGA?

Í dag kl. 15.00-17.00
Hús verslunarinnar,
Kringlan 7, 14. hæð

Slow Food

Slow Food samtökin voru stofnuð á Ítalíu árið 1989 og hafa gegnt stóru hlutverki í varðveislu, endurvakningu og nýtingu staðbundinna matvæla um heim allan. Hugmyndafræði samtakanna er að maturinn sé góður, hreinn og sanngjarn – hvaða verðmæti geta skapast á Íslandi við að fylgja þessari stefnu? Varpað verður ljósi á leiðir innan Evrópusamstarfsins og Slow Food til að viðurkenna matvæli út frá uppruna, gæðum og hefðbundnum vinnsluáferðum.



Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið, í samvinnu við Slow Food samtökin og Matis, efna til málþings um gildi staðbundinna matvæla fyrir menningu, ferðaþjónustu og samfélag.

Slow Food Reykjavík

Eygló Björk Ólafsdóttir:

Verkefni Slow Food til verndar og kynningar á upprunalegum, staðbundnum matvælum.

Matis

Þóra Valsdóttir og Guðjón Þorkelsson:

Sérstaða íslenskra matvæla. Uppruni, gæði, afurðir.

Eddu hótelin

Friðrik V. Karlsson:

Gamla skyrið í nýju eldhúsi.

Fiskverkun E.G. Flateyri

Guðrún Pálsdóttir:

Vestfirskur harðfiskur – saga og sérstaða.

Skráning hjá Kristin@chamber.is

Krakkarnir í sviðsljósinu næstu tvö sumur

Stöð 2 Sport og KSÍ hafa gert samning sem felur í sér stóraukna umfjöllun um fótboltaíðkun yngri flokkanna. Liður í áherslubreytingum á Sportstöðvunum.

FÓTBOLTI Fótboltaíðkunarnir á Íslandi verða í sviðsljósinu á Stöð 2 Sport næstu tvö sumur eftir að Stöð 2 og KSÍ gerðu með sér samkomulag um samstarf þar sem markmiðið er að stórauka stuðning og umfjöllun um fótboltaíðkun æskunnar.

Samningurinn var undirritaður í gær og í honum felst meðal annars að Stöð 2 Sport skuldbindur sig til að minnsta kosti 35 beinna útsendinga frá leikjum í Pepsi-deild karla, fimm leikja í Visa-bikarkeppni karla, útsendinga frá útileikjum A-landslíðs karla og vináttulandsleikja þess á Íslandi.

Stöð 2 Sport hefur gert vel í að sýna frá íslenska fótboltanum undanfarin ár en nú ætla menn þar á bæ að gera enn betur og þá sérstaklega að fjalla mun meira um fótboltaíðkun yngri flokka hér á landi. Stöð 2 mun fjalla ítarlegar um sumarmótin vinsælu, sem stöðin hefur þegar gert góð skil í sérstökum þáttum undanfarin sumur. Að auki verða framleiddir og sýndir á Stöð 2 Sport vandaðir þættir um fótboltaíðkun ungs fólks og munu sportstöðvar Stöðvar 2 einnig taka að sér framleiðslu og sýningar á



SAMINGURINN Í HÖFN Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, og Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

kennslumyndböndum í boltatækni. „Aukin þáttagerð tengd iðkun ungmenna er liður í áherslubreytingum á Sportstöðvunum þar sem meiri áhersla er lögð á fjölskylduefni samhliða útsendingum frá stærstu íþróttaviðburðum hér á landi og um heim allan. Okkur rennur líka blóðið til skyldunnar því að niðurstöður nýlegrar könn-

unar sýna fram á að Sportstöðvarnar höfðu meira til fjölskyldna en við gerðum okkur grein fyrir. Sama könnun leiddi í ljós að það er vöntun á því efni sem við erum að leggja meiri áherslu á. Það má því segja að leiðir okkar og KSÍ liggja saman að því markmiði að bæta úr þessu,“ sagði Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, í fréttatilkynningu. - 66j

THULE SWEDEN

Taktu hjólið með í vinnuna

Stilling 50 ára



Stilling hf. • Sími 520 8000
www.stilling.is • stilling@stilling.is

Stilling



Í DÓMSAL Ari Gísli Bragason og Böðvar Yngvi Jakobsson ásamt verjanda í dómsal.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrirtaka í máli vegna bókaþjófnaðar úr dánarbúi:

Ari Gísli fornbókasali er nú laus allra mála

DÓMSMÁL Þætti Ara Gísla Bragasonar bóksala í ákæru vegna stórfellds þjófnaðar bóka úr dánarbúi Böðvars heitins Kvaran var vísað frá dómi í gær. Böðvar Yngvi Jakobsson játaði hins vegar sök í málinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Málið snýst um hundruð verðmætra bóka og korta sem stolið var úr dánarbúinu seinni hluta ársins 2006 og fyrri hluta ársins 2007. Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og sonur Böðvars, kærði málið til lögreglunnar sumarið 2007.

Ari Gísli var sakaður um að hafa tekið við fornbókum til sölu. Hann

er nú laus allra mála og verjanda hans hafa verið dæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Aðstandendur Böðvars Kvarans krefjast um 33 milljóna í skaðabætur fyrir horfðu bækkurnar, sem eru samkvæmt ákæru um 300 talsins. Þar á meðal var útgáfa af Snorra-Eddu og Völuspá frá 17. öld og Konungasögur Snorra Sturlusonar frá árinu 1633. Verðmæti bókkanna samtals er áætlað um 40 milljónir króna.

„Þetta er bara í ferli,“ sagði Böðvar Yngvi þegar Fréttablaðið náði tali af honum vegna málsins í gær og bætti við að hann vildi ekki tjá sig um það við fjölmiðla.“ - jss



verð frá
235 kr/m



PALLAEFNI
MEIRI ÞYKKT
TRYGGIR STYRK!

- Fura fúavarin 21x95 **235** kr/m
- Fura fúavarin 28x95 **289** kr/m
- Fura fúavarin 48x98 **399** kr/m
- Fura fúavarin 48x148 **579** kr/m
- Fura fúavarin 98x98 **819** kr/m

ALLT FYRIR GARÐINN

FRÁBÆRT VERÐ Í HÚSASMÍÐJUNNI



3 ltr.
2.599

Utanhúsmálning 3 ltr.
Alkalíþolin með gott veðrunarþol.
7207020



3 ltr.
2.990

Vinsælasta
pallaolía
á Íslandi

Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37

Gróðurhús

7,4 m²
600265



7.4 m²
99.000
~~109.000~~

Rafmagnssláttuvél
verð frá 16.990
Bensínsláttuvél
verð frá 39.995

Rafmagnssláttuvél
B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134

BLACK & DECKER

29.990



1.999

Claber veltuúðari
4 stillingar fyrir 78-181 m²
5081625



1.899

Claber garðúðari
3ja arma, 4 stillingar.
Fyrir 75-115 m²
5081670

Claber slönguhjól
Tekur 60m af 1/2" slöngu.
5081662



3.499
~~4.999~~



Girðingastaur

- Fúavarinn.
Þvermál 50 mm, L 180 sm
600006 **299** kr/stk.
- Fúavarinn.
Þvermál 70 mm, L 180 sm
600008 **419** kr/stk.
- Rengla án spiss
600002 **199** kr/stk.

GILDIR MIÐVIKUDAG TIL SUNNUDAGS.

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Látum
verkin tala!



HÚSASMÍÐJAN

Orkuveitan haldi fjarlægð frá dótturfyrirtæki:

Hemji skuldasöfnun GR

ÚRSKURÐARMÁL Póst- og fjarskipta- stofnun (PFS) segir að Orkuveita Reykjavíkur megi ekki leyfa dótturfyrirtækinu Gagnveitu Reykjavíkur að safna meiri skammtímaskuldum hjá OR en sem svarar tveggja mánaða eðlilegum viðskiptum milli félaganna. Þetta kemur fram í ákvörðun PFS um fjárhagslegan aðskilnað milli OR og Gagnaveitunnar (GR).

Þá segir PFS að GR þurfi að fá fyrirfram samþykki fyrir hlutfjárukningum sem greiddar eru af OR, eða öðru fyrirtæki innan

fyrirtækjasamstæðunnar. „PFS samþykkir því aðeins slíka hlutfjárukningu að hún rúmist innan eðlilegs fjárhagslegs aðskilnaðar og feli ekki í sér að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi,“ segir í tilkynningu PFS.

Undirstrikað er að í ljós hafi komið að framkvæmd á aðskilnaði á fjarskiptastarfsemi OR, sem rekin sé í dótturfélaginu GR, frá annarri og sérleyfisbundinni starfsemi samstæðunnar, sé ófullnægjandi varðandi fyrrnefnd tvö atriði.

- gar



HORFT TIL SKIPS Tveir rétttrúaðir gyðingar horfa á tyrkneska skipið Mavi Marmara, sem Ísraelar réðust á á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP

Írar senda skip til Gasa

Frásagnir Ísraels af atburðum mánudagsins stangast á við frásagnir skipverja. Utanríkisráðherra Írlands krefst þess að írski skipið fái að sigla óáreitt.

ÍSRAEL Stuðningsfólk Palestínunnar hefur sent írski skipið Rachel Corrie af stað með hjálpargögn og fólk til Gasasvæðisins, daginn eftir að ísraelski herinn réðist á skipalest til að stöðva för hennar þangað.

Þá sögðust Egyptar ætla að opna um stundarsakir landamærahlíð yfir á Gasasvæðið, sem Ísraelar hafa haldið í nánast algerrri einangrun árum saman.

Árásin á skipalestina kostaði að minnsta kosti tíu manns lífið og vakti hörð viðbrögð stjórnvalda víða um heim. Vaxandi þrýstingur hefur verið á Ísrael að aflétta einangrun Gasasvæðisins, þar sem hálf önnur milljón Palestínunnar býr við mikla fátækt.

Michael Martin, utanríkisráðherra Írlands, krefst þess að Ísraelar leyfi írski skipinu að sigla óhindrað til Gasasvæðis. Hann krefst þess einnig að Ísraelar láti lausa alla írski ríkisborgara sem handteknir voru á mánudag.

Eftir að hafa stöðvað ferðir skipalestarinnar á mánudag handtöku Ísraelar 679 manns og færðu til lands. Einungis fimmtíu þeirra hafa þegar þegið boð Ísraels um að

yfirgefa landið, en hundruð þeirra hafa neitað að sýna Ísraelum samvinnu og eru enn í fangelsi. Þrjátíu eru sagðir vera á sjúkrahúsi í Ísrael.

Ísraelar halda því fram að herinn hafi ekki gripið til vopna gegn skipverjum fyrr en þeir urðu fyrir harðvítugum árásum, þar sem beitt var bareflum, hnífum og jafnvel skotvopnum. Þessu er mótmælt af fólki, sem var um borð og segir Ísraels jafnvel hafa skotið á sofandi fólk og haldið áfram að skjóta eftir að hvítum friðarfólki var veifað.

Ísraelar segjast hafa unnið hörðum höndum að því að skoða farm skipaflotans. Mest hafi þar farið fyrir tækjabúnaði sem nóg er til af á Gasasvæðinu fyrir. Megnið af farminum hafi engu að síður verið sett í flutningabíla áleiðis til Gasasvæðisins.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kom saman á neyðarfundi á mánudag vegna atburðanna og sendi frá sér ályktun þar sem árásin er fordæmd og þess krafist að óhlutdræg rannsókn verði gerð hið fyrsta.

gudsteinn@frettabladid.is

Friðarráð kvenna fordæmir árásina

Friðarráð kvenna fordæmir harðlega árás ísraelska hersins á skipalestina á mánudag.

„Enn einu sinni grípur Ísrael til hernaðaraðgerða til að takast á við átök sem einungis er til pólitísk lausn á,“ segir í ályktun ráðsins, sem harmar það sérstaklega að árásin skuli gerð meðan ráðstefna samtakanna stendur yfir í Madrid á Spáni, en þar eru saman komnar konur bæði frá Ísrael, Palestínu og fleiri ríkjum til að leita leiða til að koma á friði milli Ísraels og Palestínu.

„Ísraelum á ekki að leyfast lengur að haga sér af fullkomnu virðingarleysi við alþjóðalög. Við krefjumst þess að alþjóðasamfélagið gripi til aðgerða til að draga Ísraela til ábyrgðar vegna verka sinna,“ segir í ályktuninni, sem jafnt ísraelskar sem palestínskar konur standa að einum rómi.

Meðal ræðumanna á ráðstefnunni er Ingibjörg Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem á sæti í framkvæmdastjórn samtakanna.

zebra



Viltu leigja öruggt og eftir eigin höfði?

Kíktu við í Löngulínu 2 í Garðabæ í dag á milli 17 og 19 og skoðu frábærar íbúðir til leigu.

MEIRA
leiguhúsnæði

- þitt heimili til framtíðar

Kynntu þér nýjan kost á húsnæðismarkaði inn á meira.is

REGENOVEX

Nú kynslóð af liðvernd

NÝTT



Regenovex hentar öllum sem leita að bættari heilsu í liðum en kjósa náttúlegar lausnir fram yfir lyf m.a. vegna mögulegra aukaverkana þeirra.

Einstök samsetning Regenovex

Hýalúrónsýra

Viðheldur heilbrigðum liðum og liðleika

Hýalúrónsýra er lykilefni í brjóski og í liðvökvannum í liðamótum. Hýalúrónsýra er talin auka virkni liðvökvans sem virkar smyrjandi og höggdeyfandi á liðina. Með aldrinum gengur á þessar birgðir og með því að taka inn Regenovex endurhlöðum við þessar birgðir líkamans.

Bionovex olía

Hefur bólgueyðandi eiginleika

Þegar magn og gæði liðvökvans sem umlykur liðina er ekki nægjanlegt geta beinin í liðnum farið að nuddast saman, mynda bólur og valda sársauka. Bionovex olían er unnin úr grænkræklingi og er því náttúruleg. Bionovex olían inniheldur einstaka omega 3 olíu sem finnst aðeins í þessari tegund grænkræklinga og hefur sýnt bólgueyðandi eiginleika.

Almennt um liðverki

Vandamál í liðum skapast með áreynslu á liðina sem með tímanum geta skemmt liði og/eða brjósk og valdið óþægindum og sársauka.

Hýalúrónsýra er meginefni í liðvökvannum sem umlykur beinin og brjóskið og höggverndar beinin í liðnum.

Hýalúrónsýran virkar sem smurning og höggdeyfir á liðina og bætir liðleikan.

Þegar við eldumst framleiðir líkaminn minna magn af Hýalúrónsýru sem leiðir til þess að magn liðvökvans fer minnkandi og er í kjölfarið ekki eins áhrifaríkur í að hlífa liðum við minniháttar höggum og áreynslu sem leiðir til þess að flásast getur úr beinum.



Því hreyfing á að veita unað ekki sársauka

Fæst í apótekum

Kynntu þér málið á regenovex.is og fáðu sent **fritt** sýnishorn

Síminn sinnir Alvogen: Kjarnakerfið í vélasal Símans

TÆKNI Síminn tekur að sér að hýsa og reka upplýsinga- og tölvukerfi alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Alvogen, samkvæmt nýju samkomulagi fyrirtækjanna. Alvogen er með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum en starfsemi í sjö löndum, Íslandi þar á meðal.

„Kjarnakerfi Alvogen verða staðsett í vélasölum Símans þar sem sérfræðingar sjá um rekstur og viðhald. Kerfið er hannað þannig að auðvelt er að sníða það eftir fjölda notenda og því stýrt frá Íslandi,“ segir í tilkynningu. - óká

Rúman milljarð kostar á mánuði að reka skilanevnd og slitastjórn Landsbankans:

Um helmingur í sérfræðikostnað

VIÐSKIPTI Heildarkostnaður við rekstur slitastjórnar og skilanevndar Landsbanka Íslands nam 3.263 milljónum króna á fyrsta fjórðungi þessa árs, eða rúmum milljarði á mánuði. Þar af var kostnaðurinn hér á landi 1.702 milljónir króna.

Tæpur helmingur kostnaðarinnar er vegna kaupna á þjónustu lögfræðinga og annarra sérfræðinga, alls 1.561 milljón króna, þar af eru 283 milljónir til innlendra sérfræðinga. Kostnaður við rekstur nefndanna sjálfra var 87 milljónir króna.

Skilanevnd og slitastjórn hafa

það verkefni að gera sem mest verðmæti fyrir kröfuhafa úr eignum Landsbanka Íslands. Þær hafa 130 starfsmenn á sínum vegum í Reykjavík, London, Amsterdam og Kanada.

Laun og launategd gjöld vegna þessara starfsmanna voru samtals 941 milljón króna fyrstu þrjú mánuði ársins eða um 7,2 milljónir króna að meðaltali.

Laun 56 starfsmanna í Reykjavík námu samtals 150 milljónum eða um 2,8 milljónum króna að meðaltali fyrstu þrjú mánuði ársins. - pg



KOSTNAÐUR Það kostar um það bil milljarð króna á mánuði að reka skilanevnd og slitastjórn gamla Landsbankans. Kostnaðurinn kemur til frádráttar því sem kröfuhafar fá í sinn hlut af eignum bankans.



ELDGOS Í EYJAFJALLAJÖKLI Hafið er kynningarátak sem ætlað er að efla ferðamennsku hér á landi.

Nýtt kynningarátak hafið: Landsmenn sendi kveðjur til vina erlendis

FERÐAMÁL Landsmenn eru hvattir til að senda fjölskyldu, vinum og kunningjum erlendis kveðju og heimboð til Íslands af síðunni www.inspiredbyiceland.com, á milli klukkan 13 og 14 á morgun.

Kveðjan er í formi myndbands og geta þeir sem ekki geta tekið þátt á þessum tiltekna tíma sent kveðjuna á öðrum tíma dagsins eða hvenær sem er næstu vikurnar, að því er segir í fréttatilkynningu frá iðnaðarráðuneytinu.

Kveðjusendingin er hluti af kynningarátakinu Þjóðin býður heim, sem var formlega sett af stað við Iðnó í gær. - mpi

Ókeypis leikjanámskeið: Eldri borgarar leiðbeinendur

FÓLK Eldri borgarar munu í sumar vera leiðbeinendur á leikjanámskeiðum fyrir 7 til 12 ára börn á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi.

Rauði kross Íslands og Öldrunarráð Íslands standa fyrir námskeiðunum, sem verða ókeypis. Námskeiðið ber heitið „Gleðidagar – hvað ungur nemur, gamall temur“. Meðal annars verður boðið upp á hnútabindingar, sögur frá gamla tímanum, fuglaskoðun, ljósmyndun og bingó. Leiðbeinendunum verður frjálst að miðla því sem þeir vilja til ungu kynslóðarinnar.

Hægt er að kynna sér námskeiðin á heimasíðu Rauða krossins. - þeb

PAKISTAN

Foringi Al Kaída drepinn

Einn af helstu foringjum hryðjuverkamtakanna Al Kaída, Mustafa Abu al-Yazid hefur verið drepinn í Pakistan. Al-Yazid er talinn hafa verið þriðji valdamesti foringi Al Kaída og í hópi þeirra sem skipulögðu hryðjuverkaárásina 11. september 2001.

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri



VERTU VELKOMIN/N Í NÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

GRUNNNÁM - FRAMHALDSNÁM - FJARNÁM

- | | |
|---|--------------------------------------|
| <i>Auðlindafræði</i> | <i>Lögfræði</i> |
| <i>Fjölmíðlafræði</i> | <i>Menntunarfræði</i> |
| <i>Heilbrigðisvísindi</i> | <i>Nútímafræði</i> |
| <i>Heimskautaréttur</i> | <i>Samfélags- og hagpróunarfræði</i> |
| <i>Hjúkrunarfræði **</i> | <i>Sálfræði</i> |
| <i>Iðjupjálfunarfræði *</i> | <i>Sjávarútvegsfræði *</i> |
| <i>Kennarafræði *</i> | <i>Umhverfis- og orkufræði *</i> |
| <i>- (leik- og grunnskólastig)</i> | <i>Viðskiptafræði *</i> |
| <i>Kennslufræði til kennsluréttinda</i> | <i>Þjóðfélagsfræði</i> |
| <i>Líftækni *</i> | |

* Einnig í boði í fjarnámi ** Í boði í fjarnámi frá Akranesi

Engin skólagjöld, skrásetningargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.

www.unak.is

Umsóknarfrestur er til 5. júní.



STELPUHNÁTAN OG HERMAÐURINN
Hún reigir höfuðið hátt, þessi litla stelpa á Indlandi, þegar hún lítur upp á landamæravörð á landamærum Pakistans skammt frá Amrítsar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lýðræðishreyfingin tapar útvarpstíðninni 100,5 samkvæmt ákvörðun PFS:

Kaninn þarf að færa sendi sinn

FJARSKIPTI Lýðræðishreyfingin hefur ekki afnotarétt af útvarpstíðninni FM 100,5 samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunarinnar (PFS).

Í ákvörðun stofnunarinnar er meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að réttur Lýðræðishreyfingarinnar til afnota af tíðninni hafi fallið niður um miðjan janúar og stofnuninni hafi því verið heimilt að endurúthluta henni til Concert-KEF, sem rekur útvarpstöðina Kanann á Keflavíkurflugvelli.

Lýðræðishreyfingin, sem útvarp-



EINAR BÁRÐARSON

aði Lýðvarpinu á tíðninni, óskaði eftir því við PFS 19. apríl að hún fengi tíðninni úthlutað á ný. Heimild Kanans til að útvarpa á tíðninni úr núverandi aðstöðu í lyftuhúsi í Bláfjöllum rennur hins vegar út 1. ágúst næstkomandi. Það er sama aðstaða og Lýðvarpið nýtti sér fyrir sendi áður. PFS segir ekki

verða leyft að útvarpa þar vegna rafsegulmengunar sem óheppileg sé þar sem margir fari þarna um.

Áður var gerð tilraun til að útvarpa úr húsi Mílu á svæðinu, en kom í ljós að útsending þaðan truflaði fjarskipti Flugstöða.

Einar Bárðarson, útvarpstjóri Kanans, segir unnið að því að finna varanlegan stað fyrir útvarpsmastur Kanans á svæðinu og gerir ráð fyrir því að útvarpstöðin haldi tíðninni 100,5. „Allur hringlandi með útsendingartíðnina er mjög slæmur,“ segir hann.

- óká

Aukin réttindi við glasafjrjógungun:

Megi nota gjafasæði og gjafaegg

ALÞINGI Alþingi hefur til meðferðar frumvarp heilbrigðisráðherra sem miðar að því að einhleypar konur, sem búa við skerta frjósemi, geti notað bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafjrjógungun. Sama mun gilda um öll þör þar sem frjósemi beggja er skert.

Önnur umræða um frumvarpið fór fram í gær og stefnt er að því að það verði að lögum í þessum mánuði. Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að nota gjafaeggfrumu við glasafjrjógungun einhleypar konu, heldur aðeins gjafasæði.

- pg



VEISLUKOSTUR Matarsmiðjan mun þróa vörur og mennta fagmenn.

Matarsmiðja á Flúðum:

Miðstöðin nýtt til vörubrúðkaupar

NÝSKÖPUN Samkomulag um stofnun og starfsemi Matarsmiðjunnar á Flúðum hefur verið undirritað. Atvinnubrúðkaup- og Háskólafélag Suðurlands, Háskóli Íslands, Mátis og sveitarfélögin á svæðinu koma að verkefninu.

Á Flúðum verður vörubrúðkaup og fullvinnsla á grænmeti og fag- og háskólamenntun á svæðinu eflað með kennslu og rannsóknunum. Ætlunin er að bjóða frumkvöðlum og smáframleiðendum upp á sérfræðiaðstoð til að þróa vörur án mikils tilkostnaðar á meðan verið er að koma vörum á markað. - shá

NEYTENDUR

Súkkulaði Póló innkallað

Kexverksmiðjan Frón hefur ákveðið, í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, að innkalla í varúðarskyni kexið Súkkulaði Póló vegna rangrar innihaldslýsingar. Vegna mistaka kemur ekki fram að í vörinni er undanrennuft.

Kirkjubrúðkaupum fækkar

Um átján prósentum færri giftu sig í kirkju í fyrra en árið áður. Borgaralegrar athafnir standa í stað. Fólk horfir meira í kostnaðinn og er farið að átta sig á að brúðkaup þarf ekki að vera dýrt segir sóknarprestur.

TRÚMÁL Um 1.480 þör gengu í hjónaband á Íslandi í fyrra, sem er umtalsverð fækkun frá fyrri árum. Fjöldi borgaralegra athafna stóð í stað en mun færri kusu að gifta sig í kirkjum landsins.

Eftir mikla uppsveiflu í fjölda giftinga á Íslandi frá árinu 2004 fækkaði þeim verulega á síðasta ári sem gengu í hjónaband. Samdrátturinn var í heildina um þrettán prósent, fór úr ríflega 1.700 giftingum árið 2008 í 1.480 í fyrra.

Alls giftu sig 1.128 þör í kirkjum landsins, tæplega átján prósent færri en árið áður. Frá árinu 2004 til 2008 voru giftingar í kirkjum að meðaltali um 1.400 á ári.

Fjöldi þeirra sem gifti sig í borgaralegum athöfnum hefur ekki dregist saman. Alls giftust 352 þör í slíkum athöfnum í fyrra, sem er svipað hlutfall og síðustu þrjú ár þar á undan.

„Ég finn að fólk horfir miklu meira í kostnaðinn en áður, og spyr meira en það gerði fyrir nokkrum árum,“ segir Pálmi Matthíasson, sóknarprestur í Bústaðakirkju.

Pálmi segist vona að það sé ekki óttinn við mikinn kostnað sem haldi fólk frá því að gifta sig í kirkju. Kostnaðurinn við slík brúðkaup liggja yfirleitt í umgertinu, ekki athöfninni sjálfri. Oft hafi tónlistarmenn verið að rukka

Þriðjungur skilur

Ríflega þriðja hvert hjónaband endar með skilnaði, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands fyrir árið 2009. Um 550 hjón skildu á síðasta ári, sem jafngildir 1,7 skilnaði á hverja 1.000 íbúa.

Skilnaðartíðnin hefur verið lítið breytt undanfarin ár, en hefur þó heldur þokast niður á við síðastliðinn áratug. Í fyrra var uppsafnað skilnaðarhlutfall 36 prósent, sem þýðir að 36 prósent hjónabanda enduðu með skilnaði.

Hlutfallið var 40 prósent árið 2000, og hefur því hægt og bitandi sigið niður undanfarin tíu ár. Lægst var skilnaðartíðnin árið 2006, um 35 prósent.

háar upphæðir fyrir söng, auk þess sem stórar matarveislur séu dýrar.

Nú virðist sem fólk sé farið að átta sig á að gifting í kirkju þurfi ekki að kosta mikið, segir Pálmi. Prestar geti gift fólk í einfaldri athöfn með brúðhjónunum og vottum alveg eins og sýslumenn. Þá virðist fólk vera nægjusamara en áður og undirbýr veislurnar sjálfst með aðstoð vina og ættingja frekar en að kaupa veitingar.


brjann@frettabladid.is



GIFTINGAR Eitthvað var um að fólk hætti við að gifta sig í fyrra af fjárhagsástæðum, en sumir þeirra sem þá frestuðu giftingu hafa ákveðið að gifta sig í ár segir Pálmi Matthíasson sóknarprestur.

NORDICPHOTOS/AFR

Fjöldi giftinga 2000 til 2009



Heimild: Hagstofa Íslands

Orku- og umhverfistæknifræði

Viltu hafa áhrif á framtíðina?
Atvinnulífið bíður eftir þér.
Umsóknarfrestur rennur út á mánudaginn.

ORKU- OG UMHVERFISTÆKNIFRÆÐI

Orku- og umhverfistæknifræði er hagnýtt og þverfaglegt háskólanám þar sem blandað er saman orkutengdri efna-, véltækni-, jarð- og umhverfisfræði. Áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa, vistvænt eldsneyti og verklega þjálfun. Orku- og umhverfistæknifræði er spennandi leið inn í framtíðina.

Námið er lánshæft hjá LÍN.
Nánari upplýsingar á keilir.net

Umsóknarfrestur
er til 7. júní 2010.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársfundur

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn **24. júní** nk. kl. 17:15 í höfuðstöðvum **Arion banka**, Borgartúni 19.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kjör endurskoðanda
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á frjalsilif.is og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum Arion banka tveimur vikum fyrir ársfund.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Meginniðurstöður *ársreiknings* (í millj. króna)

Efnahagsreikningur 31.12. 2009

| | |
|---|----------------|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 32.843 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 39.210 |
| Veðlán | 1.001 |
| Verðtryggður innlánsreikningur | 1.915 |
| Húseignir og lóðir | 15 |
| Fjárfestingar alls | 74.983 |
| Kröfur | 461 |
| Aðrar eignir | 2.825 |
| Eignir samtals | 78.268 |
| Skuldir | (1.402) |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 76.867 |

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2009

| | |
|---|---------------|
| Iðgjöld | 4.299 |
| Lífeyrir | (4.346) |
| Fjárfestingartekjur | 9.134 |
| Fjárfestingargjöld | (171) |
| Rekstrarkostnaður | (101) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 8.815 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 68.052 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 76.867 |

Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2009

| | |
|--|--------|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -4.658 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | -21,7% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -3.993 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -8,0% |


Kennitölur

| | |
|---------------------------------------|--------|
| Eign í ísl.kr. | 71,4% |
| Eign í erl.mynt | 28,6% |
| ¹ Fjöldi virkra sjóðfélaga | 9.501 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 38.448 |
| ² Fjöldi lífeyrisþega | 3.689 |


¹ Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.

² Meðaltal lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.

Nafnávöxtun 2009



5 ára meðalnafnávöxtun



*Stofnaður 1. janúar 2008

** Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun árunna 2005-2009 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára.

Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á frjalsilif.is

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opin öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Hafðu samband við Lífeyrisþjónustu Arion banka Borgartúni 19, í síma 444 7000, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibúi.

Þvoðu áhyggjulaus

Hvít og lítað aldrei saman í þvottavélina?

Það er nú líðin tíð!

Lita- og óhreinindagildran dregur í sig umframlit og óhreinindi þvottarins. Þú þarft ekki að hafa áhyggjur lengur af því að blanda saman litum.



Allir litir saman í vélina.
Prófaðu bara

Original
Dr. Beckmann

Fækkum þvottum, spörum raforku og vatnið sem er okkur svo kært.



GIGTARFÉLAG
ÍSLANDS

Aðalfundur Gigtarfélagsins

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður haldinn miðvikudaginn 2. júní, kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Stefán Már Gunnlaugsson sóknarprestur halda erindi er hann nefnir; Að taka þátt og njóta lífsins með gigt.

Allir eru velkomnir.

Gigtarfélag Íslands



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



MÁR VILHJÁLMSOON Rektor Menntaskólans við Sund er vonsvikinn yfir að ekki tókst að innleiða nýtt kerfi sem hann telur betra fyrir nemendur, kennara og skólann sjálfan.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rektor sleginn yfir rothöggi á lotukerfi

Ekki verður af upptöku nýs lotukerfis í stað bekkjarkerfisins eins og ætlunin var í Menntaskólanum við Sund. Ekki samdist við kennara, segir rektor og talar um kjaftshögg. Breyttar forsendur eru kynntar fyrir umsækjendum um skólavist.

SKÓLAR „Þetta er heilmikið kjaftshögg,“ segir Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, þar sem hætta verður við áður auglýsta breytingu á kennslu fyrir nýnema í skólanum.

Í vetur var kynnt fyrir nemendum í tíunda bekk grunnskóla og forráðamönnum þeirra breyting á skólanámskrá MS og innleiðing á svokölluðu lotubundnu bekkjarkerfi. Már segir núverandi bekkjarkerfi að mörgu leyti gallað þótt það sé gott fyrir þá sem ráði við fullt nám. Ef eitthvað komi upp á sé heilt námsár undir. Það sé mikið áfall að þurfa að sitja heilt ár upp á nýtt.

Már segir ætlunina hafa verið þá að skipta skólaárinu í fjögur tímabil sem hvert skiptist í átta vikna lotur. „Þá eru nemendur aðeins í tveimur til þremur námsgreinum í einu. Þeir klára námið í áfanganum á átta vikum í stað þess að þurfa að einbeita sér að kannski átta til tíu námsgreinum í einu,“ útskýrir Már.

Að sögn rektors tekst ekki að koma nýja kerfinu í gang í haust vegna þess að ekki náðust samningar við Kennarasamband Íslands.



AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR

Með þessari niðurstöðu verði MS af heilmiklu aukafjármagni sem lofað hafi verið og hún geri skólann verr í stakk búinn til að takast á við kreppuna.

„Þetta er miklu hagkvæmara kerfi og í raun fyrir kennara líka því í staðinn fyrir að vera með eitt hundrað og fimmtíu til tvö hundrað nemendur undir í einu þá eru þeir bara með sextíu,“ segir Már.

Um sex hundrað krakkar sóttu um tvö hundrað skólapláss í MS í forvali. Óvíst er hversu margir vilja nú breyta þessu vali. „Við vitum ekki hversu margir sóttu um vegna kerfisbreytingarinnar sem við erum búin að vera kynna í allan

vetur,“ segir Már sem kveður vonbrigðin vera mikil. „Núna erum við að endurskipuleggja skólann til að takast á við næsta ár á hefðbundinn hátt í stað þess að vera að fara út í spennandi breytingar.“

Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að þegar á reyndi hafi ekki reynst meirihluti í kennarahópi MS fyrir því að gerðar yrðu þær grundvallarbreytingar á innra starfi skólans sem til hafi þurft. Félagið hafi ekki getað lokið samningagerðinni í andstöðu við vilja þessa hóps auk þess sem ekki hafi þótt heppilegt að ganga frá slíkum samningum í kreppu og niðurskurði.

„Það var ekki fyrirkomulagið sem slíkt sem var deiluefni heldur fannst hópnum að það væri ekki búið að undirbúa málið nógu vel. Þar af leiðandi var kennarahópurinn þegar upp var staðið ekki tilbúinn til þess að gefa grænt ljós á að samningarnir yrðu kláraðir,“ segir Aðalheiður.

gar@frettabladid.is

100.000.000
+480.000.000

580.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
580 MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 480 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is



VÍKINGA
LOTTO

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 2. JÚNÍ 2010

| | | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|----|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |



Öskufjúk mun verða vandamál allt árið

Svifryksmengun hefur farið yfir heilsuverndarmörk í Reykjavík vegna öskufjúks frá Eyjafjallajökli. Jarðeðlisfræðingur telur líklegt að vandamál vegna fjúks verði viðvarandi næstu ár. Veður ræður þó miklu þar um.

HEILBRIGÐISMÁL Vandamál vegna öskufjúks eru líkleg til að verða viðvarandi allt þetta ár og jafnvel árum saman. Svifryksmengun vegna öskufjúks var yfir heilsuverndarmörkum á höfuðborgarsvæðinu á mánudag. Öskufjúk hefur gert fólki lífið leitt víða á Suðurlandi undanfarna daga. Lítið hefur rignt og því hafa gosefnin fokið auðveldlega í stífum vindi. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu fengu einnig sinn skammt eins og sást vel á skítugum bílum í gærmorgun og mistri sem lá yfir borginni. Víða var þeirri spurningu velt upp hversu lengi öskufjúk muni valda fólki óþægindum.

Björn Oddsson, jarðeðlisfræðingur á Jarðvísindastofnun, segir ljóst að öskufjúk muni verða viðvarandi vandamál í sumar. „Hins vegar ræðst það af veðri næstu misserin hversu lengi við getum átt von á öskufjúki í verulegum mæli. Ef sumarið verður þurr og vindasamt og snjór fellur síðan á öskuna verður hún til staðar á næsta ári. Verði blautt aukast líkurnar á því að þetta fína efni hverfi. Menn þurfa hins vegar að búa sig undir þann möguleika að þetta verði viðvarandi næstu árin og því meiri líkur á vandamálum sem nær dregur eldstöðinni.“

Anna Birna Jensdóttir, framkvæmda- og hjúkrunarstjóri hjúkrunarheimilisins Sóltúns, segir að eftir að það byrjaði að gjósa í Eyjafjallajökli hafi einkavarnanefnd Sóltúns fundað, en slíkar nefndir starfa samkvæmt tilmælum frá Almannavörnum. Þá voru viðbrögð við öskufjúki undirbúin. „Við erum með mjög viðkvæmt fólk hérna hjá okkur og þess vegna fór áætlunin í gang á mánudag.“ Anna Birna segir að slökkt hafi verið á loftræstikerfi Sóltúns og hurðum og gluggum hafi verið haldið lokuðum í gær. Hún segir mestu hættuna felast í því hversu fínt rykið er og því ósýnilegt. Þess vegna sé allur vari hafður á.

Frá Umhverfis- og samgöngu- og sviði Reykjavíkurborgar fengust þær upplýsingar að svifryksmengunin hafi farið yfir heilsuverndarmörk í Reykjavík á mánudag. Loftgæði hafi hins vegar verið ágæt í gær, þó að skítugir bílar hafi bent til annars. Þar var öskufjúki næturinnar um að kenna. Svifryk í Reykjavík mældist 400 míkrogrömm á rúmmetra sem er með því mesta sem mælist. Svifryksmengun í Reykjavík hefur mælst yfir heilsuverndarmörkum í þriggja vikna tímabil frá því í apríl vegna öskufjúks frá Eyjafjallajökli. svavar@frettabladid.is



REYKJAVÍK Í GÆR Fint öskulag var greinilegt í gærmorgun eftir öskufjúk um nóttina. Í Reykjavík má búast við lítilsháttar óþægindum í sumar en viðvarandi vanda næst eldstöðinni lengi enn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einstök tíð hjá veiðimönnum fyrir vestan:

Langstærsti hlýri sem veiðst hefur á sjóstöng

STANGVEIÐI Þýski sjóstangveiðimaðurinn Frank Petzold veiddi um helgina 130 sentimetra hlýra sem vó 20 kíló. Þetta mun vera stærsti hlýri sem veiðst hefur á sjóstöng við strendur Íslands. Frank hefur ásamt hópi þýskra sjóstangveiðimanna verið við veiðar við Flateyri og Suðureyri undanfarnar vikur.



LAUN ERFJÓDISINS Þýskur stangveiðimaður nýbúinn að landa risahlýra

„Maímánuður hefur verið með eindæmum góður fyrir þýsku sjómennina en þeir hafa ráðað inn stórlúðunum síðastliðnar vikur,“ sagði Róbert Schmidt, leiðsögumaður hjá Hvíldarkletti, sem gerir út sjóstangveiðibáta á svæðinu. Hann bætti við að auk hlýrans hefðu bæði 108 og 110 kílóa stórlúður komið á land á síðustu dögum.

Kunnugir hafa hingað til talið það nær ógerlegt að veida hlýra á sjóstöng en auk þess stóra hafa

19,2 og 15 kílóa hlýrar komið á land undanfarið.

Búist er við um þúsund ferðamönnum til Flateyrar og Suðureyrar í sumar sem koma þangað gagnert til þess að stunda sjóstangveiði. - mþl



Chevrolet Spark
L kr. 1.990.000
LS kr. 2.290.000

Við erum í skýjunum!

Nokkur þúsund manns þáðu boð um að gera sér glaðan dag með okkur í tilefni 35 ára afmælis Bílabúðar Benna, í blíðskaparveðri síðastliðinn laugardag.

Við erum alveg í skýjunum með þátttökuna.

Þökkum kærlega fyrir samveruna og vonum að allir hafi notið dagsins jafn vel og við.

Með sumarkveðju,
starfsfólk Bílabúðar Benna

Viltu reynsluaka Spark í sex mánuði?
Þú getur unnið sex mánaða afnot af Chevrolet Spark með því að taka þátt í Chevrolet bílaleiknum okkar. Þú kemst í pottinn með því að mæta í Chevrolet salinn á Tangarhöfða og reynsluaka Chevrolet gæðabíl. Sá heppni verður dreginn út 18. júní á Bylgjunni.

Bílabúð
Benna
35 ára

Alþjóðasamfélagið verður að stöðva hernað Ísraelsmanna á hendur Palestínunömmum.

Samþykki með aðgerðaleysi

Enn hafa Ísraelsmenn gengið fram af heimsbyggðinni með árás Ísraels hers á skipalest sem var á leið með hjálpargögn til Gasasvæðisins, árás sem kostaði að minnsta kosti tíu manns lífið.

Þeir eru orðnir fáir eftir sem treysta sér til að verja hernað Ísraelsríkis á hendur Palestínunömmum. Þó er það svo að stjórnvöld í Ísrael treysta sér enn til að halda þeim áfram og ástæðan er augljós. Alþjóðasamfélagið samþykkir með aðgerðaleysi sínu þessar aðgerðir og meðan það grípur ekki til harðra aðgerða sem sýna Ísraelsmönnum fram á að það líður ekki framgang þeirra við Palestínunömmum þá mun hernaði Ísraelsmanna ekki linna.

Þingmenn allra flokka fordæmdu á Alþingi í gær árásina en fulltrúar Sjálfstæðisflokks í utanríkismálanefnd stóðu ekki að samþykkt meirihluta nefndarinnar þar sem utanríkisráðherra er falið að meta, í samvinnu við aðrar þjóðir, hvaða úrræðum unnt sé að beita til að knýja á um breytingar, svo sem með alþjóðlegri samstöðu um viðskiptaþvinganir eða slitum á stjórnmálasambandi ef önnur úrræði leiða ekki til árangurs.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist palestínski rithöfundurinn Susan Abulhawa kenna alþjóðasamfélaginu um stöðuna. „Það hefur leyft Ísraelsmönnum að fara sínu fram án þess að það hafi minnstu afleiðingar,“ sagði Abulhawa en bók hennar Morgnar í Jenín er nýkomin út í íslenskri þýðingu. Abulhawa óttast að hún sama verði upp á teningnum nú; þjóðir munu fordæma árásina, fara fram á rannsókn á tildrögum hennar en svo ekki aðhafast frekar. Og það er einmitt þarna sem hnífurinn stendur í kúnni.

Palestínska þjóðin hefur verið hrakin áratugum saman. Það sést best þegar skoðuð eru kort sem sýna útþenslu yfirráðasvæðis Ísraelsmanna síðustu áratugi. Hernaði er beitt og öllum er kunnugt við hlutskipti þeirra Palestínunömmum sem búa við fátækt og einangrun á Gasasvæðinu. Árás á leiðangur sem sendur er til hjálpar þessu fólki er með slíkum ólíkindum að orð fá því varla lýst.

Það liggur fyrir að tími orða er liðinn. Nú verður að fylgja fordæmingum eftir í verki. Meðan alþjóðasamfélagið grípur ekki til harðra aðgerða svo sem viðskiptaþvingana eða slíta á stjórnmálasambandi mun aðgerðum Ísraels hers ekki linna, þvert á móti munu þeir stöðugt ganga lengra.

Almennir borgarar geta sýnt hug sinn í verki með því að hafna vörum sem framléiddar eru í Ísrael. Það er sjálfsagt að sýna þann hug. Það er þó fyrst og fremst táknræn aðgerð. Það sem vegur er alþjóðleg samstaða um að líða ekki framgöngu Ísraels gagnvart Palestínu, eða hversu lengi ætlar alþjóðasamfélagið að fordæma og líta svo strax undan?

Þjóðir heims verða nú að taka höndum saman og sýna Ísraelsríki fram á að þær líði ekki hernað þess gegn Palestínunömmum. Það er vonum seinna og verður því að gerast án tafar.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

Gjörningaflokkurinn

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar, gerði góða tilraun til að hrekja gagnrýni Guðmundar Steingrímssonar um að flokkurinn virkaði of herskár og einstrengislegur með því að... öh, bregðast öskuillur við. Í fréttum RÚV á mánudag sagði hann að annað hvort væri um gjörning að ræða af hálfu Guðmundar eða ótrúlega ósvífni. Í Tíufréttum var svo lesin yfirlýsing frá formanninum þar sem hann tiundaði það sama og hann sagði fyrr um kvöldið. Í heitu pottinum áttu menn erfitt með að átta sig á þeirri uppákomu. Spurði þá einn hvort það væri einmitt ekki einkenni á góðum gjörningi?

Hvaða stöðu?

Enn um Framsókn. Gunnar Bragi Sveinsson hefur hvatt Einar Skúlason, oddvita listans í Reykjavík, til að „ihuga stöðu sína“ eftir afhroð helgarinnar. Þetta hlýtur að vera ein máttlausasta krafa sem sett hefur verið fram lengi. Hvað vill Gunnar Bragi að Einar geri? Segi af sér sem borgarfulltrúi?



Frjáls Palestína

Mótmaendur söfnuðust saman utan utanríkisráðuneytið í fyrradag vegna árása Ísraelsmanna á skipalest sem flutti neyðargögn á Gasa-ströndina. Margir hrópuðu slagorð á borð við „Frjáls Palestína“ og „Frjáls Gasa“. Meðal þeirra sem hrópuðu svo var Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann hefur ákveðið forskot á aðra mótmaendur. Í krafti stöðu sinnar getur hann nefnilega beitt sér fyrir því að Palestína verði frjálst ríki. Eða ætlar utanríkisráðherra að láta sér nægja að steyta hnefa á útifundum?



bergsteinn@frettabladid.is

Völdum fylgir ábyrgð – opið bréf

Borgarmál



Árni Svanur Daníelsson prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir prestur

Elsku Besti flokkur! Innilega til hamingju með stórglæsilegan árangur í borgarstjórnarkosningunum um helgina. Eins og alþjóð veit, þá komst þú, sást og sigraðir. Hinum flokkunum gekk ekki jafn vel.

Kannski máttum við kjósendur það sem svo að hinir flokkarnir hafi ekki staðið við loforðin sín. Hafi ekki notað völdin vel. Hafi frekar notað þau í eigin þágu en annarra. Hafi ekki hlustað.

Dú lofaðir ýmsu. Vonandi gengur vel að efna það. Við hlökkum sérstaklega til að þurfa ekki að taka handklæði með í sund. Við eigum svo mörg börn að okkur munar um að þurfa ekki að druslast með fullt skott af blautum handklæðum.

Nú er þetta í þínum höndum. Og völdum fylgir ábyrgð. Fyrsta bíómyndin um Köngulóarmanninn minnir okkur á það. Þar sjáum við þegar Peter Parker lætur ógert að stíga inn í aðstæður og stoppa skúr sem vinnur óvinum hans tjón. Afleiðingarnar eru hræðilegar. Á þetta er líka minnt í sjónvarpsþáttunum The Wire, eins og þú þekkir auvitað mæta vel. Þar erum við líka minnt á hvað þarf að vera í lagi til að samfélag sé gott.

Ofurhetja með ábyrgðartilfinningu er kannski það sem Reykvikingar óskuðu sér í þessum kosningum. Mikill vandi blasir við einstaklingum og samfélaginu öllu. Inn í þessar aðstæður þarf að stíga, slá vörð um velferð og stýðja við fólk á öllum aldri. Til þess varst þú valinn.



Pú lofaðir ýmsu. Vonandi gengur vel að efna það.

Við hlökkum sérstaklega til að þurfa ekki að taka handklæði með í sund.

Nú riður á að nota okkar sameiginlegu sjóði sem best. Af því að þeir eru ekki ótakmarkaðir, þarf að ákveða hvað verður gert og hvað er látið ógert. Kannski eru ókeypis handklæði ekki það sem mest liggur á. Við treystum þér til að velja rétt.

Gangi þér allt í haginn!

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



www.gitarskoli.is
Gítarnámskeið „Crash course“
Fyrir byrjendur og lengra komna
Hefst 7. Júní
Verð: 33.000 kr.
8 einkatímar
4 vikur 2 tímar í viku
Skráning í síma: 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is

Hvaða skatta á að hækka?

Skattamál

Jón Steinsson

lektor í hagfræði við Columbia háskóla í New York



Nýlegar tölur frá Alþjóðagjald-eyrissjóðnum (AGS) benda til þess að fjárlagahalli ársins í ár verði um 150 ma.kr eða 9,4% af VLF. Slíkt stenst augljóslega ekki til lengdar. Sameiginleg áætlun stjórnvalda og AGS gerir ráð fyrir því að fjárlagahallinn minnki um rúma 70 ma.kr eða um 4,5% af VLF milli árunna 2010 og 2011. Stefna stjórnvalda gerir ráð fyrir því að þetta aukna aðhald skiptist nokkuð jafnt á milli hærri skatta og lægri útgjalda. Af ummælum stjórnarherra virðist þó ætlunin að halda aftur af skattahækkunum og skera þess í stað meira niður.

Það segir sig sjálf að það verður sífellt erfiðara að lækka útgjöld og hækka skatta þeim mun lengra sem gengið er. Skattar á Íslandi eru nú þegar háir í samanburði við flest önnur lönd. Þeim mun hærri sem skattar verða þeim mun meira óhagræði hlýst af því að hækka þá frekar. Það er því alveg sérstaklega mikilvægt við núverandi aðstæður að stjórnvöld kjósi að afla tekna fyrir ríkissjóð þannig að sem minnst óhagræði hljóti af.

Auðlindagjald hagkvæmst

Lang hagkvæmasta leiðin fyrir stjórnvöld til þess að auka tekjur ríkissjóðs í dag er innheimta auðlindagjalda. Sala á afnotarétti af þjóðareignum svo sem aflaheimildum aflar tekna fyrir ríkissjóð án þess að valda þeirri óhagkvæmni sem skattlagning vinnu, neyslu

eða sparnaðar veldur. Umhverfisskattar eru enn betri. Þeir draga úr mengun og auka tekjur sem er hvort tveggja af hinu góða. Við Íslendingar búum yfir meiri náttúruauðlindum miðað við höfðatölu en flestar aðrar þjóðir. Mikill uppangur í Asíu gerir það að verkum að þessar náttúruauðlindir verða sífellt verðmætari. Þjóðin á heimtingu á eðlilegu leiguverði af þessum auðlindum þegar þær eru nýttar.

virðisaukaskattur er óhagkvæm leið til þess að lækka skattbyrði þeirra sem verst standa fjárhagslega. Ein mikilvægasta niðurstaða skattahagfræði – sem var fyrst sett fram af Anthony Atkinson og Joseph Stiglitz árið 1976 – segir að hagkvæmasta leiðin til þess að létta sköttum af þeim sem minnst hafa milli handanna sé að hafa fjölþrepa tekjuskatt en flatan virðisaukaskatt. (Alan Auerbach (Berkeley) fjallar um þessar niðurstöður á

titute of Financial Studies, London, England, www.ifs.org.uk/mirrlees-Review/publications.)

Við höfum ekki efni á því að halda í úreltar heilagar kýr eins og þá hugmynd að ekki megi skattleggja mat á sama hátt og aðrar vörur. Stjórnvöld eiga að hækka virðisaukaskatt á matvæli upp í 25,5% (eða að minnsta kosti 14%) og nota hluta af þeim tekjuauka sem af hlýst til þess að lækka lægsta skattþrep tekjuskattkerfisins og hækka persónuafsláttinn. Slíkt aðgerð mun bæta hag þeirra sem minnst hafa milli handanna og auka tekjur ríkisins.

Afnemum óhagkvæma skatta

Stjórnvöld ættu raunar að ganga lengra í því að draga úr óhagkvæmri skattlagningu. Þau ættu til dæmis tvímælalaust að afnema stimpilgjöld. Þá ættu þau að breyta skattlagningu á fjármagnstekjur þannig að hún taki tillit til breytinga á verðlagi. Í dag borga menn skatta af nafnávöxtun fjáreigna. Þetta þýðir að þeir geta þurft að borga verulegan fjármagnstekjuskatt þótt raunávöxtun þeirra sé neikvæð. Í landi þar sem verðbólga er bæði há og óstöðug er fjármagnstekjuskattur á nafnávöxtun hrikalegur skattur sem er oft í engu samræmi við þann ábata sem menn hafa af fjárfestingum sínum.

Skattar munu án efa þurfa að hækka á næstu árum. En stjórnvöld hafa val um hvaða skatta þau hækka og hvaða skatta þau lækka. Óhagræðið sem hlýst af aukinni skattlagningu mun ráðast af því hvað þau velja. Í dag eru til staðar risastór sóknarfæri hvað það varðar að minnka óhagræðið sem hlýst af skattheimtu á Íslandi. Þessi sóknarfæri verður að nýta.



Skattar munu án efa þurfa að hækka á næstu árum. En stjórnvöld hafa val um hvaða skatta þau hækka og hvaða skatta þau lækka. Óhagræðið sem hlýst af aukinni skattlagningu mun ráðast af því hvað þau velja.

Þegar horft er til þeirra skattstofna sem nú þegar eru nýttir blasir við að lang hagkvæmasta leiðin til þess að auka tekjur ríkisins er hækkan virðisaukaskatts á matvæli. Matvæli bera í dag einungis 7% virðisaukaskatt (VSK). Flestar aðrar vörur bera hins vegar 25,5% VSK.

Helstu rökin fyrir lágum skatti á matvæli eru að þeir sem standa verst fjárhagslega eyða stærri hluta tekna sinna í mat en þeir sem standa betur. Lágur skattur á matvæli eykur því tekjutilfærsluáhrif skattkerfisins.

Úreltar heilagar kýr

Sá hængur er hins vegar á þessari röksemdafærslu að fjölþrepa

aðgengilegan hátt í nýlegri ritgerð sem er aðgengileg á síðunni www.econ.berkeley.edu/~auerbach/pfpt_7_09.pdf)

Í nýlegri breskri skýrslu eftir Ian Crawford (Oxford), Michael Keen (IMF) og Stephan Smith (University College London) er komist að þeirri niðurstöðu að Bretar geti bætt hag þeirra sem minnst hafa milli handanna þar í landi og hækkað tekjur breska ríkisins um 11 milljarða punda með því að afnema öll neðri þrep virðisaukaskattkerfisins þar í landi (það er hækka þau þannig að þau verði jafnhá hæsta þrepinu) og hækka á móti persónuafsláttinn og tekjutengdar bætur um 15%. (Crawford, I., M. Keen og S. Smith (2008): „Value Added Tax and Excises.“ Ins-

AF NETINU

Hverjir eru aular?

Brandarakallinn Guðni Ágústsson fyrirverandi kaffisötrari á Svörtuloftum virðist vera jafn skarpur greinandi þegar hann segir aulann hafa unnið og hertekið borgina. Einhverveginn koma upp í hugann myndir af auglýsingaherferðum framsóknar í gegnum tíðina: árangur áfram ekkert stopp o.s.frv. Einnig má rifja upp vináttuna við Guðna framkvæmdastjórastöðu á Silfurfatí.

Hverjir eru aular?

<http://blog.eyjan.is/grimuratlasn/>

Grimur Atlason

Það sem Vinstri græn fatta ekki

Niðurstaða kosninganna er ekki sú að kjósendur sé andfeminískir kvenhatarar. Niðurstaðan er ekki heldur sú að fólk flykki sér um leikara og poppstjörnur án þess að vita fyrir hvað þær standi. Fólk veit að biturri reynslu fyrir hvað kerfið stendur og kaus því hvað sem er annað, í trausti þess að hvað svo sem hið óþekktu standi fyrir hljóti það að vera skárri, þótt ekki nema sé vegna þess að með því er kerfinu sagt stríð á hendur. Og vinstri græn geta ekki þvegið hendur sínar af aðildinni að kerfinu.

<http://deetheejay.blogspot.com>

Davíð Þór Jónsson



airgreenland.com



Höfuðborg Grænlands - spennandi áfangastaður

Þú færð nýja sýn á lífið í ferð til Nuuk. Í þessari aðlaðandi höfuðborg mætast fortíð og framtíð í götumynd gamalla tréhúsa og nýrra bygginga. Það er ógleymanleg tilfinning að sigla inn 100 km langan Nuuk fjörðinn með 1000 metra há fjöll á hvora hlið og sjá í fjarðarbotninum hvernig skriðjökullinn teygir sig ofan í sjó. Frá Nuuk er einnig upplagt að heimsækja þorpið Kapisillit og kynnast hefðbundnu veiðimannarþorpi í stórfenglegri náttúru.

FLUG FRÁ KEFLAVÍK TIL NUUK, ÖNNUR LEIÐIN FRÁ AÐEINS **39.160,- ISK***

Skattar og gjöld innifalín.

*1.749 DKK. Miðað við Visa kortagengi 20.05.2010 og 22.39 ISK = 1 DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.

50
1960-2010

air greenland



Hugum að Haítí

Neyðaraðstoð

Pórir Guðmundsson
sviðsstjóri alþjóðasviðs
Rauða kross Íslands



Aðstæðum á jarðskjálftasvæðinu á Haítí verður vart með orðum lýst og þær eiga bara eftir að versna. Rigningátímabilið hófst sem betur fer með seinna móti þetta árið en nú er farið að rigna fyrir alvöru. Fólk sem missti heimili sín í jarðskjálftanum 12. janúar veður elginn á daginn og sefur í bleytunni á nóttunni.

Sendifulltrúar Rauða kross

Íslands starfa nú á þrennum vígstöðvum í baráttunni við yfirstandandi neyð – við umönnun sjúkra, gerð hreinlætisaðstöðu og dreifingu hjálpargagna. Alls hafa 20 sendifulltrúar Rauða krossins farið til starfa á Haítí, flestir í 4-6 vikur í senn og allt bendir til að fleiri fari á næstu vikum og mánuðum. Nú eru þar fjórir íslenskir sendifulltrúar – þrír hjúkrunarfræðingar og sérfræðingur um vatn og frárennismál.

Hjálparstarfið fer fram við hrikalegar aðstæður og þarfir þeirra sem búa við niðstandi neyð virðast stundum yfirgnæfa getuna til að aðstoða. Þéttbýl og fjölmenn höfuðborg fátæks lands er rústir einar. Ef

húsarústunum yrði safnað saman og þær settar í haug sem væri 33 x 33 metrar að flatarmáli myndi haugurinn ná upp í 21 kílómetra hæð. Fulltrúi Sameinuðu þjóðanna segir að það tæki 1.000 vörubíla 1.000 daga að flytja þetta allt í burtu.

Milljónir á vergangi

Allt að 300 þúsund manns létu lífið í skjálftanum fyrir fjórum mánuðum. Hundruð þúsunda slösuðust og margir þeirra þurfa enn á læknaaðstoð að halda. Á þriðju milljón manna er komin á vergang. Í yfirfullum flóttamannabúðum búa konur og börn við ógnvekjandi öryggisleysi sem lýsir sér meðal annars í óþolandi ofbeldisverkum,

sem erfitt hefur reynst að stemma stigu við.

Gífurleg þrengsli eru á þeim svæðum þar sem eftirlifendur hafast við, bæði í höfuðborginni Port-au-Prince og í stærri bæjum sem urðu illa úti. Fjöldi manna lætur fyrir berast undir plastrenningum við húsarústir sem eitt sinn voru heimili þeirra. Víða er ekki hægt að dreifa tjöldum því það er einfaldlega ekki pláss fyrir þau.

Við þessar kringumstæður hefur hjálparstarf Rauða krossins í raun gengið ótrúlega vel. Ríflega 80 þúsund fjölskyldur hafa fengið plastábreiður, verkfæri og annað sem þarf til að koma sér upp bráðabirgðaskýli. Fjórir spítalar og 41 færanleg sjúkrahúsá vegum Rauða krossins hafa sinnt 100 þúsund sjúklingum.

Rauði krossinn hefur dreift 230 þúsund teppum, 130 þúsund moskítónetum, 60 þúsund pökkum með eldunaráhöldum og 90 þúsund hreinlætispökkum. Samtals 120 þúsund rúmmetrum af vatni hefur verið veitt til rúmlega 300 þúsund manna. Um 185 þúsund plastábreiðum hefur verið dreift og tæplega sjö þúsund tjöldum. Allt þetta leggst við það sem önnur hjálparstarf hafa gert, bæði stofnanir Sameinuðu þjóðanna og frjáls félagsamtök, lítil og stór.

Í heild væri hægt að leggja plastrenningana saman, sem búið er að dreifa á Haítí, og þá næðu þeir frá Reykjavík til Moskvu. Hjálparstarf hafa gert áætlanir um að reisa 125.000 traust fellibylja- og jarðskjálftaheld skýli fyrir 625.000 manns – tvöfalt fleiri en búa á Íslandi – á næstu 18 mánuðum. Ef við viljum einfalda dæmið getum við hugsað okkur að það þurfi að byggja einföld hús fyrir hverja einustu íslenska fjölskyldu – og verkinu þurfi að ljúka fyrir apríl á næsta ári.

Enn mikið óunnið

Framundan eru óþrjótandi verkefni við að mæta grunnþörfum allra þeirra sem enn búa við ómurlegar aðstæður og nagandi óvissu um framtíðina á Haítí. Fellibyljatímabilið hefst um mitt sumar og varir fram á haust, ef að líkum lætur. Ljóst er að fáir verða komnir í þolanlegt bráðabirgðahúsnæði fyrir þann tíma. Stórhætta er á að farsóttir blossi upp, sérstaklega ef ekki tekst að koma upp fleiri kömrum í yfirfullum flóttamannabúðum, forða því að skolp og rusl dreifist um allt með flóðvatninu og útvega vatn til drykkjar og hreinlætis.

Rauði kross Íslands hefur einsett sér að styðja áfram hjálparstarfið á Haítí næstu mánuði, á meðan hættuástandið vegna rigninganna varir. Áhersla okkar verður á að koma upp hreinlætisaðstöðu í flóttamannabúðum – í þeim tilgangi að minnka sótt-hættu – og áframhaldandi heilbrigðisaðstoð, sem gífurleg þörf er fyrir hvort sem tekst að koma í veg fyrir farsóttir eða ekki.

Í þessu skyni munu íslenskir hjálparstarfsmenn áfram fara til starfa á Haítí næstu vikur og mánuði. Að auki mun Rauði kross Íslands leggja sig sérstaklega fram um að styðja hreinlætisstarf Alþjóða Rauða krossins í yfirfullum flóttamannabúðum.

Framundan er tímabil mikilla þrenginga fyrir fólk sem hefur mátt þola hrikalegar hamfarir. Ljóst er að á stundum mun okkur þykja framlagið frá Íslandi vanmáttugt í ljósi hinna gífurlegu þarfa sem til staðar eru. En við gerum það sem við getum til að lina þjáningar þeirra sem við náum til og getum verið stolt af því sem þegar hefur áunnist.

Laus hús í sumar!

Eigum nokkrar lausar vikur í orlofsíbúðum og húsum í sumar.

Upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 510 7500.

Einnig er hægt að skoða lista yfir laus hús á heimasíðu okkar www.efling.is (undir orlofsjádúr)

Veldu notaðan úrvalsbíl frá Brimborg

Skoðaðu notaða úrvalsbíla í sýningarsal Brimborgar í dag, Reykjavík, Akureyri.

Kauptu Volvo á góðu tilboði í dag

| Volvo V70 D5 SE | Nýtt notaðan Volvo | Volvo S80 SE+ | Nýtt notaðan Volvo | Volvo S80 SE+ | Nýtt notaðan Volvo |
|---|--|--|--|---|---|
| <p>2,4 Túrbó dísil sjálfstíptur Fast númer OU704 Skrd. 02/2007. Ek. 68.000 km. Ásett verð 4.930.000 kr. Aftsláttur 240.000 kr. Tilboðsverð 4.690.000 kr.</p> | <p>2,5 Túrbó bensín sjálfstíptur Fast númer RZ876 Skrd. 10/2006. Ek. 68.000 km. Ásett verð 4.690.000 kr. Aftsláttur 240.000 kr. Tilboðsverð 4.450.000 kr.</p> | <p>2,5 Túrbó bensín sjálfstíptur Fast númer OD306 Skrd. 10/2006. Ek. 80.000 km. Ásett verð 4.450.000 kr. Aftsláttur 260.000 kr. Tilboðsverð 4.190.000 kr.</p> | <p>2,5 Túrbó bensín sjálfstíptur Fast númer OZ721 Skrd. 08/2006. Ek. 78.000 km. Ásett verð 5.190.000 kr. Aftsláttur 300.000 kr. Tilboðsverð 4.890.000 kr.</p> | <p>2,4 Túrbó dísil sjálfstíptur Fast númer TX761 Skrd. 02/2007. Ek. 64.000 km. Ásett verð 4.920.000 kr. Aftsláttur 230.000 kr. Tilboðsverð 4.690.000 kr.</p> | <p>1,6 bensín 5 girja beinskíptur Fast númer BM348 Skrd. 02/2007. Ek. 36.000 km. Ásett verð 2.420.000 kr. Aftsláttur 200.000 kr. Tilboðsverð 2.220.000 kr.</p> |

Eingöngu bílar sem sérfræðingar Volvo mæla með
Farðu á netið og skoðaðu Volvo á notadir.brimborg.is

Komdu í kaffi. Skoðaðu Volvo í sýningarsal Volvo, Akureyri, Reykjavík.

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is



MARKAÐURINN

10 ára Svansmerking
 UNNIVERFISMERKING SVANURINN
GUDJÓNÓ
 VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
 Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 2. júní 2010 – 6. tölublað – 6. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Menntun
 Fleiri þurfa tæknimenntun



2

Kauphöllin
 Reynslunni ríkari eftir hrunið



6-7

Jeffrey Sachs
 Fimm leiðir í þróunaraðstoð



8

Erlendir eiga mest í Össuri

Sjóðsstýringarfyrirtækið Fidelity á nú sex prósentu hlut í stöðtækjafyrirtækinu Össuri og er það þriðji stærsti hluthafinn, samkvæmt flöggun í gærmorgun. Erlendir fjárfestar eru skráðir fyrir 64 prósentum hlutafjár.

Kaup fyrirtækisins staðfestir þann áhuga sem erlendir fagfjárfestar hafa sýnt Össuri eftir að félagið var skráð á hlutabréfmarkað í Kaupmannahöfn síðasta haust, að því er segir í umfjöllun IFS Greiningar. Þar er jafnframt bent á að kaupáhugi þar hafi verið meiri en hér á sama tíma. -jab

Uppstokkun í Latabæ

Fjárhagslegri endurskipulagningu Latabæjar er að ljúka og stefnir í að Landsbankinn og Íslandsbanki, lánardrottnar félagsins, verði meðal stærstu eigenda.

Breska dagblaðið Telegraph segir Magnús Scheving hafa þurft að láta höfundarréttargreiðslur í skiptum fyrir rúman 40 prósentu eignarhlut í fyrirtækinu.

Þá er óvíst um örlög annarra hlutahafa í Latabæ en Telegraph hermír að eignarhluti Gaums hafi orðið að gætu. Ekki náðist í neinn hjá Latabæ vegna málsins þegar eftir því var leitað í gær. -jab



HELST Í ÚTLÖNDUM

Evran nær nýjum lægðum
 Evran náði nýjum lægðum gagnvart Bandaríkjadal í gær og hefur ekki mælst verðminni í fjögur ár. Hún taldist í gær jafnvirði 1,2112 dala um tíma, en skreidd áður en degi lauk upp í 1,2169. Í apríl árið 2006 komst hún niður í 1,2029.



Bréf í BP falla Hlutabréf í breska olíufélaginu BP féllu um 15 prósent á mörkuðum í London í gær eftir að nýjasta tilraunin til að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa mistókst. Fyrirtækið upplýsti að glíman við olíulekann hafi til þessa kostað sem svarar um 126 milljörum króna. Hlutabréfin hafa lækkað um þriðjung síðan slysið á olíuborðum á Mexíkóflóa varð upp úr miðjum apríl.

Ryanair græðir Írsku lággjaldflugfélagið Ryanair er í blússandi gangi þrátt fyrir efnahagskreppu og eldgosaraunir undanfarið, sem hafa gert flestum öðrum flugfélögum í Evrópu lífið leitt. Hagnaður félagsins frá apríl 2009 til marsloka í ár nemur 305,3 milljónum evra. Þetta er mikill viðsnúningur frá 169 milljón evra tapi síðasta árs, þegar flugfélagið þurfti að afskrifa 222 milljónir evra af 30 prósentu hlut sínum í írsku flugfélaginu Aer Lingus.

Skyrið gæti orðið okkar parmaskinka

Unnið er að því að skilgreina eiginleika matvæla á borð við skyr og hangikjöt. Það er fyrsta skrefið í að vernda vöruheitin, líkt og gert hefur verið fyrir ýmsa erlenda matvöru.

Óli Kristján Ármannsson
 skrifar

Uppi eru ráðagerðir um að skyr, hangikjöt og önnur séríslensk matvæli fái lögverndun þannig að ekki megi kalla hvaða framleiðslu sem er þeim nöfnum. Er það svipuð leið og farin hefur verið á Ítalíu til að vernda vöruheitið parmaskinka og sömuleiðis hafa Frakkar búið svo um hnúta að þau vín ein má kalla kampavín, sem búið eru til eftir kúnstarinnar reglum í Champagne í Frakklandi.

„Hvaða verðmæti felast í matarhefðum Íslendinga?“ er yfirskrift málpings sem Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið, Slow Food samtökin og Matís, standa fyrir síðdegis í dag. Þar kynnir Eygló Björk Ólafsdóttir, fyrir hönd Slow Food Reykjavík, verkefni til kynningar á upprunalegum staðbundnum matvælum. Slow Food samtökin starfa víða um heim, en eru í grunninn ítölsk.

Eygló segir að verið sé að opna á ákveðnar leiðir innan Evrópusamstarfsins til þess að vernda vöruheiti á borð við skyr eða hangikjöt. „Til eru bæði formlegar og óformlegar leiðir í þessa átt og hægt að slá ákveðna skjaldborg utan um þessar vörur,“ segir hún, en hluti af því sem unnið er að innan Slow Food er að skilgreina hvað skyr þurfi að hafa til þess að mega kallast skyr. „Til eru ýmsar fljótvirkar aðferðir sem notaðar eru í ýmsa framleiðslu í dag. Skyr.is á til dæmis lítið skylt við upprunalega mynd skyr-

ins,“ segir hún og kveður Slow Food nú vinna að því að skrásetja vinnsluáferðir og gerð skyr eins og það var áður fyrr og í upprunalegri mynd.

Vinna á borð við þá sem ráðist hefur verið í í tengslum við skyrið segir hún að geti svo komið að gagni þegar að því kemur að fá alþjóðlega vernd á vöruna, en þar þurfi að koma til opinber afskipti, svo sem fyrir tilstilli Matís. „Það þarf bara að hrinda þessu í framkvæmd og kemur út úr þessu ákveðinn stimpill sem menn geta notað.“ Vottun á vinnsluáferðir séríslenskra matvæla og uppruna segir Eygló svo geta bæði hjálpað til við útflutning vörunnar og við að laða ferðamenn til landsins.

Þóra Valsdóttir, verkefnastjóri hjá Matís, segir vinnu við að vernda vöruheiti á borð við skyr til- tölulega skammt á veg komna. „Við erum í grunn- pælingum enn þá. Fólk þarf að vera sammála um hvað er verið að fara fram á að fá vottun. En það er kominn saman hópur sem er að skoða þessi mál og vonandi hægt að ganga í þetta fljótlega,“ segir hún, en kveðst þó ekki treysta sér til að giska á hversu langan tíma þetta muni taka.

Þóra segir vinnuferlið í Evrópuvottun matvæla byggja að hluta á að krafa um vottun „komi frá grasróttinni“ en síðan geti stofnanir á borð við Matís komið að málum. „En vonandi er þetta skref í þá átt að auka umræðu um málið og fá fyrirtæki og einstaklinga til að skoða hvort þetta sé eitthvað sem þeir vilja fara í,“ segir hún.

Borgun hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár. Þekking okkar og reynsla nýtist viðskiptavinum á hverjum degi, allan sólarhringinn.

Borgun býður:

- Allar gerðir posa á hagstæðum kjörum
- Öruggar lausnir fyrir vefverslanir
- Skilvirka leið við innheimtu boðgreiðslna
- Notendavæna þjónustuvefi

Hafðu samband í 560 1600 eða borgun@borgun.is og fáðu tilboð í færsluhirðingu.

BORGUN
 AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
 Sími 560 1600 • www.borgun.is



Reynsluboltar stýra sjóðum MP Banka

„Við vinnum vel saman. Það sem við gerðum með Teton kom vel út og því ákváðum við að fara dýpra inn í stýringuna,“ segir Styrmir Guðmundsson sem ásamt Ragnari Páli Dyer hefur gengið til liðs við MP Banka um sjóðastýringu rekstrarfélags sjóða bankans. Þeir munu jafnframt eiga hlut í rekstrarfélaginu.

Styrmir og Ragnar hófu störf hjá Straumi Burðarási 2007 en hafa rekið vogunarsjóðinn TF-2 í samstarfi við fjárfestingafé-

lagið Teton frá því skilaneftnd tók Straum yfir í fyrravor.

Í stýringu hjá sjóðum MP Banka eru milli átta og tíu milljarðar króna.

Styrmir segir markmiðið að stækka sjóðina og bæta úrvalið. „Það eina sem er í boði nú eru íslenskir vextir; innlán, skuldabréf, peningamarkaðsskjöl og milli-bankaafurðir auk þess sem markaður er að myndast fyrir valrétti og skiptasamninga,“ segir hann.

- jnb

Bankasýslan brettir upp ermar

Bankasýsla ríkisins er að taka á sig mynd og hefur ráðið þrjú nýja starfsmenn: tvo hagfræðinga í eignastýringu og einn bókasafns- og upplýsingafræðing.

Bankasýslan var stofnuð um síðustu áramót og fer með eignarhluta ríkisins í viðskiptaböndunum þremur. Eignir í stýringu hjá stofnuninni nema nú í kringum 190 milljörðum króna. Starfsmenn eru fjórir, með forstjóranum.

Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslunnar, segir það verða ærin verkefni fyrir fjóra starfsmenn að sjá um allt eignasafnið, ekki síst

EIGNIR BANKASÝSLU RÍKISINS*

| Banki | Eignarhluti |
|------------------|-------------|
| Nýi Landsbankinn | 81,33% |
| Arion banki | 13% |
| Íslandsbanki | 5% |

* Heimild: Bankasýsla ríkisins

þegar eignarhlutar í sparissjóðum færast undir stofnunina. Fimm sparissjóðir hafa óskað eftir framlagi ríkisins og viðbúið að þeir færast í hendur Bankasýslunnar. Óvíst er hverjir fara með eign hins op-

inbera í Byr sparissjóði, sem færður hefur verið inn í hlutafélag, og Sparissjóðinn í Keflavík sem ríkið tók yfir í enda apríl.

„Þetta er í ferli hjá Fjármálaráðuneytinu. Við vitum satt að segja ekki til hvers sú vinna mun leiða. En við verðum að vera búnir undir að taka við auknum verkefnum,“ segir Elín. Ekki er gert ráð fyrir sparissjóðunum í núverandi greiningu á umfangi Bankasýslunnar. „Að mínu mati er þessi starfsmannafjöldi algjört lágmark til að sinna þeim verkum sem okkur eru falin,“ segir forstjórinn. - jnb

Miklu fleiri þarf að mennta í tæknigeira

Iðnfyrirtæki vilja endurmennta ungt og atvinnulaust fólk svo það nýtist til starfa þar sem uppbygging á sér stað. Tölvu- og vélaverkfræðinga vantar. Breytingar kalla á öðruvísi menntun.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Menntað fólk vantar til starfa á þeim sviðum þar sem fyrirséð er að vöxtur verði hvað mestur næstu ár. Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku, segir að nú sé tíminn til að mennta fólk í hönnun og tækni. „Með því að taka höndum saman við hið opinbera í endurmenntun ungs atvinnulauss fólks er unnið bæði á atvinnuleysi og skorti á hæfu starfsfólki,“ segir hann.

„Gífurlegar umbreytingar eru að eiga sér stað í atvinnulífnum. Almenn áttar fólk sig ekki á því að hugverkaíðnaðurinn stendur undir 21 prósentu af útflutningi Þjóðarinnar,“ segir Jón Ágúst og segir nauðsynlegt að horfast í augu við að hér sé mikið af fólk með grunnþekkingu í atvinnulífi sem sé að hverfa. Hann var í gær á evrópski ráðstefnu í Danmörku með kynningu á átaki iðnaðarins og hins opinbera við að búa til störf í hönnun og tæknigeira. „Danirnir sögðu við mig að við værum að fara í gegn um alveg sama feril og Danmörk gerði þegar landið hvarf frá landbúnaðaráherslum í að vera tækniland,“ segir Jón Ágúst, en á ráðstefnunni benti hann á að atvinnuleysi væri hér nú 7,6 prósent að meðaltali og 16,4 prósent meðal ungs fólks.

„Við notum 28 milljarða í atvinnuleysisbætur sem greiddar eru úr iðnaðinum og komum þess vegna með tillögu um samstarf við ríkisstjórnina um stórfellda endurmenntun á þessum hópi til þess að við getum komið honum inn í ný störf.“

Núna segir Jón Ágúst þjóðina færast frá því að vera sjávarútvegs- og frumframleiðsluþjóð yfir í að áhersla aukist á hönnun og tækni. „Fólkið sem er á atvinnuleysisráði hefur ekki rétta bakgrunninn í þann geira. Við viljum endurmennta og endurbjálfa 15 þúsund manns og nota þessa 28 milljarða í nýtt nám og menntun þannig að þetta fólk geti gengið inn í ný störf sem til verða á markaði.“

FJÖLDI TÆKNIMENNTAÐRA

| 20 til 29 ára menntaðir í stærðfræði, vísindum og verkfræði.* | |
|---|-------------|
| Land | Fjöldi |
| Frakkland | 20,7 |
| Finnland | 18,8 |
| Írland | 18,7 |
| Bretland | 17,5 |
| Danmörk | 16,4 |
| Japan | 14,4 |
| Svíþjóð | 13,6 |
| Ítalía | 12,1 |
| Rúmenía | 11,9 |
| Þýskaland | 11,4 |
| Spánn | 11,2 |
| Ísland | 10,2 |
| Bandaríkin | 10,1 |
| Noregur | 9,3 |
| Holland | 8,9 |
| Malta | 7,1 |

*Fjöldi af hverjum þúsund einstaklingum. Samanburður við valin ríki. Heimild: Eurostat.

Þá efast Jón Ágúst ekki um að vinna verði til handa fólkinu. „Á ári hverju verða að lágmarki til þúsund til tvö þúsund störf í þessum geira. Hér er hruninn ákveðinn iðnaður og við verðum að byggja upp nýjan og okkur er farið að sárvant fólk í hugverkaíðnaðinn. Það er eitthvað skrítið við samfélag sem vantar fólk í vinnu en er með marga á atvinnuleysisráði.“

Gunnar Guðni Tómasson, forseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík, tekur undir að hér sárvanti fólk menntað á ákveðnum sviðum tæknimenntunar. Í uppsveiflu hafi verið hægt að sækja menntað fólk til útlanda, en eftir hrun sé landið tæpast samkeppnishæft. Sérstaklega segir hann skorta fólk menntað í véla- og tölvuverkfræði, byggingarverkfræðinga vanti ekki. „Við þurfum fólk í framleiðslutengdar tæknigreinar.“

BANKABÓKIN

| Samantölur á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|-----------------------------------|--------------------------------------|------------------------------|-------------------------------|
| Arion banki | Markaðsreikningur 4,30% ^A | 13,85% ^B | 13,50% ^B |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 5,05% | 13,75% ^C | 13,50% ^C |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 5,60% ^D | 14,00% ^E | 14,00% ^E |
| BANKI | MP Sparnaður 3,95% | 13,55% | 12,05 til 13,55% ^F |
| BYR | PM-reikningur 5,15% ^G | 14,10% | 13,65 til 15,40% ^H |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 5,30% ^I | 14,50% | 14,70% |
| Sjá | Sparnaðarreikningur 4,50% | 12,00% | 12,00% |

Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. ^AMarkaðsreikningur bundinn í tíu daga. ^BAð auki er 3% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. ^CAð auki er 5% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. ^DVaxtareikningur bundinn í sjö daga. ^EAð auki er 1,5% heimildargjald skuldfært mánaðarlega af heimild. ^FFer eftir því hvernig fyrirtækið er metið hjá MP. Aðeins eru greiddir vextir af nýttu heimild. ^GPM er bundinn í tíu daga. ^HEkkert heimildargjald. ^I0,25% úttektargjald. Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.

Tugmilljóna sekt

Versnandi fjárhagsafkoma Símans var eitt atriði sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála tók tillit til þegar hún ákvað að lækka sektargreiðslu Símans vegna samkeppnisbrota úr 150 milljónum í 50 milljónir.

Þetta kemur fram í úrskurði sem nefndin kvað upp nýlega. Þar er staðfest álit Samkeppniseftirlitsins um að Símann hafi brotið alvarlega gegn samkeppnislögum gagnvart fyrirtæki sem heitir TSC. Það selur internettingar til íbúa á norðanverðu Snæfellsnesi.

TSC taldi að óheimilt væri að bjóða þeim sem kaupa internettingar frá Símanum ókeypis sjónvarpstengingar, eins og gert var. Einnig hefði Símann neit að að veita aðgang að sjónvarpsmerki svo að dreifa mætti til Snæfellinga í gegnum dreifikerfi TSC.



SAMKEPPNI Símann þarf að greiða 50 milljónir í sekt vegna samkeppnisbrota gegn litlu netþjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi.

Þar hafði meðal annars verið brotið gegn skilyrðum sem sett voru við samruna Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins.

Í 37. grein samkeppnislaga, þar sem fjallað er um stjórnvaldssektir vegna brota á samkeppnislögum, kemur ekki fram að lækka megi sektirnar vegna versnandi fjárhagsafkomu fyrirtækja. - þg

KORTALÁN VALITOR

–Einföld og örugg greiðsludreifing

- Hagstæðar afborganir
- Söluaðilar geta valið um lán með breytilegum vöxtum eða vaxtalaus
- Söluaðilar greiða ekkert þjónustugjald af Kortalánnum
- VALITOR greiðir út til söluáðila annan virkan dag eftir að sala fer fram

Hafðu samband í síma **525 2080** og kynntu þér málið

VALITOR
KORTALÁN

VISA
MasterCard


FYRIRTÆKJALOUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • fyrirt@valitor.is • www.valitor.is



PÓSTURINN

allur pakkinn

Þessi einstaklingur þarf að senda sendingar. Það er ekki flókin aðgerð.



Tikk, takk, tikk, takk. Það er samt alltaf betra að senda sendingar eins hratt og hægt er. Okkar maður getur valið um nokkrar mismunandi leiðir til að koma sínum sendingum áleiðis með Póstinum.



Umslag með viðkvæmu innihaldi getur verið komið í hendur viðtakanda daginn eftir.



Á höfuðborgarsvæðinu er hægt að fá sendingar afhentar samdægurs. Stærðin skiptir ekki máli.



Það gæti þurft að senda boðskort á viðburð sem er eftir nokkra mánuði. Þá er óþarfi að velja hraðþjónustu og betra að nýta sér hagkvæmni venjulegs bréfaþósts.

Stóru bílarnir eru til taks til að flytja þungar sendingar. Það er ólíkt þægilegra að rúlla þungri þvottavél upp á lyftuna á bíl sem ræður við hana.




Sendandinn gæti viljað láta bera sendinguna heim að dyrum viðtakanda. Það er fallega hugsað að spara viðtakanda spórin á þennan hátt.



Litlu bílarnir eru snarir í snúningum. Það kemur sér vel þegar það þarf að fara inn í íbúðahverfi með botnlöngum og bílum út um allt. Sama á við um fjölfarnari atvinnusvæði.




Hann lítur kannski ekki út fyrir það en hann vinnur í bókhaldi og er mjög ánægður með lágan sendingarkostnað Póstsins.



Þessi kona er búin að fá sendingu með brothættu innihaldi afhenta. Það er að sjálfsögðu óskemmt.



Fólk um allt land treystir á að fá sendingar afhentar á réttum tíma svo það geti staðið við skuldbindingar sínar.



Það jafnast ekkert á við ánægðan viðskiptavin.



Vörudreifing Póstsins getur hjálpað þínu fyrirtæki að hagræða

Í rekstri fyrirtækja skipta sendingar miklu máli. Það skiptir máli að sendingar skili sér á réttum tíma, að innihald þeirra sé í óaðfínanlegu ástandi og hægt sé að rekja þær. Þá er gott að nýta sér viðfeðmt dreifikerfi og reynslu Póstsins. Allt starf Póstsins miðar að því að veita viðskiptavinum betri þjónustu, lágmarka kostnað og hámarka skilvirkni.

Hafðu samband við söludeild í síma **580 1090** eða á **sala@postur.is** og kynntu þér hvernig Pósturinn getur aðstoðað þig við að koma sendingum til skila á besta mögulega hátt.



Vill ekki á fund

Bandaríski auðkýfingurinn Warren Buffett svarar í dag spurningum bandarískrar þingnefndar sem skoðar meðal annars hlut matsfyrirtækja í aðdraganda hrunsins.



WARREN BUFFETT

Fjárfestingarfélag

Buffetts á þrettán prósentu hlut í matsfyrirtækinu Moody's. Buffett hefur ekki forðast kastljós fjölmiðla en þráðist við að mæta þingnefndinni og þurfti að stefna honum til þess.

Helstu matsfyrirtæki heims hafa verið gagnrýnd fyrir að gefa vafasömum skuldabréfavafningum góða einkunn. Meðal lánavafninga sem fengu grænt ljósi hjá Moody's voru undirmáslán sem ýttu kreppunni úr vör.

Einnig þykir gagnrýni-vert að tveir þriðju hlutar af tekjum Moody's koma frá fjárfestingafyrirtækjum, sem þurfa að mati að halda.

- jab

Herra Dómsdagur vill gjaldeyrishöft

Nouriel Roubini, prófessor í hagfræði við New York-háskóla í Bandaríkjunum, segir stjórnvöld í Brasilíu verða að innleiða gjaldeyrishöft ætli þau að koma í veg fyrir gengishrun brasilíska realsins.

Roubini, sem heimskunnur er fyrir varnaðarorð og svartsýnis-spár um þróun efnahagsmála á heimsvísu, sagði á ráðstefnu í Sao Paulo í fyrradag gengishrunið koma illa við brasilíska útlutning og skaða samkeppnishæfni landsins. „Ef gjaldeyrishöft eru notuð skynsamlega má koma í veg fyrir frekara tjón,“

hefur breska dagblaðið Financial Times eftir honum. Fleira þarf að laga til í brasilíska efnahagslífi og draga úr hitanum í hagkerfinu. Þá sýndi sig að þótt draga megi úr útgjöldum hins opinbera megi ekki draga lappirnar í menntamálum. Það muni skila sér síðar.

Fjárfélagayfirvöld í Brasilíu lögðu tveggja prósentu skatt á erlent fjármagn í október í fyrra til að stemma stigu við innflæði á erlendu fjármagni en fjárfestar hafa séð hag í því að festa fé sitt í landinu og ávaxta það í skugga hárra stýrivaxta.



ROUBINI Varð þekktur þegar spá hans um ofhitnun á bandarískum fasteignamarkaði, verðhrun og kreppu frá 2006 gekk eftir.

- jab



FRÁ EINUM KYNNINGARBÁSANNA Um tvö hundruð manns mættu á kynningarfund um stuðning við íslenska nýsköpun í síðustu viku og hlýddu á fulltrúa helstu frumkvöðlafyrirtækja landsins lýsa reynslu sinni.

MARKAÐURINN/GVA

Auglýst eftir fólki - ekki hugmyndum

„Það vantar ekki hugmyndir, heldur fólk til að gera þær að veruleika,“ segir Eypór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks - nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins, sem rekur Viðskiptasmiðjuna í félagi við Háskólann í Reykjavík. Viðskiptasmiðjan gefur frumkvöðlum möguleika á að stofna ný fyrirtæki eða koma fyrirtækjum sínum á rétta braut.

Eypór var á meðal þeirra for-

svarsmanna nýsköpunarfyrirtækja sem kynntu starfsemi sína á árlegum kynningarfundi um stuðningsumhverfi nýsköpunar sem haldinn var í tilefni af evrópsku fyrirtækjavikunni (SME Week) á Grand Hótel í síðustu viku. Um tvö hundruð manns mættu á fundinn og hlýddu á fulltrúa nokkurra af helstu frumkvöðlafyrirtækjum landsins miðla af reynslu sinni.

- jab

Magnaður mottumars

Nýjasta markaðsátak Krabbameinsfélagsins sló algjörlega í gegn. Ríflega 60 prósent landsmanna tóku þátt.

Þórunn Elísabet Bogadóttir
skrifar

„Þetta áttak algjörlega sló í gegn, að öllu leyti,“ segir Gústaf Gústafsson markaðs- og fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélags Íslands um nýlegt markaðsátak félagsins, mottumars.

„Allt í allt söfnuðu um 38 þúsund karlmenn yfir átján ára aldri yfirvaraskeggi sérstaklega til styrktar þessu átaki. Það er um það bil einn af hverjum þremur mönnum.“ Fjáröflun gekk sérlega vel í gegnum heimasíðu mottumars, þar sem um 65 prósent kvenna tóku þátt, og 59 prósent karla. Meira fé safnaðist en búist hafði verið við. „Þetta er magnaður árangur hvort sem um er að ræða Ísland, Evrópu eða heiminn allan.“

Gústaf segir margt hafa verið gert á nýjan hátt, þó að upprunalega hugmyndin um sérstakt áttak fyrir karla og krabbamein komi frá Noregi. Mikil áhersla var lögð á að fá fólk til liðs við verkefnið sem hafði áhuga og vildi breiða út boðskapinn. „Fjörutíu prósent af allri umferð á heimasíðunni kom í gegnum Facebook. Við náðum að virkja þessa nýmiðla alveg gríðarlega vel og ég held að það hafi verið lykkillinn að þessari miklu velgengni. Fyrir utan að yfirvaraskegg er þrælfyndið og ekki mikil hefð fyrir því síðan á diskótímabilinu. Þetta var ný nálgun og húmorinn leiddi þetta, þó að alvaran sé auðvitað undirliggjandi.“ Gústaf segir nálgunina hafa virkað vel á karlmenn, en strax hafi verið lagt upp með að ekki væri hægt að nálgast þá á sama hátt og konur. „Það sýnir í rauninni markaðshugsunina á bak við þetta.“


„Það er ekki nóg að vera með gott málefni, það þarf að koma því á framfæri og vinna fyrir því, og sækja þann stuðning sem við fáum. Það er ekkert sjálfgefið



GÚSTAF Segir mikilvægt að félög sem standa í fjáröflunum og átaki af þessu tagi segi frá góðum árangri. Fólk vilji heyra þegar vel gengur og að peningarnir séu notaðir í góða hluti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

að almenningur setji traust sitt á félagið, það þarf að vinna traust hans og nota peningana í góða hluti,“ segir Gústaf. „Fjáröflun er ekki tilgangur heldur nauðsynlegt verkfæri til að ná fram markmiðum.“



Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð

Góð leið til að fjárfesta í verðtryggðum skuldabréfum.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

- * Verðtryggð skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins.
- * Heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánnum.
- * Ráðlagður fjárfestingartími 3 ár eða lengur.
- * Eign í sjóðnum er laus til innlausnar með eins dags fyrirvara.
- * Lágmarkskaup 10.000 kr.
- * 5.000 kr. lágmark í reglulegum sparnaði.

Hafðu samband
sími 444 7000 * arionbanki.is

Arion banki

Hvar liggja tækifærin í breyttu umhverfi?

Veltusafn og Ríkissafn hafa skilað góðri ávöxtun og eru álitleg sparnaðarform nú þegar vextir innlána hafa lækkað

Veltusafnið

– virk stýring innlána og stuttra verðbréfa

Veltusafnið er nýjung frá Íslandssjóðum sem hefur fengið frábærar viðtökur. Sjóðurinn var stofnaður í september 2009 og er þegar kominn í 10,7 milljarða. Sjóðurinn nýtir tækifæri á markaði með virkri stýringu innlána, víxla og skuldabréfa.

Ávöxtun á sparnaði til skamms tíma

Veltusafnið hentar vel þeim sem vilja ávaxta sparnað til skamms tíma en ráðlagður fjárfestingartími er 1 mánuður eða lengur. Sjóðurinn er laus til innlausnar með eins dags fyrirvara og hentar bæði einstaklingum og fagfjárfestum.

Ríkissafnið

– ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana

Ríkissafn Íslandssjóða fjárfestir eingöngu í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og innlánnum fjármálastofnana.


Stöðug ávöxtun miðað við fjárfestingartíma

Ríkissafnið hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í 1–3 ár eða lengur. Stuttur meðallíftími bréfa sjóðsins og innlán minnka sveiflur og skila stöðugri ávöxtun miðað við fjárfestingartíma. Sjóðurinn er laus til innlausnar með eins dags fyrirvara.

Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa.

*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað og lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Veltusafn og Ríkissafn eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingar og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikið.

Gengisþróun Veltu- og Ríkissafns



Upplýsingar eru fengnar af islandssjodir.is.

Veltusafn – eignasamsetning

Ráðlagður fjárfestingartími 1 mán +

Ríkisskuldabréf
– víxlar
50%

Innlán
50%

Sjóðurinn var stofnaður í september 2009. Eignasamsetning m.v. 1. maí 2010.

Ríkissafn – eignasamsetning

Ráðlagður fjárfestingartími 1 ár +

Ríkisbréf
54%

Ríkisvíxlar
14%

32%
Innlán

12,8% ávöxtun*

á ársgrundvelli frá stofnun sjóðsins 5. desember 2008. Eignasamsetning og ávöxtun m.v. 1. maí 2010 – sjá islandssjodir.is. *Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Eignastýring Íslandsbanka
Sími 440 4920
Kirkjusandi 2–4, 105 Reykjavík
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarfestingar


Íslandsbanki

Er um reynslunni ríkari eftir hrunið

Forstjóri Kauphallarinnar dregur í efa að sjónarmið í þá veru að hlutabréfamarkaður sé ónýtur og verði í mörg ár að rétta úr kútnum eigi við rök að styðjast. Óli Kristján Ármannsson tók hann tali og kíkta á stöðu Kauphallarinnar.

Skoðanir eru skiptar um hvaða leiðir séu bestar í endurreisn Kauphallarinnar og skráningu fyrirtækja á markað sem eftir hrun hafa ratað í eigu bankanna. Sumir telja að ekki verði hafist handa við endurreisn og nýskráningu fyrirtækja í Kauphöllina fyrr en loku hafi verið fyrir það skotið að nokkuð geti farið aflaga á ný. Þá njóta hljómgrunnns í bönkunum sjónarmið í þá veru að selja þurfi fyrirtæki til fjárfesta sem síðan hafi von um ábata þegar þau verði síðar skráð á markað.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland, Kauphallar Íslands, telur hins vegar að til að endurvekja traust á hlutabréfamarkaði við þær aðstæður sem nú ríki skipti mestu máli að koma inn á markaðinn með góð fyrirtæki og traustvekjandi sem leggja muni áherslu á góða stjórnarhætti og að vera til fyrirmyndar á markaði.

„Það er misskilningur að slík fyrirtæki séu ekki í landinu. Þau eru til og hafa þetta að leiðarljósi. Ég hef enga trú á öðru en að fjárfestar og almenningur sé nú þegar reiðubúinn til að skoða fjárfestingar í slíkum fyrirtækjum,“ segir Þórður. Þó svo að margir virðist telja að hlutabréfamarkaður hér á landi sé ónýtur og komi ekki til með að rétta úr kútnum fyrr en eftir einhver ár segist Þórður draga í efa að slík sjónarmið byggja á sterkum rökum.

EKKI VAFALOUS SJÓNARMIÐ INNAN BANKANNA

„Í fyrsta lagi er algjörlega klárt að menn hafa lært af bankahruninu og kristaltært að almenningur, fjárfestar, fjölmiðlar, greinendur, eftirlitsaðilar og aðrir verða allir á tánum og fylgjast gríðarlega vel með því sem gerist á hlutabréfamarkaði næstu misserin. Þessum aðilum er í lófa lagið að meta fyrirtækin og skoða þau frá ýmsum sjónarhornum þannig að ég hef engar áhyggjur af því að sá þáttur sem snýr að eftirliti verði eitthvað vanbúinn,“ segir Þórður.

Aukinheldur bendir hann á að verið sé að gera umtalsverðar breytingar á laga- og reglugerðumhverfi kauphallarviðskipta. „Í því sambandi má nefna frumvarp til laga um hlutafélagalög þar sem þrengt er að viðskiptum tengdra aðila, bónusar tengdir langtímahagsmunum féлага og þar fram eftir götunum. Gerðar eru heilmiklar bragarbætur í frumvarpi til laga um fjármálaafyrirtæki og viðskiptalífíð hefur sett ítarlegar reglur og leiðbeiningar um stjórnarhætti. Allt þetta umhverfi er því gjörbreytt og engin ástæða til að ætla að hlutirnir hrökkvi einhvern veginn í sama far og þeir voru í hér áður.“

Til viðbótar segir Þórður að hafa verði í huga að nú séu engar aðstæður til þess að búa til það óeðli sem hlaupið var í markaðinn. „Meginástæðan fyrir bankahruninu voru auðvitað flókin hagsmuna- og eignatengsl banka, fyrirtækja og einstaklinga, þar sem bankar lánuðu í einkahlutafélög og einstök félög þar sem ýmsir telja að hafi verið um markaðsmisnotkun að ræða líkt og fjallad er um í rannsóknarskýrslu Alþingis. Þetta er náttúrulega eitthvað sem gerist ekki aftur því fjármálaafyrirtækin eru nú allt öðruvísi upp byggð,“ segir hann og bendir á að nú séu ekki stórir eigendur að bönk-



NASDAQ OMX ICELAND Skammt dagar að skella plástri á brostið traust. Uppi eru efasemdarraddir um að Kauphöllin nái að rétta úr kútnum eftir hrun það sem hér hefur orðið í efnahags- og viðskiptalífi. Aðrir segja Kauphöllina einmitt verkfærið sem þarf í endurreisnina, til þess séu vitan að varast þau og nú vandi menn sig betur.

MARKAÐURINN/SAMSETT MYND

unum sem líka eigi fyrirtæki úti í bæ og geti farið að hagræða lánveitingum og öðru slíku hugsanlega með tilliti til eigin hagsmuna. „Eldsmaturinn í svona ástandi eins og var, hann er einfaldlega ekki til staðar.“ Þórði finnst því allt leggjust á sömu sveif og gera að verkum að ekki sé ástæða til annars en að ýta úr vör hlutabréfamarkaðnum á nýjan leik.

„Nú er hins vegar algengt sjónarmið

innan bankanna sjálfra að selja eigi fyrirtækin til stórra hluthafa og þeir eigi síðan að innleysa hagnað með því að skrá þau á markað. Þetta sjónarmið finnst mér alls ekki vafalaust. Hvers vegna að taka einhverja kategoríska ákvörðun um að almenningur geti ekki verið hluti af uppsveiflunni og hagnast í byrjun á hlutabréfamarkaði? Það er ljóst, miðað við allar

hagsveiflu- og hlutabréfamarkaðskennningar að falist geta gríðarlega mikil tækifæri fyrir almenna fjárfesta í botni hagsveiflunnar.“

Eins segir Þórður rangt að halda því fram að fyrirtækin séu ekki skráningarhæf vegna skuldsetningar og fjárhagslegrar stöðu þeirra. „Auðvitað er hér á landi fjöldinn allur af fyrirtækjum sem

Koma þarf í veg fyrir markaðsmisnotkun

Vilhjálmur Bjarnason telur langt í land með að byggja aftur upp traust á kauphallarviðskiptum.

Lagaumgjörð sem í smíðum er og tekur á kauphallarstarfsemi gengur ekki nógu langt til að hún fái byggt undir traust á Kauphöllinni eftir allt sem aflaga hefur farið, að mati Vilhjálms Bjarnasonar, fjárfestis og lektors við viðskiptadeild Háskóla Íslands. Vilhjálmur er jafnframt framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta.

„Það þarf að byrja á því að fara í gegn um hlutafélagalögin og athuga hvað það er sem gerir hlutabréf vonlaus á markaði,“ segir Vilhjálmur um hvað til þurfi að koma til að hér fái hlutabréfamarkaður þrífist með góðu móti á ný. Hann segir að tryggja þurfi betur jafnræði hluthafa og koma í veg fyrir markaðsmisnotkun. „Og það þarf að hætta ofurskattlagningu á sparifé,“ bætir hann við.

Vilhjálmur segir að frumvarp sem nú er í meðförum Alþingis og snýr að minnihlutavernd og fleiri þáttum í lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og um ársreikninga gangi ekki nógu langt í að verja rétt smærri hluthafa fyrirtækja. „Svo er sú staðreynd ein að hér hafi verið stund-



VILHJÁLmur BJARNASON

uð markaðsmisnotkun í fimm ár rannsóknarefni út af fyrir sig,“ segir hann og telur fásinnu að fara af stað með hlutabréfaviðskipti á ný fyrr en lokað hefur verið fyrir möguleika á slíku. „Við bætist svo að hluthafar lenda nú í veseni vegna auðlegðarskattans. Og svo veit maður ekki hvar þessi tekjuskattur af arði á eftir að lenda. Ríkisstjórnin er að binda girðingar um það að menn kaupir nokkurn tímann.“

Þá þykir Vilhjálmi ekki gæfulegt að stefna að því að skrá Haga á markað með fyrrverandi eiganda, Jóhannes Jónsson, kenndan við Bónus, í stjórnarformannssætinu. „Það skortir enn þá allan trúverðugleika og stjórnvöld hafa ekki byggt hann upp.“

Annað sem Vilhjálmur bendir á er að Fjármálaeftirlitið hafi hingað til ekki talið hlutverk sitt að hafa eftirlit með brotum á hlutafélagalögum í skráðum félögum. „Skráð félög eru eftirlitslaus hvað varðar hlutafélagalög í kauphöll. Þau lög eru á einskis manns borði hvað eftirlit varðar.“

- óká



ÞÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON

UNGLINGAR Á FERÐ OG FLUGI kallast sérstök unglingsferð Ferðafélags Íslands sem farin verður í Hlöðuvík á Hornströndum og Hesteyri í Jökulfjörðum um verslunarmannahelgina.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA

Guesthouse á besta stað í bænum. Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905

Rafstilling ehf

| | |
|---|--|
| | Startarar Alternatorar |
| Viðgerðarþjónusta Varahlutir | |
| | Flottar og ódýrar bílaþerur |
| Heimilis LED þerur white og warm white | |

Dugguvegi 23 rafstilling@rafstilling.is 587-4001



Í borginni Bytom í Póllandi gistu Ólafur Sindri og félagar í húsnæði sem hósti skrifstofur Nasistaflokksins fyrir margt löngu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Geymslu- og dekkjahillur



kr. 15.990.-
viðbótareining kr. 10.527.-

í bílskúrinn,
geymsluna,
heimilið
og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smeltt saman



Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

Kynntist raunveruleika krummaskuðs í Póllandi

Ólafur Sindri Ólafsson fór í hópferð ásamt ungskáldum og listaspírum til Póllands fyrr í vor. Þunglyndislegur kolanámubær í syðsta hluta landsins vakti mesta athygli, og ekki síst lítill útibar með útikamri.

„Ég fór í afskaplega áhugaverða hópferð til Póllands fyrr í vor. Með í för voru ungskáld og listaspírir, stórkanónur úr ungskáldaheiminum,“ segir Ólafur Sindri Ólafsson skáld, þegar hann er spurður um eftirminnilegt ferðalag sem hann hefur farið í.

Áð sögn Ólafs Sindra fór vel um hópinn í Póllandi. Gist var á fjögurra stjörnu hóteli í Varsjá, matur og drykkur var frír og þess á milli var herbergisþjónusta þönguð seint um nætur. „En þrátt fyrir allan þennan lúxus var áhugaverðasti hluti ferðarinnar óneitanlega sólarhringsrúntur til þunglyndislegs kolanámubæjar í

syðsta hluta Póllands. Borgin hét Bytom og hún var yndisleg,“ segir Ólafur Sindri. „Við fengum gistingu í húsnæði sem fyrir tæpum sjötu árum hósti skrifstofur Nasistaflokksins. Í því húsi var ekki einungis að finna íbúðina okkar, sem virtist hafa verið óbreytt frá því að Göbbels yfirgaf hana í fússi, heldur einnig stórkostlegan djassklúbb með ódýrum bjór og yndislegum mat.“

Hann segir þó ekkert hafa toppað lítinn útibar með útikamri skammt frá vistarverunum. Þar hafí stemningin verið ólýsanleg. „Þangað mættu atvinnulausu, fyrrverandi kolanámuverka-

mennirnir eldsnemma morguns og drukku allan daginn. Ekkert Disneyland eða Hróarskelda jafnast á við að kynnst þessum hráa raunveruleika krummaskuðs í Póllandi. Bytom féll mögulega einungis í skuggann af stórfenglegum afrekum sumra ferðafélaga minna. Svo sem einnar listaspírunnar sem fann sig knúna til að spyrja hvort fiskveiðar væru hugsanlega stundaðar í Póllandi. Sem væri kannski ekki svo hræðileg spurning ein og sér, hefði hún ekki spurt hennar í hafnarborginni Gdansk,“ segir Ólafur Sindri Ólafsson.

kjartan@frettabladid.is

ALLT HELGIN

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Pórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Jeppadekk



-15%

afsláttur
jeppadekkjum!

Smurþjónusta



-15%

afsláttur
af vinnu við smur!

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



Öll helstu sumarblómin verða á boðstólum á blómamarkaði við Ytri-Njarðvíkurkirkju.

Blóm boða sumar

Árlegur blómamarkaður Systrafélags Ytri-Njarðvíkurkirkju hefst í dag. Markaðurinn er haldinn í 29. sinn.

„Á hverju ári seljum við sumarblóm,“ segir Sigrún Alda Jensdóttir, formaður Systrafélags Ytri-Njarðvíkurkirkju. „Við verðum með öll helstu sumarblómin, rósir og eitthvað örlítið af fjölæru.“

Systrafélag Ytri-Njarðvíkurkirkju er líknarfélag og er blómamarkaðurinn helsta fjáröflunarleið þeirra. „Markaðurinn hefur alltaf gengið mjög vel. Hann er orð-

inn eina fjáröflunarleiðin okkar,“ segir Sigrún en félagið er 42 ára gamalt. „En er búið að vera með þessa blómasölu í 29 ár.“

Að sögn Sigrúnar verður Systrafélagið með kaffi og meðlæti á staðnum en markaðurinn er haldinn fyrir utan Ytri-Njarðvíkurkirkju. „Þetta er orðin hefð í bænum. Sumarið er að koma þegar við mætum með blómin okkar fyrir utan kirkjuna. Þetta er sumarstemningin.“

Markaðurinn verður opinn miðvikudag og fimmtudag frá 16 til 20 og föstudag frá klukkan 13 til 17.

- mmf

Heiðgul fjara og fuglalíf

Garðskagi er ein af perlum Suðurnesja, með mikilli náttúrufergurð og fuglalífi. Smá ferðalag í Garðinn, út að Garðskagavita, er gefandi upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Útskálar, kirkjustaðurinn í Garði, var eitt mesta höfuðból Suðurnesja áður fyrr og Útskálakirkja er lítil og falleg kirkja sem gaman er að skoða. Kirkjan var reist á árunum 1861-1863, ekki er síður vert að gefa kirkjugarðinum gaum, þar sem lesa má sögu fólks og atburði út úr gömlum minningamörkum.

Garðskagavitar eru tveir, eldri vitinn frá árinu 1897 og sá yngri



Vitinn nýi á Garðskaga setur heillandi svip á litla byggðakjarnann í Garði.

frá 1944. Sá yngri sést alls staðar að úr Garðinum og setur heillandi svip á svæðið. Fjöruna þar er líka skylda að ganga, en hún er ein af fáum heiðgulum sandströndum á Íslandi og geta ungir sem aldnir eytt löngum tíma í að finna þar fjársjóði. Garðskagabúar böðu sig hér áður fyrr í sjónum við ströndina og sé veðrið gott er ekki úr vegi að prófa, en straumar geta hins vegar oft verið sterkir og því mikilvægt að fara varlega.

Garðskagi er talinn einn besti fuglaskoðunarstaður Reykjanes og Garðurinn er því vinsæll áningarstaður fuglaskoðara sem keyra þangað til þess eins að liggja úti í móa með kíkí í hendi, sérstaklega á vorin og haustin. - jma

Táknræn brú milli flekanna hjá Sandvík

Norður-Ameríku- og Evrasíuflekana rekur í sundur samkvæmt kenningum jarðfræðinga og rekbeltið liggur meðal annars yfir Reykjanesið og norðaustur um landið.

Því er stundum talað um að Mið-Atlantshafshryggurinn „gangi á land“ á Reykjanesi og Reykjanesið marki skil milli flekanna þar sem skilin birtast sem opnar sprungur og gjár.


Táknræn brú var byggð milli flekanna upp af Sandvík á Reykjanesi og gaman er fyrir ferðalanga að upplifa það að ganga á milli þessara fleka, þar sem segja má að fólk gangi á milli heimsálfa. - jma



Jarðfræðiá hugamenn finna ýmislegt við sitt hæfi á Reykjanesi, meðal annars upp af Sandvík.

FLUGHÓTEL

Toppaðstaða við öll tækifæri



Flughótel er fjögurra stjörnu hótél í hjarta Reykjanesbæjar. Á Flughóteli er hinn rómaði veitingastaður VOCAL þar sem gestum er boðið upp á framúrskarandi þjónustu og ljúffengar veitingar.

Flughótel er kjörinn ráðstefnu- og fundarstaður með fjóra sérsniðna og glæsilega fundarsalir fyrir 15 til 150 manns. Við bjóðum þér að njóta toppaðstöðu Flughótels við öll tækifæri.

www.flughotel.is

IH
ICELAND AIR HOTELS
FLUGHÓTEL

Hafnargata 57, Keflavík / sími 421 5222

Fjáröflun á Flughóteli

Næstkomandi laugardag verður fjáröflunarveisla, til styrktar þeim íbúum Suðurlands sem farið hafa illa út úr eldgosinu í Eyjafjallajökli, haldin á veitingastað Flughótels, Vocal Restaurant, í Reykjanesbæ.

Að fjáröfluninni standa Vocal Restaurant og Rauði kross Íslands og hefst dagskráin klukkan 18.00, með fordrykk, lystaukum og opnun á ljósmyndasýningu Bláaljósmýndarafélags Íslands. Í kjölfarið er boðið upp á fjögurra rétta glæsikvöldverð með hráefni úr náttúru Íslands og milli rétta verða óvæntar uppkomur, skemmtiatriði og lifandi tónlist.

Veislustjóri verður sjónvarpsmaðurinn kunnni Gísli Einarsson, og mun hann einnig stýra uppbóði á ljósmyndum og listaverkum. Miðaverð er 7.500 krónur og



Fjáröflunin er til styrktar þeim íbúum Suðurlands sem orðið hafa illa út úr eldgosinu í Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

rennur allur ágóðinn af miðaverðinu til Rauða kross Íslands. Vocal Restaurant er við Hafnargötu 57 í Keflavík og pantanir eru teknar niður fyrirfram. - jma

Höfum til leigu í Vallarhverfi, Keflavíkurflugvelli

2ja til 6 manna herbergi. Öll herbergi með sér baðherbergi.

Morgunverðarhlaðborð kl. 4:30-9:30. GYM salur fyrir okkar gesti.

Gerum föst tilboð í gistingu fyrir hópa.

Gistihús Keflavíkur

Geymsla á bíl. Akstur til og frá flugvelli

Bed and Breakfast

Valhallarbraut 761, Keflavíkurflugvelli
gistihus@internet.is

Símar: 426 5000/899 2570



Í Víkingaheimum má skoða glæsilega víkingaskipið Íslending og fleira tengt víkingaöldinni.



Fátt jafnast á við umönnun krúttlegs hænuunga í grænni sumarsveit við duggandi sæinn.



Landnámsgarðurinn hefur slegið í gegn hjá ungunum Íslendingum, enda eru þar margir góðir íbúar.



Skessan í Svartahelli er í senn blíð og ógnvekjandi þar sem hún situr og hrýtur svo hátt að glymur í.

Nýbornum kiðlingum klappað suður með sjó

Reykjanesbær er á góðri leið með að verða uppáhaldsdægastytting fjölskyldunnar, enda mikið kapp lagt á fjölbreytta affreyingu fyrir lífsglatt barnafólk. Nýjasta gamanið er Landnámsdýragarður meðal

„Krákarnir eru yfir sig hrifnir af Landnámsdýragarðinum, enda margt forvitnilegt og spennandi að sjá og indælt að geta klappað nýbornu ungviðinu og fylgst með því í návígi,“ segir Dagný Gísladóttir, kynningarstjóri Reykjanesbæjar um nýjustu viðbót bæjarins þegar kemur að affreyingu barna- og fjölskyldufólks suður með sjó.

Landnámsdýragarðinn er að finna við Víkingaheima á Fitjum og í honum má skoða kálfa, lömb, kanínur, hænsni, endur og kiðlinga, eða „geitunga“ eins og mannbörn kalla stundum afkvæmi geita.

Í Víkingaheimum er einnig upplagt að skoða safnið og víkingaskipið Íslending, sem er hluti af sýningu Smithsonian-safnsins: Vikings – The North Atlantic Saga. Í Víkingaheimum má einnig sjá sýningu frá fornleifauppgreftri í Höfnum síðasta sumar þar sem talið er að finna megi elsta landnámsskála Íslands.

„Reykjanesbær og náttúruperlan Reykjanes eru ávísun á ómóttæðilega skemmtun fyrir fjölskylduna. Á Ljósanótt opnum við leikjagarð í Rammanum þar sem leikmunir og sviðsmyndir Latabæjar munu skipa stórt hlutverk og gestir geta sett sig í spor Íþróttaálfsins, Söllu stírðu og annarra persóna úr Latabæ. Þar verða fleiri skemmtilegar sýningar á næstunni og þar er flóamarkaður allrar helgar með handverki heimamanna og veitingasölu,“ segir Dagný og gefur hugmynd að draumadegi fjölskyldunnar á Suðurnesjum.

„Það er óbrigðult gaman að byrja daginn á ævintýraferð í Vatnaveröld þar sem úir og grúir af skemmtilegum vatnsleiktækjum fyrir yngstu kynslóðina og kíkja svo á skessuna í hellinum, sem er ógleymanleg upplifun barna. Þá er ísinn í Reykjanesbæ viðfrægt sælgæti og stutt í allar áttir ef fólk langar að skoða fagra náttúru Reykjanes. Með tilkomu

Ósobotnavegs er nú hægt að taka stærri hring og fara út á Reykjanesbær með viðkomu í Sandgerði og Garðinum,“ segir Dagný og á þá við ónefnt stolt Reykjanesbæjar sem er tíu kílómetra löng strandleið sem er vinsæl til gönguferða, hjólríða og skokks.

„Þar höfum við sett upp fræðsluskilti um sögu, fugla- og dýralíf, en staðurinn er auðvitað gamall sjósóknarbær þar sem sjá má gamlar bryggjur og útræði ásamt blásandi hvöllum, höfrungum, hnísum og fjölskrúðugu fuglalífi við ströndina,“ segir Dagný um strandleiðina sem nær frá Grófinni, þar sem skessan býr, að Stapa, þar sem Stapaðraugurinn ógurlegi heldur sig eins og margir kannast við.

Þess má geta að ókeypis er í Landnámsdýragarðinum sem er opin alla daga frá klukkan 10 til 17 og frítt í sund fyrir öll börn alla daga.

thordis@frettabladid.is



Fjörgur og dúnmjúkur kiðlingur í fangi frískra pílta í Landnámsdýragarðinum.

MYND/HILMAR BRAGI BÁRÐARSON



Skemmtun fyrir alla fjölskylduna

OPIÐ: 6:45 - 20:00 virka daga, 8:00 - 18:00 um helgar

Frítt fyrir börn



REYKJANESBÆR

- heilbrigður bær!

Vatnaveröld
fjölskyldusundlaug



Gunnar Þór Hallgrímsson, Ellen Magnúsdóttir og Bob Dusek við veiðar á sanderlum við Garðskaga en rannsóknir á fuglum eru viðamikill hluti starfsemi Náttúrustofu Reykjaness.



Sýni tekið til greiningar á fuglflensu.



Gamaldags guðsþjónusta verður haldin í Keflavíkurkirkju á sunnudaginn og gamlir sálmar sungnir.

Rannsóknir á Reykjanesskaga

Náttúrustofa Reykjaness er ein af sex náttúrustofum landsins. Umdæmi hennar er allur Reykjanesskaginn og hefur stofan nú starfað í tíu ár að rannsóknum á fuglalífi, lífríki hafsins og náttúruferjum Reykjanesskagans.

„Við sinnum bæði rannsóknum og fræðslumálum,“ útskýrir dr. Sveinn Kári Valdimarsson, forstöðumaður Náttúrustofu Reykjaness. Auk hans eru þar þrjú starfsmenn en að jafnaði starfa tíu til fimmtán manns í húsinu við rannsóknir, bæði Íslendingar og erlendir vísindamenn.

„Við erum í töluverðu samstarfi við ýmsa aðila en á síðustu fimm árum hafa gistinætur erlendra vísindamanna á vegum stofunnar verið um 260 á ári og hér geta verið allt upp undir fimmtán þjóðerni í einu að vinna. Núna eru hér Hollendingar og Ameríkumenn að rannsaka strandfugla,“ segir Sveinn Kári en undanfarin sex ár

hafa fuglarannsóknir verið stór hluti af vinnu stofunnar.

Nýlega fékk Náttúrustofan verðlaun fyrir ritgerð um B-vítamínskort í fuglum sem kom út á síðasta ári en sú ritgerð var unnin í samvinnu við Háskólann í Stokkhólmi. „Verðlaunin heita Cozzarelli og eru veitt af The National Academy of Science. Þau eru gríðarleg viðurkenning.“

Sveinn Kári segir verkefni Náttúrustofunnar flest unnin að frumkvæði stofunnar en tengjast einnig mastersverkefnum, til dæmis við Háskóla Íslands. Meðal yfirstandandi verkefna stofunnar er kortlagning fjörunnar á Reykjanesskaganum og mastersverkefni við

HÍ, Eldfjallagarður á Reykjanesskaga, þar sem sjálfbærni í ferðamennsku er meðal rannsóknarþema. „Það verkefni miðar að því að kynna og sýna það sem ferðamenn eru komnir hingað til að sjá, á sem sjálfbærastan og náttúruvænstan hátt. Við eigum gríðarlegan fjársjóð í náttúrunni og þar leynast sóknarfæri sem verður hægt að byggja á þessari rannsóknarvinnu.“

Friðun hafsvæða og mögulegir þjóðgarðar í sjó er annað viðamikil verkefni sem Náttúrustofan hefur nýlengið. Þar rannsókuðu vísindamenn stofunnar þá möguleika sem friðun hafsvæða gæti haft á fiskveiðar og fiskveiðistjórnun og verndun líffræðilegs fjölbreyti-

leika í sjónum. Niðurstöður rannsóknarinnar segir Sveinn Kári geta nýst stjórnvöldum, meðal annars til að uppfylla þá alþjóðasamninga sem gerðir hafa verið um líffræðilegan fjölbreytileika og fiskveiðistjórn. Hann segir hafið lítið hafa verið rannsakað og næg verkefni fram undan.

„Það kom í ljós við þessa vinnu hvað vantar mikið af upplýsingum og hvað við vitum alltof lítið um þá fiskistofna sem í kringum okkur eru. Því er mikilvægt að sinna rannsóknum og safna upplýsingum í gagnagrunna.“

Nánar má kynna sér starfsemi Náttúrustofu Reykjaness á heimasíðunni, nr.is heida@frettabladid.is

Gamaldags guðsþjónusta

Keflavíkurkirkja 1915 er yfirskrift gamaldags guðsþjónustu sem haldin verður í Keflavíkurkirkju sunnudaginn 6. júní.

Gamaldags guðsþjónusta verður haldin í Keflavíkurkirkju klukkan 19.15 næsta sunnudag. Yfirskrift guðsþjónustunnar er Keflavíkurkirkja 1915 og verður saga kirkjunnar rifjuð upp auk þess sem gamlir en þekktir sálmar verða sungnir.

Prestur er séra Skúli S. Ólafsson, organisti Arnór Vilbergsson og Jóhann Smári Sævarsson syngur einsöng. - eð

Samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs hefur risið á Ásbrú




Kadeco

Ásbrú er samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs sem hefur verið að byggjast upp í Reykjanessbæ á undanförunum þremur árum. Hér er stærsti háskólagarður Íslands, metnaðarfullt nám hjá Keili, eitt stærsta frumkvöðlasetur landsins, auk fjölda annarra spennandi verkefna á borð við orkurannsóknarsetur, heilsuþorp og alþjóðlegt gagnaver.

ÁSBRÚ
Í REYKJANESBÆ
www.asbru.is


Ertu með viðskiptahugmynd? Í frumkvöðlasetrinu Eldey býður Kadeco í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands upp á frábæra aðstöðu fyrir frumkvöðlafyrirtæki. Bæði skrifstofuaðstaða og smiðjurými eru laus.



Til að sækja um aðstöðu í Eldey eða Eldvörpum hafið samband við Kadeco í síma: 425-2100 eða fyrirspurnir@kadeco.is

Eldvörp er glæsilegt, nýuppgergt skrifstofuhótel

byggt á hugmyndafræði norrænna vísindagarda þar sem þekkingarfyrirtæki eru í návist hvort við annað og deila fundarherbergjum og ráðstefnusal. Í boði eru skrifstofur fyrir smáfyrirtæki eða jafnvel einstaklinga í verkefnavinnu jafnt sem stærri skrifstofur.



www.eldvorp.is



Um 500 ungmenni hefja störf hjá vinnuskólanum í næstu viku.

Sumarstörf fyrir 750

750 ungmenni fá sumarstörf hjá Reykjanessbæ í sumar. Ungmennin hefja störf í þessari viku og þeirri næstu.

Um 500 ungmenni sóttu um störf hjá Vinnuskólanum í Reykjanessbæ sem byrjar í næstu viku. Auk þess ákvað bæjarfélagið að bjóða skólafólki á aldrinum 17 til 20 ára störf við ýmis verkefni í sumar og sóttu um 200 ungmenni á þeim aldri um vinnu.

Allir sem sóttu um fengu vinnu og ef taldir eru með þeir sem voru ráðnir sem flokksstjórnar við vinnuskólann og í sumarátak eða afleysingar hjá stofnunum bæjarins hefja alls um 750 ungmenni störf í þessari viku og þeirri næstu hjá bæjarfélaginu. - eð

FRANSKIR BÍLAR endast verst í Nor-
egi segir í frétt í bílatímaritinu BilNorge sem
byggð var á tölum yfir afskráða bíla sem
sendir voru í eyðingu. Volvo og Mercedes
eru langlífastir samkvæmt sömu tölum.



Á FERÐINNI



„Ég hef reynt að temja mér sparakstur og honum fylgir líka öryggi því maður keyrir gætilegar,“ segir Sigurrós. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Gott að hafa eyðslumæli

Eldsneytisverð er í þeim hæðum hér á landi að eftir miklu er að slægjast með því að temja sér sparakstur. Sigurrós Pétursdóttir, vörustjóri hjá Toyota, hefur náð góðum árangri í þeirri viðleitni.

Tvö ár í röð hefur Sigurrós sigrað í sparaksturskeppni Atlantsolíu og FÍB í flokki bensínbíla með vélarstærð 1201-1600 cm³. Í bæði skiptin hefur hún ekið Toyota Yaris. Hún var eina konan sem tók þátt í keppninni sem haldin var í síðustu viku og bíllinn hjá henni eyddi 4,45 lítrum á hundraði. Hvernig er farið að því?

„Auðvitað eru öll trikk notuð til að eyða sem minnstu í svona keppni. Maður kveikir til dæmis hvorki á útvarpi, miðstöð né sjálfvirkri loftstillingu því rafmagnseyðsla er jafnframt bensíneyðsla. Í daglegum akstri gengur maður auðvitað ekki svo langt en reynir að hafa tilfinningu fyrir bensín-gjöfni og augu á snúningshraðamælum sem á helst ekki að fara yfir 200.“

Sigurrós segir sparakstur ekki endilega þýða mjög hægna akstur. „Best er að taka þokkalega ákveðið af stað og ná jöfnum hraða sem fyrst,“ segir hún. „Leyfa bílnum að vinna sjálfum upp brekkur, án þess að gefa of mikið í, en slá af og láta hann rúlla niður og grípa svo inn í með pedalann á réttum tíma. Það þarf líka að beita lagni í beygjum til að halda hraðanum sem jöfnustum.“

Hún tekur fram að auðveldara sé að stunda sparakstur á vegum úti en í þéttbýlinu því allt stöpp kosti peninga „Ef maður heldur sig í hæsta gír á 80-90 kílómetra hraða á sléttum þjóðvegum þá er bensíneyðslan í lágmarki. Þetta er erfðara í bænum innan um öll umferðarljósin.“

Í keppninni í síðustu viku var

ekinn Þingvallahringur, þaðan út á Selfoss og Eyrarbakka og um Þrengslin til baka. „Við lentum í miklu roki út við ströndina og það jók á bensíneyðsluna,“ segir Sigurrós sem var ein í bílnum en kveðst hafa þjálfað sig aðeins í sparakstri fyrir keppnina í fyrra með tækni- stjórum fyrirtækisins. „Svo tók ég fjölskylduna með í skemmtilegan bíltúr en hún sofnaði öll á meðan ég æfði mig,“ segir hún hlæjandi.

En er hún alltaf meðvituð um að eyða sem minnstu bensíni dags daglega? „Ekki alveg alltaf því stundum þarf ég að flýta mér. Þó hef ég reynt að temja mér sparakstur og honum fylgir líka öryggi því maður keyrir gætilegar. Svo er gott að hafa eyðslumæli í bílnum. Þá fer maður ósjálfrátt að reyna að ná tölunni niður.“

gun@frettabladid.is

Aldrei náðst betri árangur

Ef bæði bíllinn og ökumaðurinn eru góðir er árangurinn eftir því

„Ég vil nú alls ekki vera að monta mig því bíllinn er langstærsti pósturinn í þessu, en auðvitað þarf ökumaðurinn að búa yfir ákveðinni leikni líka,“ segir Margeir K. Eiríksson, sölumaður Volkswagen hjá Heklu, sem náði bestum árangri í Sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu síðastliðinn miðvikudag þegar hann ók Volkswagen Polo bifreið, árgerð 2010, með 1.6 lítra diesel vél. Bíllinn eyddi einungis 2,93 lítrum af eldsneyti á hundraði og er það besti árangur sem náðst hefur í keppninni síðan hún var fyrst haldin árið 2005.

Margeir er að vonum ánægður með árangurinn, en hann hefur starfað hjá Heklu síðan 1983. „Ég hef verið að keyra bíla á sýningarferðum um landið í mörg ár og það hjálpar klárlega til. Nú bið ég bara eftir því að tilboðin frá bílaumboðunum fari að streyma inn fyrir næstu keppni,“ segir Margeir og hlær.



Margeir sigraði á Volkswagen Polo.

TVEIR STÓRGÓÐIR !!



teg. 4457 - gamli, góði íþróttahaldarinn í BCD skálum fæst í hvítu, húðlitu og svörtu á kr. 4.350,-



teg. 75526 - mjög flottur íþróttahaldari í BCD skálum, fæst í hvítu og svörtu á kr. 4.350,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.

Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

f Vertu vinur f

Jónsmessuhátíð Útivistar í spennandi umhverfi.

Nánari upplýsingar á utivist.is



Laugavegi 178 - Sími: 562-1000 - www.utivist.is

LAGERSALA

50-90% afsláttur

TÍSKUFATNAÐUR ÚR VERSLUNINNI ILSE JACOBSEN
- KOMIÐ OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP Á NÝRRI SUMAR-
LÍNU - VÖNDUÐ VARA Á STÓRLÆKKUÐU VERÐI

TOPPAR - KJÓLAR - SKOKKAR - BOLIR - PILS - BUXUR - JAKKAR
- KÁPUR - SKÓR - STÍGVÉL - SKART O.FL.

LANGHOLTSVEGUR 126, 104 REYKJAVÍK, s. 618 4150.

Opið:

Fimmtudaginn 3. júní kl.12-18

Föstudaginn 4. júní kl.12-18

Laugardaginn 5. júní kl.12-18

Sunnudaginn 6. júní kl.12-17

Missið ekki af þessu einstaka tilboði !

ER VAGNINN RAFMAGNSLAUS?



Setjum
sólarsellur
á vagna

Tilboð á
rafgeymum

- Mælum rafgeyminn
- Mælum virkni á sólarsellu
- Mælum útleiðslu
- Veitum ráðgjöf

Tilboð á
hleðslutækjum



TUDOR

Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



TOYOTA YARIS TERRA. Árgærd 2007, ekinn 55 þ.KM, BENSÍN, 5 GIRAR. Verð 1.350.000. stg Rnr.100976 bíllinn er á staðnum. Erum farnir að taka við ferðavögnum og húsbílum á staðinn. mikil eftirspurn.



PALOMINO COLT. Árgærd 2006, Fortjald, sólarsetla og Hitadýnur. Verð 1.350.000 stg Rnr.100960 fellhýsið er á staðnum. Erum farnir að taka við ferðavögnum og húsbílum á staðinn. mikil eftirspurn.

Bílamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



NISSAN PATROL GR 35. Árgærd 1998, ekinn 276 þ.km, DÍSEL, 5 girar 7 manna Tilboð 990þ Rnr.151617

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is




JEEP Grand cherokee laredo 4x4 99. Árgærd 2001, ekinn 141 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. Rnr.103605.Allar nánari upplýsingar hjá Netbilar.is s 588 5300



SUZUKI Baleno glx wagon 4wd. Árgærd 2000, ekinn 188 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 390.000. Rnr.102963.Allar nánari uppl hjá Netbilar.is s 588 5300

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
<http://www.netbilar.is>



TOYOTA AVENSIS WAGON SOL LEDUR Árgærd 1999. Ekinn 190 þ.km Verð kr. 690.000.

Höfðahöllin
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



Rexton RX-290 DIESEL 12/2003 (árg 2004) ek 160 þ.km , sjálfskiptur, verð 1590 ath skipti á ód bil.



VW Touareg V6 07/2005 ek 93 þ.km, sjálfskiptur, flottur jeppi með leðri og lúgu, verð 3390 ákv 800 ath skipti á ód bil.



Mazda 6 2.3 I Sport 04/2006 ek 32 þ.km, 5 gira , verð 2 mil ath ymis skipti !!

Bílasalan Bilfang
Malahöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



Keystone Zeppelin hjólhýsi, árg. 2004, Eldhús m/örbylgjuofn, eldavel og stærstu gerð af lsskáp, WC, sturta, Fullblúð 2 manna hús með öllum þægindum, Ásett verð 1450þús.kr, er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is



Honda Accord 2.0 Sport, 01/2005 Ekinn 86þús. Ssk. Ásett Verð 1.990.000.- Áhvilandi lán 960.000.-



Toyota Yaris Terra VTI, 06/2005 Ekinn 96þús. Bsk. Ásett verð 1.090.000.-



Hyundai Getz GLS, 06/2007 Ekinn 61þús. Bsk. Ásett verð 1.390.000.-

Bílahöllin
Bíldhöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



TOYOTA HIACE Árgærd 2006. Ekinn 68 þ.km Verð kr. 2.190.000.

Höfðahöllin
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



SKODA Octavia ambiente combi 4x4. Árgærd 2001, ekinn 182 þ.KM, bensín, 5 girar. Tilboðsverð 480.000. Rnr.103962. Allar nánari upplýsingar hjá Netbilar.is s 588 5300



SUBARU Legacy. Árgærd 2006, ekinn 69 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.103985.Skoðar skipti - uppl 588 5300 eða á www.netbilar.is - Það er lang ódýrast að selja hjá okkur.... Netbilar.is #1 í bílum



HONDA Cr-v stw 4wd advance 147h. ö.. Árgærd 2001, ekinn aðeins 69 þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Eins og nýr Verð 1.190.000. Rnr.103975.Allar nánari uppl í sími 588 5300. Netbilar.is #1 í bílum - Það er lang ódýrast að selja hjá okkur



VW Touran 7manna. 100% lán Árgærd 2004, ekinn 95 þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 1.550.000. Rnr.100321.Allar nánari upplýsingar hjá Netbilar.is s 588 5300



NISSAN Terrano ii sgx se/sgx. Árgærd 1996, ekinn 231 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 240.000. Rnr.102745.Allar nánari upplýsingar hjá Netbilar.is s 588 5300



NISSAN Navara 4wd at se 35". Árgærd 2006, ekinn 105 þ.KM, diesel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000.Tilboð 3.190 stg Rnr.103553.Allar nánari upplýsingar hjá Netbilar.is s 588 5300

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
<http://www.netbilar.is>



DAEWOO Nubira. Árgærd 1999, ekinn 132 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 290.000. Rnr.103656.Allar nánari uppl hjá Netbilar.is s 588 5300

HYUNDAI H-1 diesel sendibíll. Árgærd 2000, ekinn 145 þ.KM, dísel, 5 girar. Verð 490.000. Rnr.103977.Allar nánari uppl í sími 588 5300. Netbilar.is #1 í bílum - Það er lang ódýrast að selja hjá okkur

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
<http://www.netbilar.is>

Bílar til sölu



Til sölu Cadillac Escalade árg. 07 ek. 64 þús. km. V. 7,3 millj, engin skipti möguleg. Einn með öllu. S. 899 2857.



TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD. Árgærd 2005, ekinn 114 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.182569




Toyota Land Cruiser 120 árg'08, ek.51þ. Diesel knúinn. Hvítur, m.vindskeldi að aftan, grjóthlíð framan og á hliðarrúðum, motta aftur í.V.6.990.000 ekkert áhvilandi en 70% lánamöguleiki. Uppl í S. 825 0070



Isuzu Turbo 99'árg.3,0l, diesel, ný.sk.11' ek.210þ. 5 gira mjög góður bíll v.650þ. Tilboð 580þ. uppl: 865 1655

Toyota Carina E Station, árg 97', ek. 212 þ. Nýskoðuð, verð 290 þ. ATH. Var vinnubíll. S. 868 0989



Chevy Suburban árg 1999. Ekinn rúmlega 200 þús. Nýleg 35" dekk. Leður, rafmagn og nóg pláss fyrir fólk og farangur. Verð 1.850þús. s. 897 6151.

Mazda demio árg 01, þarfnast smá lagfæringa. Verð: 200þ. Uppl. í s. 617 9510.

Til sölu



27 ára reynsla af bílasölu

Höfum kaupendur að húsbílum á verðbilinu 3-5 milj. Vantar einnig fleiri ferðavagna

Höfum innipláss í glæsilegum sýningarsal á besta stað við innkeyrslu bæjarins.



Honda Shadow VT 750 1/2009 ek. 1.000km. Hliðartöskur vindhlíf aukaseti. Verð 1.390.000 Fleiri hjól á bilas.is



UT505. Fleetwood Cheyenne 2004 15" dekk loftþúðar, fortjald, sólarsetla, wc. Mjög gott útlit verð. 1.750.000



Fleetwood Americana Bayside 2007 Útdraganleg á hliðum, Marcisa, sólarsetla. Glæsilegt hús með miklu rými. Ath.sk. á fólksbíll. Verð 2.490.000



MK122. Fiat Dukato 2,8 12/2000 lengd 7,3m. Ek. 70.000 Einn með öllu, mikið rými. Verð 5,800.000

Bilás Bílasala Akranes • Smíðjuvöllum 17 Akranes • 431-2622/bilas.is

Til sölu



MAZDA 6 ek. 19þús, árg. ,08 skjálfsk. Eins og nýr. Aukabúnaður óteljandi. Nýr 5m ásett 3,2m útsala 2590þús. Hægt að fá 6 ára lán 13þús á hverja milljón m.vöx, 70%.
Uppl. S. 867 3441 553 2706.



MORGUNFUNDUR Fjárhagsleg endurskipulagning þarf að fara fram áður en hægt verður að skrá fyrirtæki á markað, segir bankastjóri Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bíða verður með skráningu

Rúm fjörutíu prósent fyrirtækja eru í vanskilum við Íslandsbanka

Tæpur helmingur fyrirtækja er í skilum með lán sín við Íslandsbanka og tæp tíu prósent á atvugunarlista. Rétt rúm fjörutíu prósent fyrirtækja eru í vanskilum. Sjávarútvegsfyrirtæki eru flest í skilum við bankann en tæp áttatíu prósent eignarhaldsfélaga. Þetta kom fram í máli Birnu Einarssdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, á morgunfundi Samkeppniseftirlitsins um yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum fyrir rúmri viku síðan.

Birna benti á að inni í eignarhaldsfélögum væru oft á tíðum traust félög sem væru ýmist í skilum eða í fjárhagslegri endurskipulagningu. Jafnframt kom fram í máli hennar að bankinn hefði

ekki tekið mörg fyrirtæki yfir. Þau sem lent hafi í höndum bankans fari hins vegar sem fyrst í söluferli sem sé opið og gagnsætt ef því verði komið við.

Birna kvaðst hins vegar hafa efasemdir um skráningu fyrirtækja í eigu bankanna á markað við núverandi aðstæður. Hún sagði markaðsskráningu vera ábyrgðarhluta og að vinna verði með fyrirtækin og laga til í rekstri þeirra áður en að skráningu geti komið. Þá sagði Birna það vænlegri leið að selja fyrirtækin fyrst fjárfestum, sem síðan kynnu að innleysa hagnað þegar þau yrðu skráð síðar á hlutabréfamarkað. - *jab/óka*

er í fínun rekstri og ágætri stöðu. Hverjum dettur til dæmis í hug að draga þá ályktun að fyrirtæki á borð við CCP sé ekki skráningarhæft. Það er bara eigendanna þar að taka ákvörðun um skráningu.“

AÐHALD KOMI VÍÐAR AÐ EN FRÁ EFTIRLITSSTOFNUNUM

Forstjóri Kauphallarinnar varar við einhliða sýn á stöðu mála og óþarfa svartsýni. „Það þarf líka að horfa á jákvæðu hliðarnar. Innan um erum við með fyrirtæki í fínun rekstri sem eiga fullt erindi á markað og væri hið besta mál að skrá. Síðan er það að sjálfsögðu forsvarsmanna fyrirtækjanna að leggja í þá vegferð með svolitinn metnað að leiðarljósi, að gera þetta vel, vera til fyrirmyndar, vera framsækið, fylgja reglum og góðum stjórnarháttum og umgangast markaðinn almennt af virðingu. Jafnframt tel ég að fjárfestar og eigendur fyrirtækja hafi lært það af kreppunni að sá háttur sem var á hjá okkar fyrirtækjum sé engin leið til að byggja á til framtíðar.“

Fyrsta skrefið í að byggja upp markaðinn segir Þórður vera að skrá eitt fyrirtæki. Síðan annað og svo koll af kalli. „Það þarf ekki mikið til að fara af stað. Ég hef þá staðföstu trú að í sjálfu sér sé sjálf-sagt fyrir okkur að fara hægt, en að nauðsynlegt sé að fara af stað. Áfram er verið að byggja upp og viðhalda þekkingu í þögnunum og fjármálafyrirtækjunum. Ekki á að sitja á höndunum. Að sitja á tækifæri er glatað tækifæri.“

Þórður segist hafa hlustað á marga þá gagnrýni sem sett hafi verið fram um umgjörð þá sem Kauphöllinni sé búin, og einfaldlega ekki alveg sammála öllum þeim sem sett hafa hana fram. „Þótt settar séu fram góðar og gildar athugasemdir þá er verið að gera úrbætur og í það minnsta mat stjórnvalda að þar hafi tekist að gera ágæta hluti. Svo er hitt sem ég tel vera meginmál, að umhverfið núna er þannig úr garði gert að það er engin leið til að hlutir fari jafn aflaga. Maður þarf að vera mjög neikvæður og svartsýnn til að ætla að menn reyni ekki að gera betur en áður.“ Þórður segir ekki rétta leið að setja mál þannig upp að búa verði til fullkomið regluverk um markaðinn áður en af stað sé farið á ný. „Menn eiga hins vegar að vinna með laga- og reglugerðarbreytingar eins og verið er að gera núna. Ég er sannfærður um að fyrirtæki, sem ætla að fá til sín fjárfesta, munu leggja áherslu á að umgangast hlutadeigandi af virðingu og virða lög og reglur sem þar um gilda. Öðruvísi eiga menn þess engan kost að ná í fjármagn á markaði.“

Þá telur Þórður að verdugt verkefni kynni að vera fyrir félag á borð við Samtök fjárfesta, með Vilhjálm Bjarnason í fararbroddi, að setja upp kerfi hjá fagfjárfestum þar sem væri leiðbeiningaþjónusta um ábendingar vaknaði grunur um að eitthvað væri ekki í lagi. „Mér fyndist upplagt að virkja þennan vettvang í þá veru, ef menn hefðu til að mynda áhyggjur af því að menn ætluðu aftur í gömlu sporin.“

ÞESSI KYNNU AÐ EIGA ERINDI Í KAUPHÖLLINA

Félögum í Kauphöllinni (Nasdaq OMX Iceland) hefur fækkað verulega og varð náttúrulega mesta blóðtakan með falli bankanna haustið 2008. Núna eru einungis níu fyrirtæki skráð á aðallista Kauphallarinnar og þrjú eru skráð á First North-markaðinn. Af félögum á aðallista eru fjögur færeysk: Føroya Banki, Eik Banki, Atlantic Airways og Atlantic Petroleum. Íslensku fyrirtækin eru svo Icelandair Group, Marel, Nýherji, Sláturfélag Suðurlands og Össur.

Það er hins vegar ekki svo að hér á landi sé ekki að finna fyrirtæki tæk á markað. Allmargir telja raunar að hér sé að finna fjölda fyrirtækja sem bæði gætu haft af því hag að sækja fjármögnun á markað og fjárfestar kynnu að hafa áhuga á. Eitt slíkt fyrirtæki hefur þegar upplýst um fyrirætlun sína um skráningu en það er nýsköpunarfyrirtækið Marorka, sem hannar og framleiðir orkusparandi búnað fyrir skip.

Hér fer á eftir listi yfir fyrirtæki sem kynnu að koma upp í hugann þegar velt er upp kostum hér innanlands sem erindi kynnu að eiga í endurreista Kauphöll. Taka ber fram að listinn er ekki tæmandi og segir ekkert um áhuga aðstandenda þessara fyrirtækja á því að leita skráningar:

| | |
|--------------------------------|--|
| 66° Norður | - framleiðandi útivistar- og vinnufatnaðar. |
| Arion Banki | - banka- og fjármálaþjónusta á landsvísu. |
| Brim | - útgerðarfélag með starfsemi víða um land. |
| CCP | - hugbúnaðarfyrirtæki sem vinnur að þróun og framleiðslu tölvuleikja. |
| Eimskip | - flutningafyrirtæki með starfsemi heima og erlendis. |
| Hagar | - verslunarfyrirtæki með fjölda verslana (m.a. Bónus og Hagkaup). |
| Icelandic Group | - samstæða fyrirtækja í framleiðslu og sölu sjávarafurða. |
| Íslandsbanki | - sinnir banka- og fjármálaþjónustu á landsvísu. |
| Jarðboranir | - sérhæft fyrirtæki á sviði jarðhitanytingar. |
| Landsbankinn | - sinnir banka- og fjármálaþjónustu á landsvísu. |
| MP Banki | - banka- og fjármálaþjónustufyrirtæki með höfuðstöðvar í Reykjavík. |
| Promens | - framleiðslufyrirtæki í plastiðnaði með starfsemi víða um heim. |
| Fasteignafélagið Reitir | - þjónustufyrirtæki sem leigir út atvinnuhúsnæði. |
| Skeljungur | - olíufélag með þjónustu- og verslunarrekstur um land allt. |
| Vodafone | - fjarskipta- og símafyrirtæki með starfsemi um land allt. |
| Samherji | - flutningafyrirtæki með starfsemi heima og erlendis. |
| Síminn | - fjarskipta- og símafyrirtæki með starfsemi um allt land. |
| Sjóvá | - Sjóvá-Almennar líftryggingar, tryggingafélag með starfsemi um land allt. |
| TM | - Tryggingamiðstöðin er tryggingafélag með starfsemi um land allt. |
| Valitor | - þjónustufyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar. |
| VÍS | - Vátryggingafélag Íslands, stærsta tryggingafélag landsins. |



Í KAUPHÖLLINI Magne Arge, forstjóri Atlantic Airways og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, við skráningu Atlantic Airways á markað hér á landi undir árslok 2007. MARKAÐURINN/VILHELM

Peir sem kunna að meta stuttar boðleiðir og skjóta ákvarðanatöku

...eru fljótastir að flytja sig til okkar.

Ágústa Finnbogadóttir, viðskiptastjóri Ármúla



Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.

Þannig á banki að vera.

- Kreditkort
- Ávöxtun innlána
- Veltureikningur
- Fjármögnun
- Ábyrgðir
- Gjaldreikningar
- Erlend viðskipti
- Innheimtuþjónusta
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Netbanki & þjónustuver

Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.

Kynntu þér málið á mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.

MP BANKI

Borgartúni 26 · Ármúla 13a

Fimm leiðir í þróunaraðstoð

Öll ríki, fátæk og rík, ættu að tryggja grunnheilbrigðisþjónustu, þar með talið aðgengi að öruggum fæðingardeildum, næringu, bóluefni, malaríueftirlit og lækniþjónustu. Á hverju ári deyja níu milljónir barna af völdum sjúkdóma eða áverka sem hefði mátt koma í veg fyrir eða lækna og tæplega 400 þúsund konur deyja af völdum vandkvæða á meðgöngu.

Yfirþyrmandi meirihluti þessara dauðsfalla er í fátækustu ríkjum heims. Að koma í veg fyrir þessi dauðsföll myndi ekki aðeins draga úr þjóningum, heldur myndi það líka stuðla að efnahagslegum bata í fátækum samfélögum þar sem óstöðugleiki ríkir.

Stærsta ljónið í veginum er að fátækustu ríkin hafa ekki efni á grunnheilbrigðisþjónustu fyrir alla, jafnvel þótt kostnaður á hvern og einn sé mjög lágur. Með tilkomu bólusetninga, nýrra lyfja, góðra sjúkdómssgreininga, farsíma og annarrar nýrrar tækni, er grunnheilbrigðisþjónusta orðin bæði skilvirk og ódýr; kostnaðurinn nemur aðeins um sjö þúsund krónum á mann á ári í fátækustu löndunum.

Vegna þágrar stöðu sinnar geta fátækustu ríkin aðeins varið um 1.800 krónum á mann til heilbrigðisþjónustu. Þau þarfnast erlendra fjárhagsaðstoðar til að brúa bil upp á 5.200 krónur á mann. Í dag þarfnast um einn milljarður manna heilbrigðisþjónustu. Heildarupphæðin sem vantar upp á er því um 5,2 billjónir (5.200 milljarðar) króna á ári. Erlend ríki, þar á meðal Bandaríkin, Japan og Evrópusambandið, skaffa nú um mundir einn þriðja af því, um 1,8 billjónir á ári.

Gatið sem þarf að stoppa í nemur því um 3,4 billjónum króna á ári. Ef þeir peningar væru til, mætti bjarga lífi milljóna barna og kvenna á hverju ári.

LÍTIÐ FÉ FYRIR RÍKUSTU LÖNDIN

Þetta er ekki mikið fé fyrir ríkustu löndin. Samt láta þau það ekki af hendi rakna. Augljósustu götin eru í Alþjóðabaráttusjóðnum gegn alnæmi, berklum og malaríu; alþjóðlegu verkefni til að hjálpa fátækustu ríkjunum í baráttunni við þessa illvígú sjúkdóma. Sjóðinn sárvantar nú fé. Hvorki Obama-stjórnin í Bandaríkjunum né aðrar ríkisstjórnir hafa brugðist við því.

Ríkustu löndin gætu auðveldlega skaffað peningana sem upp á vantar. Í fyrsta lagi gætu Bandaríkin bundið enda á dýrt og árangurslítið stríð í Afganistan, sem kostar þjóðarúið um þrettán billjónir króna á ári. Ef Bandaríkin verðu aðeins broti af þeirri upphæð í þróunaraðstoð í Afganistan, yrði þeim miklu meira ágengt í að koma á friði og stöðugleika í þessu stríðshrjóða landi.

Tökum dæmi: Bandaríkin setja rúmar þrjár billjónir króna í þróunaraðstoð og annað eins í alþjóða heilbrigðisaðstoð en spara samt rúmar sex billjónir og geta þar með minnkað fjárlagahallann. Afganistan yrði öruggara land og þarafleiddandi Bandaríkin líka; heimurinn yrði hraustari og bandarískt efnahagslíf myndi eflast mikið.

ALPJÓÐLEGUR SKATTUR

Önnur leið væri að skattleggja stóru alþjóðlegu bankana, sem þéna formúgur með spákaupmennsku. Jafnvel eftir að Wall Street gekk næstum því af hagkerfi heimsins dauðu hlupu bandarísk stjórnvöld undir bagga með fjármálamarkaðnum, svo þar á bæ gátu menn tekið upp fyrri iðju og halað inn ofurgróða. Bankamenn byrjuðu aftur að borga sjálfum sér risabónusa – um 2,6 billjónir árið 2009. Þessir peningar hefðu betur farið til fátækustu ríkja heims en bankamanna, sem unnu sannarlega ekki fyrir þeim.

Það er orðið tímabært að koma á alþjóðlegum skatti á hagnað bankanna, kannski er hægt að leggja hann á millifærslur milli landa. Með þessum hætti mætti afla fleiri billjóna á ári. Þróunarlönd ættu þrýsta á slíkan skatt og ekki sætta sig við rýrar afsakanir sem Bandaríkin og önnur lönd bera fyrir sig, til að vernda bankamenn.

MILLJARÐAMÆRINGAR ALLRA LANDA

Þriðja leiðin væri að fá ríkasta fólk í heimi til að láta meira fé af hendi. Í þeirra hópi má þegar finna marga stórmannvini, til dæmis Bill Gates, George Soros, Warren Buffet og Jeffrey Skoll, sem leggja miklar fjárhæðir til að bæta heiminn. Fleiri milljarðamæringar mættu fylgja þeirra fordæmi.

Samkvæmt nýjasta lista Forbes eru 1.011 milljarðamæringar í heiminum (það er þeir sem eiga meira en milljarð Bandaríkjadala, 130 milljarða króna). Ef þeir myndu allir leggja til 0,7 prósent af auði sínum yrði heildarupphæðin 3,2 billjónir króna á ári. Hugsid ykkur, þúsund manns gætu tryggt grunnheilbrigðisþjónustu fyrir einn milljarð manna, sem búa við sára fátækt.

OLÍUFÉLÖG OG NÝMARKAÐSSVÆÐI

Fjórdi leiðin væri að leita til fyrirtækja á borð við Exxon-Mobil, sem hagnast um tugi eða þúsundir milljarða í Afríku á hverju ári, en varði ekki nema um 651 millj-

ón á ári í varnir gegn malaríu á árunum 2000 til 2007. Exxon-Mobil gæti og ætti að kosta miklu meira af heilbrigðisþjónustu álfunnar, annaðhvort gegnum arðgreiðslur eða líknarsjóði.

Fimmta leiðin er að líta til nýrra landa til að láta fé af hendi rakna, til dæmis Brasilíu, Kína, Indlands og Kóreu. Þau hafa öll sýnina, kraftinn, efnahagslega vöxtinn og diplómatiska hagsmuni til að auka aðstoð sína við fátækustu ríkin, sem og við fátækustu hluta sinna eigin ríkja. Ef Bandaríkin og Evrópa eru of sinnlaus til að gera sitt, munu nýmarkaðssvæðin axla hluta af byrðinni.

Ríku löndin segjast skorta fé til að gera meira. Í raun skortir þau hugmyndaauði, ekki úrræðin. Bandaríkin ættu að draga úr hernaðarkostnaði og verja meira fé í heilbrigðismál. Koma ætti á alþjóðlegum bankaskatti. Milljarðamæringarnir eiga að láta meira fé af hendi rakna. Olíufélagin ættu að láta meira af sér leiða. Nýmarkaðssvæðin á borð við Kína geta minnkað gatið sem ríkustu löndin hafa vanrækt að stoppa í.

Peningarnir eru til. Neyðin er brýn. Prófsteyninn snýst um siðferði og nýja sýn.

©Project Syndicate.



Jeffrey D. Sachs Höfundur er hagfræðiprófessor og stjórnandi Earth Institute við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. Millifyrirsagnir eru Markaðarins.

ISK / EUR

ERT ÞÚ ERLENDUR AÐILI OG ÁTT ÍSLENSKAR EIGNIR?

Ef þú ert erlendur aðili og/eða umboðsmaður erlends aðila sem á íslenskar krónur, ríkisskuldabréf eða aðrar eignir á Íslandi þá hef ég áhuga á að kanna möguleika á viðskiptum.

Upplýsingar: iskeuro@hotmail.com og í síma: 00352-621365895

BRAVIA



Sony LED sjónvarp í "monolithic" hönnun
- líka fallett frá hlið!



KDL22EX302 22"
BRAVIA Engine 2
HD Ready 1366x768 punktar
Birtuskynjari
Stafrænn móttakari Mpeg4
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Verð: 109.900



KDL32EX402 32"
BRAVIA Engine 2
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 159.900



KDL40EX500 40" 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 219.900
HM tilboð: 199.990



KDL40EX600 40" LED
BRAVIA Engine 2
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 269.900
HM tilboð: 249.990



KDL46EX500 46" 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 369.900



KDL55EX500 55" 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 499.900



KDL40HX700 40" 200hz
Glæsileg "Monolithic" hönnun
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 329.900



KDL40NX700 40" LED 100hz
Glæsileg "Monolithic" hönnun
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
Edge LED - Deep Black Panel
Innbyggt WiFi þráðlaust net
USB tengi og AVC-HD afspilun
Verð: 359.900

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669
www.sonycenter.is

Sony Center

ÚR FORTÍÐINNI



Í klippingu í sólinni

Fátt er hvítleiðara en að húka inni fastur við vinnu þær fáu stundir sem sólín glennir sig á Íslandi. Villi Þór rakari lét það ekki stöðva sig í júlí 1974. Hann

dró rakarastólinn út á stétt og lét sólina sleikja sig og viðskiptavininn um leið og hann mundi aði skærin.

FYRIRTÆKIÐ



ALVANAR Í RÁÐSTEFNUGEIRA Þórunn Dögg Árnadóttir og Birna Björg Berndsen eru í forsvari fyrir Athygli Ráðstefnur, nýtt fyrirtæki sem nú haslar sér völl í utanumhaldi og skipulagningu ráðstefna.

Fréttablaðið/GVA

Í kreppu þarf enn frekar að ræðast við

Athygli ráðstefnur heitir nýtt fyrirtæki sem um þessar mundir haslar sér völl á sviði ráðstefnuhalds. Að fyrirtækinu standa Birna Björg Berndsen og Þórunn Dögg Árnadóttir, sem báðar hafa mikla reynslu á því sviði. Fyrirtækið eiga þær til hálfis á móti almanna-tengslafyrirtækinu Athygli.

Birna segir langt því frá að ráðstefnuhald hafi fallið niður þó svo að hér hafi orðið hrun í efnahagslífinu. Þá sé Eyjafjallajökull hættur að gjósa og býst hún ekki við nema tímabundnum áhrifum gossins á ferðamenskuna. Hún segir engan bilbug á þeim Þórunni að finna. „Fagstéttir hætta ekkert að hittast og tala saman. Svo er að vissu leyti möguleiki á fleiri fundum og ráðstefnum í kreppu,“ segir hún, enda þurfi fólk þá enn fremur en áður að hittast til að tala saman. „Það þarf jú að sjá hvað gerðist og hvað er hægt að gera betur.“

Um leið telur Birna vandséð að í heiminum sé annar staður betur til þess fallinn að ræða efnahagskreppuna en hér á landi.

Aukin athygli tengd hrúni og eldgosu telur Birna að hjálpi frem-

ur til við að kynna landið og ýta undir ráðstefnugeirann þegar fram í sækir. Þá stefni í að aðstaða til funda og ráðstefnuhalds batni enn með því að hér verður á næsta ári opnað sérstakt ráðstefnuhús, Harpa við Reykjavíkurböfn. „Húsið kemur enda til með að vekja mikla athygli.“

Birna segir þær stóllur bjartsýnar á að hér fari allt upp aftur þrátt fyrir tímabundna niðursveiflu. Aukinheldur hjálpi lágt gengi krónunnar til við að laða hingað til lands ferðafólk.

Birna segir að þær Þórunn hafi starfað saman í þessum geira í um tólf ár. „Við sáum svo þennan möguleika með Athygli þar sem hægt er að samnýta ýmsa hluti,“ segir hún og nefnir sem dæmi alþjóðleg tengsl Athygli og svo verkefni á borð við útgáfu, umbrot, hönnun og auglýsingasöfnun þar sem samstarfið komi sér vel.

Um leið áréttar Birna að Athygli ráðstefnur sé sérstakt fyrirtæki sem þjónað geti hverjum sem er. Frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á slóðinni www.athygliradstefnur.is.

- Ók

Græn framtíð í færeyskum farsímum

„Það er gaman að sjá íslenskt hugvit fara út fyrir landsteinana og farsíma öðlast framhaldslíf,“ segir Bjartmar Alexandersson, framkvæmdastjóri Grænnar framtíðar.

Fyrirtækið innsiglaði í gærmorgun samning við færeysku fjarskiptafyrirtækin Føroya Tele og Vodafone ásamt verslunum á eyjunum um endurvinnslu á farsímum. Íbúar Færeyja eru rúmlega fimmtíu þúsund og telur Bjartmar að þeir eigi nær allir farsíma. Þá eru ótaldir þeir gagnslausu símar sem liggja ofan í skúffum landsmanna en þeir ekki komið frá sér þar sem ekki bjóðast margir möguleikar til að koma græjunum í lög.

Farsímarnir sem Færeyingar skila framvegis í endurvinnslukassa Grænnar framtíðar eru sendir til fyrirtækja í Evrópu sem nýta íhluti úr þeim til að búa til nýja síma. Þeir eru síðan seldir á lágu verði til íbúa þróunarlandanna.

Mikill áhugi er á framtakinu ytra, að sögn Bjartmars en Annika Olsen, innanríkis- og umhverfisráðherra Færeyja, var viðstödd þegar Bjartmar kynnti samninginn í húsakynnum Føroya Tele í gærmorgun. Hann færði henni ösku úr Eyjafjallajökli að gjöf.

Græn framtíð hefur gert sambærilega samninga um endurvinnslu farsíma og annarra smáraftækja hér og standa samningaviðræður yfir við Grænlandinga.

- jab

FYRSTI FARSÍMINN Annika Olsen, innanríkis- og umhverfisráðherra Færeyja, sýnir endurvinnslu á farsímum mikinn áhuga. Hún setti fyrsta farsímann í endurvinnslu í gær.



YFIR HEIÐINA MEÐ ÓLA KRISTJÁNI

Snotur en ekki forstjórabíll



Óli Kristján Ármannsson blaðamaður tekur til kostanna notaða bíla og metur hvort þeir fái staðið undir því að kallast forstjórabíll.

Tekinn var til kostanna KIA Sorento BL jeppi. Í sem skemmstu máli má segja að þar sé á ferðinni allra snotrastí bíll, áferðarfallegur og finni í flesta staði, en þó tæpast í flokki forstjórabíla.

Þó er það svo sem ekki ytra byrðið sem truflar heldur skortur á ákveðnum lúxus inni í bílnum. Á sætum er plussáklæði þegar betur hefði farið á því að vera með leður og aukinheldur eru allar stillingar í höndunum, þegar maður hefði ef til vill fremur búist við rafmagni í sætum.

Sömu sögu er að segja úr mælaborði. Sjálfvirkur hitastillir er ekki í bílnum og þótt mælir fyrir ofan framrúðu sýni hitastig úti, áttavita, hversu langt er hægt að keyra á því eldsneyti sem er í bílnum og í hversu langan tíma, þá er þar ekki að finna eyðslumæli.

Ef til vill hefur framleiðendum bílsins ekki þótt taka því, þar sem hann er afar eyðslugrannur af jeppa að vera. Vélin er enda ekki mjög stór, tveir og hálfur lítri og bíllinn gengur fyrir dísilólú.

Bíllinn er sjálfskiptur og hægt er með einföldum hætti að velja á milli þess hvort ekið er eingöngu í afturhjóladrifi, fjórhjóladrifi og lágu fjórhjóladrifi. Þegar ekið er með afl á tveimur eingöngu þá virðist eyðslan jafnvel undir því sem maður myndi búast við af litlum japönskum bíl á borð við Toyota Corolla. En það er þó ekki nema tilfinning prufuökumanns sem ræður því mati, lengri tíma hefði þurft til að mæla eyðsluna. Í skráningarskírteini er hins vegar gefin upp meðaleyðsla í blönduðum akstri upp á 8,6 lítra. Hlýtur það að vera vel sloppið.

Ekkert er þó undan kraftinum í bílnum að kvarta og hrósa ber Kór-eubúnum fyrir sjálfskiptinguna, sem virðist eitthvað skyld því sem Volvo notar í sína bíla. Hægt er að smella til skiptistönginni og með



KIA SORENTO BL 2007 Ekki er annað að sjá en að jeppinn kunni vel við sig á malar-slóða á Helliðshéi. Framleiðandinn hefur látið til sín taka í samkeppni og var stigið stórt skref hjá KIA þegar árið 2006 var ráðinn þangað einn áhrifamesti bílahönnuður heimsins, Peter Schreyer, sem áður var hjá Volkswagen AG.

MARKAÐURINN/ÓKA

HELSTU STAÐREYNDIR

| KIA Sorento BL, árgerð 2007 | |
|-----------------------------|-----------------------|
| Ásett verð: | 3.690.000 krónur |
| Ekin: | 60.200 km |
| Lengd: | 459,0 cm |
| Breidd: | 186,5 cm |
| Litur: | Svartur |
| Sætafjöldi: | 5 |
| Þyngd: | 2.063 kg |
| Burðargeta: | 607 kg |
| Slagrými: | 2.497 cm ³ |
| Afl: | 125,0 kW |
| Eldsneyti: | Dísil |

því að hnika henni upp eða niður ráða því sjálfur í hvaða gír bíllinn heldur sig. Þetta kemur sér einkar vel vilji maður láta vélinu halda við niður langa brekku á við Kambana, eða mótorbremsa þar sem maður er á ferðinni. Með þessu má draga enn frekar úr eldsneytisnotkun.

Upplifunin af akstrinum er jeppaleg, bíllinn er fremur hastur og maður finnur vel fyrir misfellum í veginum þegar hægar er ekið. Á malarvegi er bíllinn þó stöðugur og góður í fjórhjóladrifinu og finnst minna fyrir misfellum þegar hart er ekið yfir þær. Skriðstilli (e. cruise-control) er haganlega fyrir komið í stýri bílsins og er þægilegur við að eiga.

Hins vegar lætur nokkuð hátt í vélinni í bílnum og vildi maður til dæmis panta sér skyndibita á stöðum þar sem lagt er fyrir framan hljóðnema áður en ekið er í lúgu til að sækja bitann þá þyrfti öku- maður að hækka nokkuð róminn til að panta.

Heildarupplifunin af bílnum er sú að hér sé jeppi sem hafi margt að bjóða þótt íburður sé ekki mikill. Líklegt að maður fá ágætis gildi fyrir aurinn, en uppsett verð er tæpar 3,7 milljónir króna. Forstjórar í leit að bíl munu þó kannski vilja svipast um eftir lúxusgerð jeppans, með leðursætum og auknum búnaði, eða jafnvel hinkra og sjá hvernig nýjasta útgáfa Sorento-jeppans, sem væntanleg er til landsins í þessum mánuði gerir sig. Grunnverð þess bíls er sagt munu verða innan við sex milljónir króna, en jeppinn hefur verið endurhannaður, er bæði lengri og rennilegri, auk þess sem sporvöld hefur verið aukin. Þá er líka mun meira lagt í innrými nýju gerðarinnar og aukin þægindi. Framleiðandinn segir áherslu lagða á aukin kraft og aukna sparneytni. Er þar væntanlega kominn bíll sem verðskuldar nánari skoðun. Vonandi bara að titringur ríkja á Kóreuskaga tefji ekki að nýja línan berist hingað.

Hulunni svipt af nýjum iPhone eftir viku

Gert er ráð fyrir að Steve Jobs, forstjóri bandaríska tæknirans Apple, kynni nýjustu kynslóð iPhone-farsímans á árlegri tækniráðstefnu fyrirtækisins sem hefst í Kaliforníuríki vestanhafs á mánudag í næstu viku.

Netmiðillinn Touch Review, sem flytur fréttir af tækjum Apple sem byggjast á snertitækni, segir nýja símann ekki koma sérstaklega á óvart í þetta sinn enda hafi helstu upplýsingar um hann lekið út fyrir nokkru. Á meðal þess helsta sem talið er líklegt að greini þann nýja frá fyrri gerðum er myndupptaka í háskerpu, aðgangur að iBooks-netbókaverslun Apple og fjölvinnsla (e. multi-tasking).

Eftir því sem flestir erlendir fjölmiðlar telja, má gera ráð fyrir að farsíminn komi á mark-



IPHONE-SÍMI Reiknað er með að væntanleg kynslóð iPhone-síma verði nokkrum skrefum framar en þær sem nú eru á markaðnum. MARKAÐURINN/AFP

að í kringum næstu mánaðamót. Lítið hefur spurst út um verðið á nýja símanum en talið er líklegt að það verði sambærilegt við þá iPhone-síma sem eru á markaðnum. Miðað við það gæti síminn hingað kominn kostað í kringum 150 þúsund krónur. - jeb

Næstum hundrað bankar á hliðina

Tryggingasjóður innstæðueigenda í Bandaríkjunum (FDIC) tók yfir fimm banka um síðustu helgi. Þrír þeirra eru í Flórída, einn í Nevada og annar í Kaliforníu. Bankarnir höfðu lánað mikið til íbúðakaupa og fóru því illa út úr hruni á fasteignamarkaðnum.

Tryggingasjóðurinn tók yfir rúmlega 140 banka vestanhafs í fyrra og hefur það sem af er ári þurft að grípa inn í rekstur 78 til viðbótar. Þar af eru þrettán þeirra sem sjóðurinn tók yfir í ár í Flórída, en þar var mesta hrunið á fasteignamarkaði. Þá eru sex þeirra í Kaliforníu og tveir í Nevada. Þeir fengu aðvörun frá fjármálayfirvöldum vestra vegna slæmrrar fjárhagsstöðu.

Sheila Bair, forstjóri FDIC, sagði í samtali við Bloomberg-fréttastofuna um helgina, að á fyrstu þremur mánuðum ársins hafi 778 bankar í Bandaríkjunum átt í fjárhagsvandræðum. Búist er við að fleiri bankar fari á hliðina og verði hámarkinu náð síðar á árinu.

Svipuðu máli gegnir um bankana fimm og aðra banka sem FDIC hefur tekið yfir en keppinautar keyptu þá nær samstundis í því augnamiði að víkka starfsemi sína út. - jeb



FARINN Tryggingasjóður innstæðueigenda í Bandaríkjunum hefur tekið 78 banka yfir á árinu. MARKAÐURINN/AFP

Amazon spýtir í lófana

Bandaríska netverslunin Amazon er sögð hafa spýtt í lófana í kjölfar gríðarlegra vinsælda spjaldtölvunnar iPad frá Apple og hyggst setja á markað í Bandaríkjunum síðla sumars nýja kynslóð af Kindle-lestölvunni.

Bloomberg-fréttastofan hefur eftir heimildum að nýja lestölvunni verði þynnri en núverandi græja. Til samanturðar er núverandi Kindle-græjan 0,9 sentimetra þykk en iPad-tölvun 1,3 sentimetrar. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði gerð á skjánum, sem verður eftir sem áður í svart/hvítu. Þá hermir Bloomberg að borist hafi úr herbúðum Amazon að þar sé unnið að því hörðum höndum að búa til snertitölvu. Ekki liggur þó fyrir hvort ný lestölvu hafi upp á slíkt að bjóða, að sögn Bloomberg. - jeb

KINDLE-TÖLVAN Lestölvur hafa notið mikilla vinsælda vestanhafs og nota sumir þær frekar en bækur á pappír.



Ert þú með skýra mynd af þínum viðskiptavinum?

TRYGGÐU ÞÉR TRAUSTAR UPPLÝSINGAR UM STÖÐU VIÐSKIPTAVINA ÞINNA

Þegar þú tekur ákvörðun um greiðslukjör viðskiptavinar, gjaldfresti, úttektir og upphæð viðskiptareiknings grundvallast hún alltaf á lánstrausti. Við bjóðum þér aðgang að traustum upplýsingum um íslensk og erlend fyrirtæki sem hjálpa þér að taka ábyrgar og farsælar ákvarðanir í viðskiptum hvort sem þú þekkir viðkomandi aðila eða þarft að kynnast honum betur.

Höfðabakka 9
110 Reykjavík
Sími: 550 9600
Fax: 550 9601
www.creditinfo.is

CREDITINFO
- forskot í krafti þekkingar



Tobias Kloze köfunarkennari



Guðrún Jónsdóttir fjármálastjóri

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.



2.000 bæklingar með afar djúpum þælingum.



5.000 umslög af heppilegri stærð.



Gamalt og gott?

Meðalaldurinn var í hærri kantinum á hádegisverðarfundum viðskiptafræðinga og hagfræðinga í gær en þar ræddu reynsluboltar úr atvinnulífnum um gildin í viðskiptalífnum á árum áður og græðgina í aðdraganda hrunsins. Meðal frummælenda var Guðrún Lárusdóttir, sem stofnaði útgerðina Stálskip í Hafnarfirði með eiginmanni sínum árið 1970.



Líkt og fleiri frummælendur staldraði Guðrún um stund við haftatímabilið þegar gengisfellingar voru tíðar og í boði aðeins tvær gerðir af flísum, bláar og gular.

Ofnýtt land og lokað

Guðrún sagðist ekki hafa lært ráðdeild og sparnað fyrr en hún fluttist til Danmerkur á sjöunda áratug síðustu aldar. Ekki var þó ljóst af orðum Guðrúnar hvort ráðdeildarsama húsmóðirin talaði á hádegisverðarfundinum eða útgerðarkonan þegar hún sagði: „Við eigum að nýta aðeins meira af gæðum landsins og hafna innngöngu í Evrópubandalagið,“ en hún lagði jafnframt áherslu á að auka hér atvinnu og gera landið hagfellt í augum fjárfesta. Undir lok erindisins lýsti hún svo fyrir gestum þeirri ánægju sem hún fann á leið sinni á fundinn og sá skip fyrirtækisins sigla inn í höfn með fullfermi sem selja má fyrir rúmar tvö hundruð milljónir króna.



Böggið hættir seint

Sólon R. Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbankans, síðar Kaupþings, var jafnframt með skemmtilegt innlegg á hádegisverðarfundinum. Sólon er reynslubolti í bankaheiminum en hann hóf störf hjá Landsbankanum árið 1961. Sólon fór síðar yfir til Búnaðarbankans og byggði upp erlend viðskipti hans í skugga takmörkunar á erlendum gjaldeyri. Þegar að höftunum kom – sem var all oft – vísaði hann á að Bjarni Bragi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarseðlabankastjóri, sem sat fundinn, gæti ýmist leiðrétt hann eða vitað meira um málið. „Ekki kenna mér um allt!“ svaraði Bjarni og lét í ljós óánægju sína með böggið. Ljóst er að hann flýr seint fortíðina en hann var aðstoðarseðlabankastjóri á árunum 1983 til 1994.



Yfirsýn og aukin afköst með MindManager



Af hverju MindManager?

Eykur afköst starfsmanna um 7%.

Auðveldar verkefnastjórnun og skipulagningu.

Minnkar tíma við skýrsluskrif um 50%.

Markvissari og styttri fundir.

Öflugt tól í hugarflug, þarfagreiningu og stefnumótun.

Júní tilboð - frítt JCVGantt með MindManager 8 PC

JCVGantt, að verðmæti kr. 26.065 kr. (með vsk) fylgir frítt með í kaupnum, bæði á uppfærslum og nýjum MindManager 8 leyfum fyrir PC. Gildir einnig um skólaleyfi. Atvinnulausir njóta þeirra kjara.

JCVGantt er mjög hagnýt lausn sem sýnir MindManager hugkort á tímaás og gerir kleift að áætla tíma, kostnað og forða á örskömmum tíma.



Kynningarfundur og hraðnámskeið

Ókeypis opin kynningarfundur

4. júní kl. 9.00-10.00

MindManager hraðnámskeið

10. júní kl. 8.30-16.30

Forkröfur: Að vera vel tölvufær

Leiðbeinendur



Elín Þ. Þorsteinsdóttir



Sigrún Stefánsdóttir

HELSTU NÁMSKEIÐS-ÞÆTTIR



- Hugarflug
- Ritgerðasmíð og skýrslugerð
- Grunnæfingar
- Verkefnastjórnun og skipulagning
- Tölulegar upplýsingar
- Samspil Outlook og MindManager
- Gerð skipurita
- Kynningar
- Fundarstjórnun
- Stjórnun upplýsinga



Hlíðarsmára 2 • 201 Kópavogi • Sími 565 7272 • www.verkefnalausnir.is

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



CHARLIE WATTS ER 69 ÁRA Í DAG.

Ég hef verið að spila á trommur í mörg, mörg ár og þær eru enn þá ögrandi verkefni. Mér finnst enn þá gaman að nota trommukjuða og sneril-trommu.

Charlie Watts er enskur trommu-leikari og meðlimur í hljómsveitinni The Rolling Stones.



PETTA GERÐIST: 2. JÚNÍ 1867

Skotfélag Reykjavíkur stofnað

Skotfélag Reykjavíkur var stofnað fyrir 143 árum og er elsta íþróttafélag landsins. Fyrstu æfingar félagsins fóru fram við tjörnina í Reykjavík og var æfingahús þess nefnt Reykjavígs Skydeforeningss Pavillon en það gekk alltaf undir nafninu skothúsið. Skothúsvegur við Tjörnina dregur nafn sitt af þessu æfingahúsi. Skothúsið var síðar notað sem íbúðarhús áður en það var rífið árið 1930.

Margir helstu fyrrmenn bæjarins mættu reglulega á æfingar hjá Skotfélaginu eftir stofnun þess. Æfingarnar voru haldnar á litlum tanga



sem lá út í tjörnina og var skotfélagsmönnum gert að skjóta í áttina að Skildinganesi. Skotstefnan var samsíða Suðurgötu í átt að Skerjafirði. Margar keppnir voru í skotfimi og verðlaun voru veitt fyrir góðan árangur.

Starfsemi Skotfélags Reykjavíkur lá að mestu niðri á styrjaldarárunum og milli stríða en formleg starfsemi félagsins var endurreist árið 1950. Starf félagsins var þó ekki endurreist við Reykjavíkurtjörn heldur í Leirudal við Grafarholt en varð að vika fyrir íbúðabyggingu árið 2000. Frá árinu 2007 hefur útiskotsvæði félagsins verið á Álfsnesi.

MERKISATBURÐIR

- 1707 Bólusótt berst til landsins með Eyrarbakkaskipi. Hún geisadi í tvö ár og þriðjungur Íslendinga lést úr henni.
- 1875 Alexander Graham Bell hringir í fyrsta sinn úr síma.
- 1953 Krýningu Elísabetar 2. sjónvarpað um Bretland.
- 1957 Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík, Hrafnista, tekið í notkun.
- 1979 Jóhannes Páll páfi annar heimsækir Pólland, fyrstur páfa til að heimsækja kommúnistaríki.
- 2004 Ólafur Ragnar Grímsson synjar fjölmiðlafrumvarpinu staðfestingar.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og blyhub vegna andláts og útfarar bróður okkar, mágs og frænda

Benedikts Jóhannssonar
frá Háagerði í Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Aspar- og Beykihlíð fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Aðalsteinn Jóhannsson Guðbjörg Stefánsdóttir
Guðrún Jóhannsdóttir
Freygerður Anna Geirsdóttir Örn Hansen



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Ingvarsdóttir
áður til heimilis að Lokastíg 28, Reykjavík,

lést á Sóltúni hjúkrunarheimili, þann 31. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 7. júní kl. 13.00.

Anna Sveinsdóttir
Jón Sveinsson Guðrún Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og frænka,

Jónína Valgerður
Sigtryggsdóttir

sem lést föstudaginn 28.05.2010 á Vífilsstöðum verður jarðsungen frá Fossvogskapelli fimmtudaginn 03.06.2010 kl. 13.00.

Margrét Haukdal Marvinsdóttir Einar Emil Magnússon
Anna Valgerður Einarisdóttir Sigurður Arnar Ólafsson
Heiða Guðrún Einarisdóttir Magnús Baldvín Einarsson
Magnús Baldvín Einarsson Fowzya Allomeda
Marvín Haukdal Einarsson
Sigrún Garðarsdóttir
Helga Björg Hermannsdóttir
barnabarnabörn.



Einlegar þakkir fyrir samúð og vinarbug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa

Pórs Jóhannssonar
húsgagnabólstrara, Efstasundi 19.

Elín Rannveig Eyfells og fjölskylda.



Í BETRI ÞJÁLFUN Lilja segir að blindrahundurinn Asíta sé eins og ein af fjölskyldunni þegar hvíta beislið er farið af henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LILJA SVEINSDÓTTIR: LEIÐSÖGUHUNDURINN BREYTTI LÍFINU

Ekki jafn háð aðstoð annarra

Lilja Sveinsdóttir er með augnsjúkdóm-inn RP sem lýsir sér í æ versnandi sjón og algerrri blindu í myrkri. Hún hefur komist leiðar sinnar undanfarin ár með blindrastaf og þurft að stóla á aðstoð fjölskyldu og vina. Fyrir tæpum tveimur árum fékk hún hins vegar leiðsöguhundinn Asítu, svarta labradortík, sem hefur breytt lífi hennar til hins betra. „Maður er ekki eins háður fjölskyldu og vinum að komast um,“ segir Lilja sem finnur einnig mikinn mun á eigin heilsu. „Ég er til dæmis í mun betri þjálfun núna. Ég geng mun meira með hundinn og geng líka hraðar og er öruggari með mig,“ segir hún glöðlega. „Þá hef ég líka alveg losnað við vöðvabólgu úr öxlunum sem ég þjáðist af áður því nú er ég svo slök þegar ég labba.“

En var ekki erfitt að læra að nota hundinn? „Nei, erfðast var að læra að treysta henni,“ svarar Lilja og telur að það hafi tekið hana um viku að ná tökum á hundinum. „En eftir á að hyggja var ég ekki fullkomlega örugg

með hana fyrr en eftir svona ár,“ segir hún.

Asíta var ein af fjórum leiðsöguhundum sem fluttir voru inn fyrir tveimur árum af Blindrafélaginu í samstarfi við Heilbrigðisráðuneytið og með öflugum stuðningi Lions-hreyfingarinnar á Íslandi. Þar með eru leiðsöguhundar á Íslandi fimm talsins. En var auðvelt fyrir Lilju að fá slíkan hund? „Á sínum tíma var óskað eftir þeim sem hefðu áhuga á því að fá leiðsöguhund. Sex sóttu um og við þurftum öll að fara út til Noregs í alls kyns próf,“ lýsir Lilja en þar var meðal annars athugaður gönguhraði fólksins og skapgerð þess. Að tæpum mánuði liðnum fékk Lilja að vita að hún fengi hund til umráða. Það eru því ekki aðeins hundarnir sem eru sérvaldir heldur fólkið líka. Lilja segir frá því að fjórar tegundir hunda þyki best henta til þjálfunar leiðsöguhunda, en það eru labrador retriever, golden retriever, sjeffer og kóngapúðli. Þá eru einnig sérvaldir þeir hvolpar innan þessara tegunda sem þykja hafa

skapgerðina til að verða leiðsöguhundar en þeir fara síðan í gegnum stranga þjálfun.

Hundar hafa í gegnum tíðina ekki verið sérlega velkomnir á almenningsstöðum í Reykjavík. Því er nærtækt að spyrja Lilju hvort hún geti farið með Asítu allra sinna ferða. „Ég hef aðeins einu sinni lent í vandræðum enda eru leiðsöguhundar viðurkennd hjálpar-tæki blindra. Í Krónunni á Selfossi var mér hins vegar meinaður aðgangur og sagt að ég mætti ekki fara inn í búðina með gæludyr,“ segir Lilja en tekur fram að margir séu farnir að vakna til vitundar um mikilvægi leiðsöguhunda fyrir blinda. „Hins vegar veð ég aldrei inn í verslanir án þess að fá leyfi fyrst,“ tekur hún fram.

En er Asíta þá ekki fjölskylduhundurur? „Hún er bara vinnudyr þegar hún er með hvíta beislið á sér. Þegar það er tekið af er hún venjulegur hundur og ein af fjölskyldunni,“ svarar Lilja ánægð með Asítu sína.

solveig@frettabladid.is

Sauðfjársetrið opnað á ný

Sauðfjársetrið á Ströndum opnar sýninguna Sauðfé í sögu þjóðar í dag eftir vetrarfrí.

Þetta er áttunda árið sem Sveitasetrið í félagsheimilinu Sævangi opnar sýninguna en setrið var opnað fyrst árið 2002. Yfirskrift sýningarinnar er „Langafi þinn var sauðfjárbóndi, án hans værir þú ekki til.“

Kaffistofa Sauðfjársetursins Kaffi kind verður með fyrsta kaffihlaðborð sumarsins á sunnudaginn og þá verður einnig farið í gönguferð um slóðir æðarfugla. Nánar má forvitnast um Sauðfjársetrið á vefsíðunni, www.strandir.is

- rat

ÍSLENSKA SAUÐKINDIN Sýningin Sauðfé í sögu þjóðar opnuð eftir vetrarfrí.



Takmarkinu náð með vinnusemi

Nemendur Varmalandsskóla í Borgarfirði flögguðu hinum eftirsóknarverða Grænfána í gær eftir tveggja ára vinnu nemenda og starfsfólks við að ná settum markmiðum í umhverfismálum.

Skólinn varð skóli á grænni grein árið 2008 og síðan þá hefur umhverfisnefnd skólans unnið markvisst að breyttri hegðun nemenda og starfsfólks gagnvart þeim verðmætum sem unnið er með í skólanum, eins og til dæmis pappírs og föndurefnis. Meðal annars efndu nemendur til fatamarkaðar og seldu fót sem lokið höfðu hlutverki sínu og söfnuðu þannig fyrir rekstri kartöflu- og kálgarðs við skólann.

Krakkarnir voru að vonum ánægðir með árangurinn eftir þrotlausa vinnu og flögguðu Grænfánanum stoltir. Þetta var jafnframt síðasta tækifærið til að flagga fyrir Varmalandsskóla en hann verður sameinadur Grunnskóla Borgarfjarðar í nýjum skóla í haust.



GRÆNFÁNANUM FLAGGAÐ Stoltir nemendur Varmalandsskóla halda Grænfánanum á lofti.

- rat

MYND/ÚR EINKASAFNI

Bjartir dagar hefjast í Hafnarfirði

Hafnarfjarðarbær varð 102 ára í gær, en bærinn fékk kaupstaðarréttindi mánudaginn 1. júní 1908. Þá voru íbúar bæjarins 1469, en í dag eru þeir 25.868 talsins.

Í tilefni af afmælinu eru mikil veisluhöld fram undan í Hafnarfirði og í dag verður lista- og menningarhátíðin Bjartir dagar sett í áttunda sinn. Hátíðin stendur yfir í fimm daga með fjölbreyttum tónleikum, myndlistarsýningum, söngleikja- og leiksýningum, ratleik, fuglaskoðun, sögusýningum, sjósundi, leikskólalist, opnum vinnustofum, dansleikjum og fleiru. Hátíðahöldin ná svo hámarki með fjölbreyttri afþreyingu og viðburðum á sjálfan sjómannadaginn, 6. júní.

Aðgangur er ókeypis í söfnin í Hafnarfirði og mörg veitingahús eru með sérstök tilboð í tilefni Bjartra daga.

- þlg



AFTUR Í TÍMANN Siggubær er hluti af Byggðasafni Hafnarfjarðar og byggður 1902. Þar eru varðveitt sýnishorn af heimili verkamanns og sjómanns í Hafnarfirði frá fyrri hluta 20. aldar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Elskulega móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma

Púriður Guðmundsdóttir
Brunnagötu 3, Hólmavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur, föstudaginn 28. maí. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju, laugardaginn 5. júní kl. 11.

- | | |
|---|------------------------|
| Valdís Ragnarsdóttir | Karl E. Loftsson |
| Aðalheiður Ragnarsdóttir | Sigurður Vilhjálmsson |
| Unnar Ragnarsson | Þorbjörg Stefánsdóttir |
| Vigdís Ragnarsdóttir | |
| Jónas Ragnarsson | Alma Brynjólfssdóttir |
| Baldur Ragnarsson | Þorgerður Fossdal |
| Ragnar Ölver Ragnarsson | Sunna Vermundsdóttir |
| Sigurbjörn Ragnarsson | Friðgerð Jensen |
| barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn. | |



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Páll Pálsson

búsettur í Brisbane, Ástralíu, áður Þingeyri við Dýrafjörð,

lést laugardaginn 29. maí. Minningarathöfn auglýst síðar.

- | | |
|------------------------|-------------------------------|
| Ruth L. Pálsson | |
| Páll Pálsson yngri | |
| Þórður Guðni Pálsson | Anna Guðrún Stefánsdóttir |
| Hafþór Ingi Pálsson | Sigríður Bjarnadóttir |
| Herdís Pála Pálsdóttir | Jón Ágúst Sigurðsson |
| Aníka Rós Pálsdóttir | |
| Karl Jóhann Pálsson | Katrín Brynja Valdimarsdóttir |
| Helen Thura Pálsson | |
| Matthew Simon Pálsson | |
| og barnabörn. | |



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

Auður Róberta

Gunnarsdóttir
sálfræðingur

lést aðfaranótt föstudagsins 28. maí á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 7. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

- | | |
|-------------------------|---------------------------------|
| Jón Sveinsson | |
| Sveinn Þorkell Jónsson | |
| Gunnar Karl Lúðvíksson | Svanfríður Helga Kolbeinsdóttir |
| Hörður Gunnarsson | Bryndís Bjarnadóttir |
| Ingi Sverrir Gunnarsson | |
| og barnabörn. | |



Móðir okkar, tengdamóðir og amma

Guðrún Anna

Gunnarsson
Hraunbæ 103, Reykjavík

Sem lést þriðjudaginn 25. maí síðastliðinn verður jarðsöngin frá Neskirkju föstudaginn 4. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á fjáröflunarsjóð Guðrúnar A. Gunnarsson er stofnaður var henni til heiðurs til góðgerðarmála. kt. 691093-3609 Reikn. 0526-14-100860

- | | |
|-----------------------------|------------------------|
| Bjarni Gunnar Sveinsson | Júlía Levi |
| Magnús Þorsteinsson | Kristín Sigurðardóttir |
| Sigurður Þorsteinsson | Aldís Gunnarsdóttir |
| Herdís Þorsteinsdóttir | Finnur Kristinsson |
| Anna Hedvig Þorsteinsdóttir | Gunnar Svavarsson |
| Ásmundur Sigvaldason | |
| Barnabörn og barnabarnabörn | |



Ástkær faðir okkar og tengdafaðir, afi og langafi

Birgir Finnsson

fv. forseti sameinaðs Alþingis

andaðist á líknardeild LSH að Landakoti aðfaranótt þriðjudagsins 1. júní. Útför hans verður auglýst síðar.

- | | |
|------------------------------|---------------------------|
| Auður Birgisdóttir | Páll Skúlason |
| Finnur Birgisson | Sigurbjörg Pálsdóttir |
| Arndís Birgisdóttir | Sigmundur Sigurðsson |
| Björn Birgisson | Ingibjörg Gunnlaugsdóttir |
| barnabörn og barnabarnabörn. | |



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Jónsson

fiskifræðingur, fyrrv. forstjóri Hafrannsóknarstofunnar,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Boðarþingi, mánudaginn 31. maí.

- | | |
|-----------------------------|-----------------------------|
| Ragnheiður Jónsdóttir | Brynjólfur Þór Brynjólfsson |
| | Erla Bragadóttir |
| Björg Kristín Jónsdóttir | Eliás Héðinsson |
| Púriður Jónsdóttir Gleaser | Hans Ulrich Gleaser |
| barnabörn og barnabarnabörn | |



Eiginmaður minn, fösturfadur og frændi,

Jónatan Aðalsteinsson

frá Hlíð, síðar Hverfisgötu 49, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Kollafjarðarneskirkju á Ströndum, í dag miðvikudaginn 2. júní kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum.

- Sigríður Jóhannsdóttir,
Róbert Guðmundsson og
Mundhildur Birna Guðmundsdóttir.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför móður okkar,

Vilborgar Guðjónsdóttur

frá Fremstuhúsum Dýrafirði.

Einnig viljum við þakka sérstaklega starfsfólki í Ási í Hveragerði og Grund í Reykjavík fyrir umönnun og alúð.

- | | |
|--------------------------|-----------------------|
| Guðjón Torfi Guðmundsson | Stefanía Magnúsdóttir |
| Þorgeir Guðmundsson | |
| Valgerður Guðmundsdóttir | |
| Dýri Guðmundsson | Hildur Guðmundsdóttir |
| og fjölskyldur. | |

RÓMEÓ OG JÚLÍA

Vesturport



Takmarkaður sýningafjöldi Miðasala er hafin!

Borgarleikhúsið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Ísrael og appelsínurnar

BAKÞANKAR
Þórunnar
Elisabetar
Bogadóttur

Appelsínur fóru að birtast víðs vegar um vinnustaðinn í gær. Eina ástæða þess er líklega sú að ég hafði heyrð ummæli utanríkisráðherra, sem greindi samstarfsfélagi sínum Birgittu Jónsdóttur víst frá því að það versta sem mögulega gæti gerst ef Ísland sliti stjórnálagssamstarfi við Ísrael væri að kannski fengjum við þá engar appelsínur til landsins. Eg get allavega svarið það að aldrei hefur nokkur maður borðað appelsínu í vinnunni í minni viðurvist, en það gerðist nú samt tvisvar í gær. Og allt í einu var líka boðið upp á appelsínur í kaffinu.

RÁÐHERRANN hefur kannski ekki ætlast til þess að þessi orð hans yrðu tekin bókstaflega. En með þeim gaf hann að minnsta kosti sterkega í skyn að til aðgerða yrði gripið eftir ógeðfellar og óréttlætulegum árásum Ísraela gegn óbreyttum borgurum á alþjóðlegu hafsvæði. Íslenskir ráðamenn, sem hafa ekki alltaf þorað að taka slaginn og standa gegn mannréttindabrotum, tóku flestir í sama streng í gær og fordæmdu verknadinn.

ÞAÐ eru aðrir ávextir og fleiri vörur frá Ísrael seldar hér á landi. Appelsínus-

kortur, og raunar skortur á öllum þessum vörum, er lágur fórnarkostnaður fyrir það að standa með almennum borgurum sem eru beittir ótrúlegu óréttlæti. Það er nú hægt að flytja inn appelsínur frá öðrum löndum, fjandinn hafi það.

Í STÓRA samhenginu snýst þetta mál nefnilega lítið sem ekkert um árásina á mánudag, eins hræðileg og hún var. Það snýst um að Ísraelsmenn hafa gengið fram af heimsbyggðinni í fjölda ára, og það er löngu kominn tími á að eitthvað sé gert. Nú eygir maður veika von um að eitthvað örlítið skref verði stigið í rétta átt.

ÁRÁSIN þjónaði þeim tilgangi að beina augum Vesturlandabúa, sem hafa verið of uppteknir af eigin vandamálum upp á síðkastið, aftur að þessu svæði. Svæði þar sem fólk er líklega lítið hugsi yfir bankakreppum heimsins, enda vandamálin þar margfalt stærri. Svæði sem hefur verið vanrækt alltof lengi.

ÉG ÍHUGAÐI í stutta stund að fá mér appelsínu í kaffinu í gær, fyrst það virtist allt í einu vera í boði. Ég tók þó fljótt sönsum og viðurkenndi fyrir sjálfri mér það sem ég hef þó lengi vitað: að appelsínur eru vöndar. Og þó þær verði aldrei aftur á vegi mínum hér á landi er mér nákvæmlega sama.



myndasögur

■ Pondus



Eftir Frode Øverli

■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

■ Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUMAR Tangónámskeið

fyrir byrjendur, 4.-6. júní

Kennarar: Hany og Bryndís

Þör og stakir!

KRAM HÚSIÐ

Upplýsingar og skráning á www.kramhusid.is og í síma 551 5103.




FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

BS nám í viðskiptafræði með vinnu í Háskóla Íslands

Haldinn verður kynningarfundur um námið fimmtudaginn 3. júní kl. 12-13 í stofu 102 í Gimli.

Nánari upplýsingar má finna á www.bsv.hi.is



ÞJÓÐIN BÝÐUR HEIM

Vertu með. Verjum ferðapjónustuna okkar.

Íslendingar kunna að standa saman þegar mest á reynir. Eldgosið í Eyjafjallajökli hefur sett starfsemi fyrirtækja í ferðapjónustu og afkomu tugþúsunda Íslendinga í mikið uppnám. Þess vegna efna Íslendingar til kraftmikils kynningarátaks: ÞJÓÐIN BÝÐUR HEIM.

ÞAÐ KOSTAR EKKERT AÐ LEGGJA ÁTAKINU LIÐ. ÞAÐ EINA SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA ER AÐ:

- 1 Fylgjast með Kastljósinu í kvöld, þar sem við frumsýnum skemmtilega kynningarmynd.
- 2 Senda kynningarmyndina á alla vini og samstarfsfólk sem þú þekkir í útlöndum með því að fara inn á www.inspiredbyiceland.com.

Þú getur sent myndbandið hvenær sem er, en við hvetjum sem flesta til að senda slóðina milli klukkan 13 og 14 á morgun, til að ná ákveðnum slagkrafti með þessu sameiginlega átaki.

Með samstilltum kröftum okkar heyrir rödd Íslands um allan heim og býður erlenda gesti velkomna. Látum veröldina vita að heimsókn til Íslands er jákvæð, gefandi og ógleymanleg upplifun!
Tökum öll þátt – þjóðin býður heim.

FYLGSTU
MEÐ KASTLJÓSINU
Í KVÖLD Á RÚV

www.inspiredbyiceland.com



Kl. 10 í Árbæjarsafni

Í gær var opnuð í Kornhúsinu í Árbæjarsafni sýning um stríðsárin og áhrif styrjaldarinnar á mannlíf og menningu í Reykjavík. Um þessar mundir eru liðin 70 ár frá því að breskur her steig á land í Reykjavík og Ísland dróst inn í hringiðu heimsviðburða. Í kjölfarið urðu gífurlegar breytingar á íslensku samfélagi. Sýningin er gerð í samvinnu við Kvikmyndasafn Íslands. Sýningin er opin daglega á opnunartíma safnsins.

menning

menning@frettabladid.is

Textar og tónmál barokktímans

Ísland á stefnumót við meginlandið í efnisskrá kammerhópsins Nordic Affect á tónleikum í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld kl. 20. Á tónleikumunum verður tónlistararfi Evrópu á 18. öld fléttað saman við bókmenntir frá Íslandi á sama tíma. Spennandi veisla í tónum og tali þar sem tónasníll 18. aldar, mataruppskriftir, ljóð og fjallgöngur koma við sögu.

Kammerhópurinn Nordic Affect var stofnaður árið 2005 með það að markmiði að miðla ríkidæmi tónlistar 17. og 18. aldar og flytja samtímatónlist. Meðlimir hópsins eiga allir að



TÓNLIST Nordic Affect spilar barokk í bland við íslenska texta þessa vankannaða tímabils í íslenskum bókmenntum en listrænn stjórnandi hópsins er Halla Steinunn Stefánsdóttir.

baki nám í sagnfræðilegum hljóðfæraflutningi og koma reglulega fram víða um Evrópu. Nordic Affect hefur með tónleikum sínum á Íslandi og víðs vegar um Evrópu flutt allt frá danstónlist 17. aldar til hinnar spennandi raftónsköpunar nútímans og hlotið fyrir afbragðs dóma. Listrænn stjórnandi hópsins er Halla Steinunn Stefánsdóttir.

Auk Höllu sem leikur á barokkfiðlu skipa hópinn þær Georgia Brown barokkþverflauta, Hanna Loftsdóttir barokkselló, Guðrún Hrunn Harðardóttir barokkvíola og Guðrún Óskarsdóttir semball. Um upplestur sér útvarpsmaðurinn og sagnfræðingurinn, Guðni Tómasson.

> Ekki missa af

Af ástum manns og hræri- vélar eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólafu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarsson sem sýnt er í Kassa Þjóðleikhússins fimmtudag, föstudag og laugardag. Verkið er hjartnæmur heimilis-tækjasirkus með Kristjáni Ingimarssyni og Ólafu Hrönn Jónsdóttur. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins, CommonNonsense og Listahátíðar í Reykjavík.

Miele



Miele er ódýrust
kr. 17,79 pr. vinnustund

| | | |
|----------------|---------------------|------------------|
| Framleiðandi A | 4.500 klst. | kr. 19,97 |
| Framleiðandi B | 6.000 klst. | kr. 21,65 |
| Miele | 10.000 klst. | kr. 17,79 |

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast í 10.000 vinnustundir sem jafngildir 20 ára endingu á venjulegu heimili.

Miele sér um þvottinn alla leið

Miele hefur rannsakað og þróað þvottaefni sem skilar betri árangri en áður hefur þekkt. Um er að ræða þvottaefni fyrir hvítan þvott og litaðan, fyrir íþróttafatnað sem og fyrir útivistarfatnað, einnig fyrir sængur og dúnlúpur. Miele mýkingarefnið skilar þvottinum einstaklega ferskum og mjúkum.

Miele er eini þvottavélaframleiðandinn sem býður nú heildarlaun fyrir þvottinn, þar sem hugað er að hverju smáatriði frá upphafi til enda.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur



Verð frá kr. 177.950

EIRVÍK -háæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

512

Auglýsingasími

54 01

Allt sem þú þarft...

Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet.



Verð: 2.998.000kr m/ útdraganlegri hlið.

Rockwood Premier 1904 10 fet.



Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.



Verð: 2.798.000kr

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- Galvaníseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt neffjól (uppblásið gúmmidekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara,
- hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrymi
- Dometic kælskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörðunarkerfi
- Óflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftluga m/þriggja hraða víftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrymi
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útljós
- 1 x færanlegt lesljós með víftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Opnunartími:
Mán - Föst. kl: 10-18
Laug - Sun. kl: 12-16



Útilegu maðurinn

Fossháls 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
Fax 551 5601
utilegumadurinn.is

Blús í Kópavogi


Söngvarinn og New York-búinn Miles Griffith verður heiðursgestur á árlegri Jazz- og blúshátíð Kópavogs sem fram fer dagana 3. til 6. júní og hefst á morgun með eftirmiðdagstónleikum Heru Bjarkar í Gullsmáranum kl. 14.

Tónlistaratriðum á Jazz- og blúshátíð Kópavogs er dreift víðar um Kópavog; Salurinn, Ungmennahúsið og Lindakirkja hýsa þau atriði sem í boði verða.

Þegar hefur verið greint frá að á föstudagskvöld verða blústónleikar í Salnum og hefjast þeir kl. 21. Aðalgestur kvöldsins verður bassaleikarinn, söngvarinn, tónskáldið og myndlistarmaðurinn Jóhann G. Jóhannsson. Jói fer yfir blúsferil sinn sem upphöfst í kjölfar keflvískis popps með tilheingingu þeirra þremminga í Óðmönnum að laga sig að nokkru eftir bandi þeirra Bakers, Bruce og Claptons, Cream, sem sótti óspart í bandaríska blúsasafnið. Jóhann mun því staldra líka við kunna Cream-standarda og verður Björn Thoroddsen nú að þenja strengina a la Clapton. Þá mun Jói skjóta inn nokkrum af sínum vinsælu lögum á borð við „Don't Try to Fool Me.“ Söngvararnir Thor Kristinsson og Dagur Gunnarsson taka einnig nokkur lög.

Ungir blúsarar frá Kópavogi etja svo kappi við eldri og reyndari blússkrímli laugardaginn 5. júní kl. 14 í ungmennahúsinu Molanum.

Á laugardag flytur Miles Griffith m.a. þekktu ameríska standarda á djasstónleikum í Salnum



TÓNLIST Miles Griffith er skattari af Guðs náð segja menn en hann er einn af heiðursgestum blús- og djasshátíðar í Kópavogi um komandi helgi.

MYND BLÚSHÁTÍÐ KÓPAVOGS.

í Kópavogi og hefjast þeir kl. 21. Griffith hefur sungið með stórstjórnnum á borð við Wynton Marsalis og er söngstíll hans mjög sérstakur. Mörg af hljóðunum sem út úr barka hans koma virðast óraunveruleg. Auk þess að syngja út um allan heim heldur hann fjölda námskeiða í söngtækni.


Hátíðinni lýkur á sunnudaginn kl. 14 með djassmessu í Lindakirkju þar sem kanadíski trompetleikarinn Richard Gillis leiðir hljómsveit í sunnudagsmessu.

Hægt er að tryggja sér miða í Salnum, á www.salurinn.is eða á www.midi.is.

pbb@frettabladid.is

THE WIRE

SERÍURNAR SEM
BESTI FLOKKURINN MÆLIR MEÐ



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> FLYTJA SIG UM SET

Hjónakornin Scarlett Johansson og Ryan Reynolds hafa fest kaup á nýju húsi í Louisiana-ríki. Heimildarmenn segja hjónin hafa farið í miklar endurbætur á húsinu og munu þau meðal annars notast að mestu við rafmagn framleitt með sólarorku.



Laminn vegna naglalakks

Auglýsingaplakat með Benna Hemm Hemm og Skotanum Alasdair Roberts vegna tónleika þeirra á Listahátíð í Reykjavík hefur vakið athygli í strætóskýlum borgarinnar. Myndin á plakatinu var tekin í Glasgow og þar skartar Alasdair myndarlegu glóðarauga.

„Rétt áður en við fórum í að taka þessa mynd var ráðist á Alasdair á karóíkíbar af því að hann var með naglakk á putnunum,“ segir Benni en bætir við að hann hafi ekki meiðst alvarlega í árásinni. „Hann gerði einhverjar tilraunir með naglakk og það var aðeins tekið í hann. Við erum eins og einhverjir Glasgow-mafíósar á þessari mynd.“

Benna og Alasdair til halds og trausts á tónleikunum verður Blásarasveit

Reykjavíkur og hafa æfingar staðið yfir að undanförunu. „Þetta hljómar stórkostlega, sem er ekki vaninn á fyrstu æfingu. Það er ógeðslega flott sánd í hljómsveitinni,“ segir Benni, sem var veikur þegar hann samdi tónlistina. „Mér datt þetta fyrst í hug þegar ég var með hita og óráð uppi í rúmi og leið hræðilega. Svo sá ég fyrir mér gróflega þessa hugmynd og fór að pæla í hvernig ég ætlaði að hafa hana. Svo fattaði ég að ég var orðinn fullfrískur.“ Í textunum blanda þeir félagar saman íslensku og skoskri ensku svo úr verður nánast nýtt tungumál.

Tónleikarnir verða í Íslensku óperunni á fimmtudagskvöld og í Ketilhúsinu á Akureyri á laugardaginn á tónlistarhátíðinni AIM.



SAMSTARFSMENN Eins og sjá má er Alasdair búinn að jafna sig eftir árásina. Tónleikar hans og Benna verða á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

fólk

folk@frettabladid.is

25%

afsláttur af öllu í herradeild



Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Gildir út mánudag.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Liam loksins frjáls og töff

Ólátabelgurinn Liam Gallagher segir að dauði hljómsveitarinnar Oasis sé það besta sem gat gerst. Hann segist hafa áttað sig á því að nú sé hann frjálsari en hann var áður.

Söngvarinn vinnur nú að því að kynna fatalínuna sína, Pretty Green, í Bandaríkjunum og sagði í viðtali við New York Times að hann væri að einbeita sér að eigin ferli. „Þetta var það besta sem gat gerst vegna þess að núna höfum við frelsi til að gera það sem við viljum,“ sagði hann.

Liam staðfesti í viðtalinu að hann og Noel bróðir hans hefðu ekki talast við síðan hann yfírgaf Oasis í ágúst.

Loks sagði Liam í viðtalinu að afar fáir væru jafn töff í dag og hann væri. „Ég vil bara að fólk sem er nógu töff klæðist fatalínunni minni,“ sagði hann. „Ekki bara hver sem er.“

TÖFF Liam segist ekki vilja að fólk sem er ekki töff klæðist fatalínunni hans.



PETER JACKSON Leikstjóri Lord of the Ring ásamt leikkonunni Saoirse Ronan.

Vill leikstýra Hobbítanum

Svo getur farið að Peter Jackson leikstýri Hobbítanum í stað hins mexíkóska Guillermo del Toro. Jackson leikstýrði Lord of the Ring-myndunum þremur með flottum árangri og er einn af handritshöfundum Hobbítans, sem gerist á undan Lord of the Rings. Del Toro hætti við að leikstýra myndinni vegna tafa hjá framleiðandanum Warner Bros. Ef enginn leikstjóri fæst í staðinn er Jackson tilbúinn að hlaupa í skarðið. „Ef ég þarf að gera þetta til að vernda fjárfestingu Warner Bros þá er ég tilbúinn til að skoða það,“ sagði Jackson.

Rokkað á tattúhátíð

Um næstu helgi verður hin árlega tattúhátíð haldin á Sódómu Reykjavíkur.

Þetta er í fimmta sinn sem hátíðin er haldin og munu fjölmargir listamenn, bæði innlendir og erlendir húðflúrara sýna listir sínar á daginn meðan á hátíðinni stendur.

Á kvöldin mun rokkið aftur á móti ráða ríkjum. Á meðal þeirra sem koma fram á föstudags- og laugardagskvöldið eru Cliff Clavin, Ultra Mega Technobandið Stefán, Endless Dark og Hoffman. Tónleikarnir hefjast stundvíslega á miðnætti og miðaverð er 500 krónur við hurð.



ENDLESS DARK Rokkararnir í Endless Dark spila á Sódómu Reykjavík um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tuttugu hljómsveitir í villta vestrinu

Rúmlega tuttugu hljómsveitir hafa verið bókaðar á tónlistarhátíðina Villta vestríð sem verður haldin á Akranesi 12. júní. Á meðal þeirra eru Cliff Clavin, Leaves, Berndsen, Bróðir Svartúlfs, Ólafur Arnalds, Sykur og Útidúr. „Mér datt aldrei í hug að við myndum fá svona margar frábærar hljómsveitir. Þeim leist öllum mjög vel á framtíð og fannst einnig spennandi að koma á Akranes,“ segir skipuleggjandinn Sigurmon Sigurðsson.

Með hverjum seldum miða fylgir frítt niðurhal á geisladiski sem verður gefinn út á síðunni Gogoyoko.com. Á disknum er eitt lag með hverri hljómsveit sem kemur fram á hátíðinni. Miðasala fer fram á Midi.is og á Akranesi og kostar 2.000 krónur inn. Einingis þrjú hundruð miðar eru í boði. Upphitunartónleikar verða haldnir á Sódómu Reykjavík 11. júní þar sem Bolywool, Cosmic Call, BOB og Tamarin Gunsling-er spila.



BERNDSSEN Berndsen spilar á hátíðinni Villta vestríð á Akranesi 12. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



HÓMER SIMPSON Hómer er vinsælasta sjónvarps- og kvikmyndapersóna síðustu tuttugu ára.

Hómer er vinsælastur

Hómer Simpson er vinsælasta sjónvarps- og kvikmyndapersóna síðustu tuttugu ára, samkvæmt könnun bandaríska tímaritsins Entertainment Weekly. Í öðru sæti í könnuninni lenti galdratrákurinn Harry Potter og Buffy The Vampire Slayer varð í því þriðja.

Að sögn Matts Groening, höfundar The Simpsons-þáttanna, er Hómer svona vinsæll „vegna þess að öll erum við knúin áfram af löngunum sem við viljum ekki viðurkenna að við höfum“. Í fjórða sæti í könnuninni lenti Tony Soprano úr þáttunum The Sopranos og Jókerinn úr Batman varð í því fimmta.

Vill ekki fleiri gjafir

Idol-stjarnan Adam Lambert hefur hvatt aðdáendur sína til að láta fé af hendi rakna til góðgerðarmála í stað þess að senda sér gjafir á komandi tónleikaferð sinni, Glam Nation Tour. Í síðustu tónleikaferð fékk hann fjölda gjafa sem hann vissi ekkert hvað hann átti að gera við.

„Í stað þess að gefa mér gjafir getið þið sent pening til Donorchoose.org eða til annars góðgerðafélags,“ sagði söngvarinn á Twitter-síðu sinni. Lambert er að kynna sína fyrstu plötu, For Your Entertainment, sem kom út í fyrra við góðar undirtektir.

ADAM LAMBERT Lambert vill að aðdáendur sínir styrki gott málefni.

25 kíló fokin

Rapparinn 50 Cent grennti sig um 25 kíló fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Things Fall Apart. Þar leikur hann bandaríska ruðningsspilara sem greinist með krabbamein. Myndir af gjörbreyttum rapparanum birtust nýlega og vöktu þær mikla athygli. „Mér leið eins og ég hefði kannski gengið of langt en ég var í mjög góðu líkamlegu ásigkomulagi áður en ég ákvað að missa öll þessi kíló,“ sagði 50 Cent.



GOTT Í MATINN - grillblaðið

-frá MS, berst til þín í dag eða næstu daga. Njótið vel og verði ykkur að góðu!



Í matargerðarlínunni **GOTT Í MATINN** teftum við fram góðum grunnhræfnum sem tilheyra mörgum ólíkum áherslum í matargerð.

Í sumarblaðinu í ár leggjum við áherslu á grillmat sem hægt er að töfra fram við margvísleg tækifæri, ýmist sem nesti inni á hálendinu, í sumarbústaðnum, á skjólgóðum svölum eða í gróskumiklum garði á mildum sumardegum. Uppskriftirnar í nýja grillblaðinu eru í flestum tilvikum fjótlegar og einfaldar og síðast en ekki síst einstaklega góðar. **Verði ykkur að góðu.**

MEÐAL EFNIS Í GRILLBLAÐINU:

- Góðir og girnilegir hamborgarar við öll hugsanleg tækifæri
- Einfaldar og fjótlegar uppskriftir fyrir fólk á ferðinni
- Sósar og meðlæti
- Gott í matinn - gott á grillið
- Með grillveislu í farangrinum
- Kryddsmjör með grillsteikinni

Nýja grillblaðið er stúfult af góðum uppskriftum og hugmyndum. Hægt er að skoða blaðið inni á vefnum: www.gottimatinn.is



www.gottimatinn.is

HEITASTA STELPUMYND SUMARSINS

SKEMMTILEGASTI VINKVENNA HÓPUR KVÍKMYNDASÖGUNNAR ER KOMINN Í BIÓ



CARRIE, SAMANTHA, CHARLOTTE OG MIRANDA ERU KOMNAR AFTUR OG ERU Í FULLU FJÖRI Í ABU DHABI

SEX AND THE CITY 2

GLAUMUR, GLAMÚR OG SKÓR ERU MÁLIÐ Í SUMAR



PRINCE OF PERSIA



IRON MAN 2

| ALFABAKKA | | KRINGLUNNI | |
|-----------------------|----------------------------|--------------------|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 7 - 8D - 10 - 11D | SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 7D - 8D - 10D - 11D |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 11 | PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | OFURSTRÁKURINN | M/ist. Tali kl. 5 (ekki sýnd fimmtudag) |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | AKUREYRI | |
| IRON MAN 2 | kl. 8 - 10:30 | SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 11 |
| KICK ASS | kl. 5:40 | THE LAST SONG | kl. 5:30 |
| AD TEMJA DREKANN SINN | M/ist. Tali kl. 5 | PRINCE OF PERSIA | kl. 8 - 10:30 |
| | | SELFOSSI | |
| | | SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 - 11 |
| | | PRINCE OF PERSIA | kl. 8 |
| | | COPS OUT | kl. 10:30 |

Píslarsaga Rómverja

Bió ★★

Centurion

Leikstjóri: Neil Marshall

Aðalhlutverk: Michael Fassbender, Dominic West, Olga Kurylenko

Quintus Dias er vopnfimur og snjall hundraðshöfðingi í hernámsliði Rómverja á Englandi. Hann er sonur goðsagnarkennds skýlm-ingapræls og lærði herkænsku og fantabrögð af föður sínum. Herlið hans er í fremstu víglínu og á í mesta basli með andspyrnuhreyfingu innfæddra sem gerir Rómverjunum ítrekaðar skráveifur með skæruhernáði sínum.

Eftir að hafa gengið milli bols og höfuðs á herdeild Quintusar tekur heimavarnaliðið hann til fanga til þess að pynta hann og yfirheyra áður en hann verður afhandsaður. Quintus sleppur hins vegar við illan leik og gengur til liðs við hina mögnuðu Níundu herdeild sem hinn dáði Virilus stýrir. Þessu úrvalsliði er sigað á andspyrnuhöfðingi Quintus þarf að æða aftur í flasið á þeim sem hann er nýsloppinn frá. Herleiðangurinn mistekst hrappallega og liðinu er nánast öllu slátrað og Quintus þarf því að leysa Virilius af og reyna að koma þeim örfáu sem eftir lifa heilum á húfi til Rómur.

Þetta er hins vegar nánast vonlaust verk þar sem hermennirnir eru hundeltir af blóðþyrstum heimamönnum þar sem fremst fer í flokki valkyrjan ósigrandi Etain. Gellan sú er svo svakaleg að þeir sem til þekkja telja eins gott fyrir



EKKERT KJAFI/ÆÐI Leikstjóri myndarinnar eyðir ekki miklu tíma í vesen og heldur dampi út í gegn.

þá sem hún eltist við að skera sig bara sjálfir á háls til þess að spara sjálfum sér erfiði og óþægindi.

Neil Marshall er sprækur leikstjóri sem hefur gert alveg ágætar spennumyndir með hryllingsváfi (Dog Soldiers, The Descent, Domsday) og í Centurion notar hann ýmislegt úr fyrri myndum sínum. Bardagaatriðin eru „splatter“ þar sem blóðið sullast og spýttist í allar áttir og ef hausar fjúka ekki af mönnum undan sverðalögum og axasveiflum þá beinlínis splundrast þeir bara þannig að meðferðin á blessuðum Rómverjunum er ekkert ósvipuð því sem stelpugreyin sem villtust í hellinn í The Descent máttu þola.

Michael Fassbender er ofboðslega traustur leikari og einhver tilgerðarlausasti töffari sem sést hefur í bió lengi. Hann var fínn í hinni vanmetnu hryllingsmynd Eden Lake, frábær í Inglorious Basterds og klikkar ekki í hlutverki Quintusar.

Toppmaður alveg hreint. Dominic West er fjallbrattur og sjarmerandi sem Virilius og það gæstar af Olgu Kurylenko, sem er töff, kynþokkafull, snarbrjáluð og banvæn Etain.

Marshall eyðir ekki miklum tíma í kjaftæði og vesen. Myndin byrjar með látum og heldur dampi út í gegn en samt nær maður að kynnst hermönnum ágætlega þannig að manni er nú ekki sama um þá alla þegar þeir mæta spjótsoði Etain. Marshall er hins vegar ekkert ýkja frumlegur og fetar býsna gamalkunnar og klisjulegar slóðir í handritinu en flott er þetta. Og skemmtilegt líka.

Þórarinn Þórarinnsson

Niðurstaða: Neil Marshall vinnur með stef og stemningar úr fyrri myndum sínum og finnur þælingum sínum nú stað í Bretlandi árið 117. Ásamft flottum leikurum, hörðum nöglum og svölum píum, tekst honum að gera úr þessu þrusugóða hasarmynd.

NÝTT Í BIÓ!



CENTURION

FIGHT OR DIE



YOUTH IN REVOLT

ÞEGAR HANN KYNNIST DRAUMASTÚLKUNNI ER MIKID Á SIG LAGT TIL AÐ MISSA SVEINDÓMINNI!

Lánlausa leikkonan Lindsay

Leikkonan Lindsay Lohan ætlaði að gista á Sunset Tower-hótelinu í Hollywood fyrir skemmstu en þurfti frá að vika þar sem öll herbergi hótelsins voru bókuð. „Konan í móttökunni sagði Lindsay að hótelið væri fullt en Lindsay þrætti við hana og sagði að samkvæmt heimasíðu hótelsins ættu einhver herbergi að vera laus. Hún heimitaði að starfsstúlkun hefði samband við eiganda hótelsins en hann var

ekki við,“ var haft eftir sjónarvotti.

Lohan gisti þess í stað á Pacific Palisades-hótelinu þar sem hún sást reykja eins og strompur og innbyrti mikið magn orku-drykkja. Leikkonunni var nýlega gert að ganga með ökklaband svo hægt sé að fylgjast með áfengisneyslu hennar, en hún

hafði þá brotið skilorð nokkrum sinnum. „Red Bull, vatn og vinna – bestu vinir mínir. Allir ættu að prófa! Þið munuð komast að raun um að það er mun skemmtilegra,“ skrifaði leikkonan á Twitter-síðu sína.



ÓHEPPIN Óheppnin virðist elta Lindsay Lohan þessa dagana. NORDICPHOTOS/GETTY



LUXUS



OCEANS



SNABBA CASH

| SMÁRA BIÓ | | HÁSKÓLA BIÓ | |
|--------------------|-----------------------------|-----------------|----------------------|
| CENTURION | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | OCEANS | kl. 5:45 - 8 - 10:15 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | SNABBA CASH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SNABBA CASH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 |
| SKÓGARDYRID HUGÓ 3 | kl. 4 | THE BACKUP PLAN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 10:20 | | |
| ROBIN HOOD LUXUS | kl. 5 - 8 | | |
| THE BACKUP PLAN | kl. 8 | | |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3:40 | | |

Vatnaskógur

sumarbúðir KFUM og KFUK




Tryggðu barninu þínu ánægjulega sumardvöl.

Laust er í eftirfarandi flokka:

| | | | |
|-------------|--------------------|-------------|-------------------|
| 1. flokkur | 3. - 7. júní | 10 - 12 ára | Örfá pláss laus |
| 2. flokkur | 8. - 14. júní | 9 - 11 ára | Fullbókað |
| 3. flokkur | 15. - 21. júní | 10 - 12 ára | Örfá pláss laus |
| 4. flokkur | 22. - 28. júní | 12 - 14 ára | Örfá pláss laus |
| 5. flokkur | 29. júní - 5. júlí | 9 - 11 ára | Nokkur pláss laus |
| 6. flokkur | 6. - 12. júlí | 10 - 12 ára | Laus pláss |
| 7. flokkur | 13. - 19. júlí | 12 - 14 ára | Nokkur pláss laus |
| 8. flokkur | 20. - 26. júlí | 10 - 12 ára | Nokkur pláss laus |
| 9. flokkur | 3. - 8. ágúst | 14 - 17 ára | Laus pláss |
| 10. flokkur | 9. - 15. ágúst | 10 - 12 ára | Laus pláss |

ATH. Einnig laust í feðgaflokka í lok sumars

Skráning og nánari upplýsingar í síma 588-8899 og á www.kfum.is

NÝTT Í BIÓ

LAUGARÁS BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



CENTURION



ROBIN HOOD



BROOKLYN'S FINEST

| SYNINGARTÍMAR | |
|-----------------------------|-------------------|
| ROBIN HOOD | 4,7 og 10 (POWER) |
| CENTURION | 6,8 og 10 |
| BROOKLYN'S FINEST | 8 og 10:30 |
| HUGÓ 3 | 4 |
| NANNY MCPHEE & THE BIG BANG | 5 |



NIKE
FOOTBALL

Sport-
dagar

20%
afsláttur
af öllum
sportvörum

Allur sportfatnaður
fyrir herra, dómur
og börn

Allir sportskór fyrir
herra, dómur og börn

Allar fótboltavörur

Allt fyrir hlaupin

O.fl. o.fl.

Gildir til sunnudags

© 2015 NIKE. ALL RIGHTS RESERVED.

HOLTAGÖRDUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

BONUS BONUS BONUS BONUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS



FROSNIR ÝSUBITAR Í RASPI 800 G

698
KR. 800g



BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR 1 KG.

998
KR. 1.KG



ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

898
KR. KG



NAUTAVEISLA FERSKT HAKK

898
KR. KG



BÓNUS FERSKT LASAGNA 1 KG.
PARF AÐEINS AÐ HITA

998
KR. PK



BÓNUS SAMLOKA OG 33 CL. GOSDÓS
198 KR.



BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK.

111
KR. PK



HEINZ TÓMATSÓSA 567G

198
KR. FL



BÓNUS HRÁSALAT 350G

149
KR. DS



BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270 ML

198
KR. DS



BÓNUS VÍNARPYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR/KG. CA. 30 KR/STK.

599
KR. PK



BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK.

98
KR. PK

FJÖGUR BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ



139
KR. PK

BÓNUS KORNBRAUÐ 1.KG DUGAR Í 13 SAMLOKUR U.P.B. 15 KR. SAMLOKAN



198
KR. STK



BÓNUS ÍSPINNAKASSI 24 STK

698
KR. PK



BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.
GULIR OG GRÆNIR

198
KR. PK



FJÓRIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 80G
4 STK MED BRAUÐI
MERKT VERÐ 798 KR/KG. 25% AFSLÁTTUR

599
KR. PK



500 ML. 98 KR.
COKE & COKE LIGHT
FANTA LEMON & RÍ-MIX



98 KR. DS
ES ORKUDRYKKUR 250 ML



BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI
ÞRJAR FERNUR 250 ML.

50
KR. FERNAN



98
KR. 500 ML

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

> Robert De Niro

„Þegar maður leikur í dramatískri mynd þá eyðir maður deginum í að berja mann til dauða með hamri eða kyla mann í andlitið. Þegar maður leikur í gamanmynd þá fær maður að öskra á Billy Crystal í klukkutíma og svo fer maður heim.“

Robert De Niro fer með hlutverk í gamanmyndinni Analyze This sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON VARÐ ALFRÆÐIORDABÓK UM FÓTBOLTA Á TVEIMUR ÁRUM

Ég er forfallinn

Ég var einu sinni einn af þeim sem skildu ekki hvernig fólk nennti að horfa á fótbolta. Ég hafði meiri áhuga á körfubolta og fannst þessi örfáu mörk sem fótboltaleikir bjóða upp á einfaldlega ekki nóg. 90 mínútur fannst mér allt of mikið fyrir eitt til tvö mörk í leik – ég vildi miklu frekar horfa á körfuboltalið dæla niður 50 körfum á lið og sjá körfuboltamenn af afrískum uppruna troða í andlitið á hvor öðrum í leikjum þar sem það eru aðeins spilaðar 48 mínútur og 200-300 stig skoruð.

Ég er annar maður í dag. Fyrir tveimur árum breyttist líf mitt. Ég byrjaði að fylgjast með enska boltanum af slíkum ákafa að sparkvissustu félagar mínir undruðu sig á ótrúlegri þekkingu minni á liðum eins og Wigan og



og ég ligg yfir markapáttunum þar sem háværi gaurinn og rólegi hnakkinn fara yfir stöðu mála. Ég er forfallinn.

Stoke. Ég er reyndar búinn að vera Púlar frá því að ég var sex ára gamall og hef alltaf verið skítsæmlega að mér í Liverpool-fræðum. Það bjóst samt enginn við því að ég yrði alfræðiorðabók vínahópsins um Liverpool og hin þrjú stóru liðin (Vist. Liverpool er ennþá risi á meðal risa). Síðustu tvö ár hafa breytt mér í sannkallaða fótbolta-Wikipediu.

Óg nú er íslenski boltinn byrjaður að rúlla, eins og við sparspekingarnir segjum. Í fyrsta skipti er ég spenntur fyrir leikjum í efstu deild, enda gríðarlega sprækt lið Selfyssinga komið upp. Ég var á vellinum þegar Selfoss rústaði KR með tveimur mörkum gegn einu

MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.25 The Doctors** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Analyze This** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.05 Morðgátur Murdoch** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45 Ghost Whisperer** STÖÐ 2



▶ **22.05 The Good Wife** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.05 HM 2010 (3:4) (e)
- 16.35 Stíklur - Afskekkt bygð í alfara-leið (e)
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Einu sinni var... jörðin (11:26)
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Finni kostur (34:35)
- 18.23 Sígildar teiknimyndir
- 18.30 Finnbogi og Felix (20:26)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.15 Bráðavaktin (ER XV) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.
- ▶ 21.05 Morðgátur Murdoch (Murdoch Mysteries) Kanadískur sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem beitti nýtskuaðferðum við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.15 Guð blessi Ísland Heimildarmynd eftir Helga Felixson. Hverjar eru afleiðingar hrunsins fyrir venjulegt fólk í þessu landi? Textað á síðu 888 í Textavarp. (e)
- 23.50 Íslenska golfmótaröðin (e)
- 00.25 Kastljós (e)
- 01.00 Fréttir (e)
- 01.10 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Murderball
- 10.00 On A Clear Day
- 12.00 Space Jam
- 14.00 Murderball
- 16.00 Space Jam
- 18.00 On A Clear Day
- ▶ 20.00 Analyze This
- 22.00 Rob Roy
- 00.15 Cake. A Wedding Story
- 02.00 Trapped in Paradise
- 04.00 Rob Roy

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Ævintýri Juniper Lee, Íkomastrákurinn
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Auði og Sveppi
- 11.00 Lois and Clark. The New Adventure (15:21)
- 11.45 Gilmore Girls (21:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Ally McBeal (10:22)
- 13.45 Oprah's Big Give (6:8)
- 14.35 E.R. (1:22)
- 15.30 Barnatími Stöðvar 2 Ofurmenn- ið, Leðurblökumaðurinn, Íkomastrákurinn, Firehouse Tales
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (22:22)
- 18.23 Veður Markaðurinn
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (4:24)
- 19.45 How I Met Your Mother (2:20)
- 20.10 Project Runway (13:14) Ofurfyrir- sætan Heidi Klum og tiskugúróinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tiskuhönnunarkeppni þar sem 12 ungrir og upprennandi fatahönnu- uðir mæta til leiks og takast á við fjölbreytt- ar áskoranir.
- 20.55 Grey's Anatomy (24:24)
- ▶ 21.45 Ghost Whisperer (17:23)
- 22.30 Goldplated (7:8) Bresk þáttaröð í anda Footballer's Wives og Mile High. Hér er sagt frá skrautlegu lífi ungra glæsikvenna sem hafa þau einu framtíðaráform að gifta sig til fjár.
- 23.20 NCIS (21:25)
- 00.05 Fringe (15:23)
- 00.50 The Fixer (6:6)
- 01.40 X-Files (1:24)
- 02.25 Sjáðu
- 02.55 Grey's Anatomy (24:24)
- 03.40 Two and a Half Men (4:24)
- 04.05 Ghost Whisperer (17:23)
- 04.50 Goldplated (7:8)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 17.25 Þýski handboltinn. Kiel - Bal- ingen
- 19.05 Ísland - Andorra Útsending frá leik Íslendinga og Andorra sem fór fram á Laugardalsvelli.
- 20.55 NBA körfuboltinn. LA Lakers - Phoenix Útsending frá leik Lakers og Pho- enix í úrslitakeppni NBA körfuboltans.
- 22.40 Crowne Plaza Invitational At Colonial Skyggst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
- 23.35 Þýski handboltinn. Kiel - Bal- ingen

SPORT 2

- 18.15 Everton - Chelsea Útsending frá leik Everton og Chelsea í ensku úrvalsdeild- inni.
- 20.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjumum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifið á einum stað.
- 20.30 Football Legends Næstur í röð- inni en hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni en í þessum magnaða þætti verða afrek þessa frabæra leikmanns skoðuð og skyggst verður á bak við tjöldin.
- 21.00 Goals of the Season 2009/2010 Öll glæsilegustu mörk hvernar leiktíðar Úrvals- deildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
- 21.55 Tottenham - Burnley Útsending frá leik Tottenham og Burnley í ensku úrvals- deildinni.
- 23.35 Stoke - Bolton Útsending frá leik Stoke og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 17.05 Rachael Ray
- 17.50 Dr. Phil
- 18.35 Girlfriends (22:22) (e)
- 18.55 H2O (5:26) Skemmtileg unglinga- þáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en fót, ströndina og stráka. En dag einn festast þær í dularfull- um helli og líf þeirra breytist að eilífu.
- 19.20 America's Funniest Home Vid- eos (46:50)
- 19.45 Survivor (2:16) Þetta er 20. þátta- röðin af Survivor og nú eru það allir eftir- minnilegustu keppendurnir úr tíu ára sögu þáttanna sem snúa aftur. Þeim er skipt í tvö lið, hetjur gegn skúrkum.
- 21.15 Eureka (3:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snill- ingum heims verði safnað saman og allt getur gerst.
- ▶ 22.05 The Good Wife (21:23) Banda- risk þáttaröð um konu sem snýr aftur til starfa sem lögfræðingur eftir að eiginmaður hennar lendir í kynlífsneyksli og er dæmd- ur í fangelsi fyrir spillingu í opinberu starfi. Alicia fæst við erfitt skilnaðarmál og það kemur í ljós hvort hún eða Cary fái stöðuna sem þau hafa keppt um hjá fyrirtækinu.
- 22.55 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi. Aðal- gestur hans að þessu sinni er írski töf- farinn Colin Farrell. Þá kíkir leikkonan fagra Elisabeth Moss í heimsókn. Kevin Eubanks kveður í þessum þætti og tekur lokalag þátta- arins.
- 23.40 CSI (14:23) (e)
- 00.30 The Good Wife (21:23) (e)
- 01.20 Pepsi MAX tónlist

INN

- 20.00 Kokkalíf Landsliðskokkarnir leika list- ir sínar. Gestgjafi er Fritz Már.
- 20.30 Í kalfæri
- 21.00 Alkemistinn Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningar og auglýsingamál til mergjar.
- 21.30 Í kalfæri

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Europpris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



499

EINNOTA GRILL



5990

BORDGRILL



399

VIÐARKOL - 2 KG



3990

KÚLUGRILL

www.euoppris.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Grey's Anatomy

Lífið býður upp á marga valkosti, en höfum við eitthvað val um það hvort við lifum eða deyjum? Það er komið að hörkuspennandi uppgjöri í Grey's Anatomy. Líf Derek's hangir á bláþræði eftir að árárarmaður lék lausum hala á Seattle Grace-sítalunum. Það er undir Cristinu og Meredith komið að sýna hversu hæfir skurdælknar þær í raun eru. Dramatískur lokaþáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.



► VÍÐ MÆLUM MEÐ Guð blessi Ísland Sjónvarpið kl. 22.15

Helgi Felixson, kvikmyndagerðarmaður í Svíþjóð, var fyrir tilviljun staddur á Íslandi 6. október 2008 þegar Geir H. Haarde hélt sína frægu ræðu rétt fyrir setningu neyðarlaganna. Það var erfitt að skilja nákvæmlega hvað var að gerast og ómögulegt að ímynda sér atburðina sem fylgdu í kjölfarið. En Helgi brást við með því að gera það sem hann gerir best; hann náði í kvikmyndavélina og tók upp það sem fyrir augu bar.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

| | | |
|----------------------------|---------------------------|--|
| 06.39 Morgunútvarp hefst | 12.00 Hádegisútvarpið | 20.00 Leynifélagið |
| 06.50 Bæn | 12.20 Hádegisfréttir | 20.30 „Spákona var að spá mér langri ævi“ |
| 07.03 Vitt og breitt | 13.00 Í boði náttúrunnar | 21.10 Út um græna grundu |
| 07.30 Fréttayfirlit | 14.03 Tónleikur | 22.10 Orð kvóldsins |
| 08.05 Morgunstund með KK | 15.03 Útvarpssagan: Hér | 22.15 Bak við stjórnurnar |
| 08.30 Fréttayfirlit | 15.25 Seiður og hélog | 23.07 Harðgrýti fátæktar: Nýstárleg fátækt |
| 09.05 Okkar á milli | 16.05 Víðsjá | 00.05 Næturtonar |
| 09.45 Morgunleikfimi | 17.00 Fréttir | |
| 10.13 Trío | 18.16 Spegillinn | |
| 11.03 Samfélagið í nærmynd | 19.00 Endurómur úr Evrópu | |

| | | |
|---------------------|----------------------|-------------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 95,7 FM957 | FM 99,4 Útvarp Saga |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 102,2 Útvarp Latibær |
| FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 91,9 Kaninn | FM 97,7 X-ið | FM 105,5 Útvarp Boðun |
| FM 93,5 Rás 1 | FM 98,9 Bylgjan | |

EXTRA

► 19.25 The Doctors The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

20.10 Falcon Crest (17:18)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 Modern Family (18:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímajölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.

22.15 Bones (17:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance "Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

23.00 Curb Your Enthusiasm (6:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjórnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George. Aðalgrínið í þáttaröðinni verður nefnilega hvort eitthvert vit sé í endurkomu þessara vinsælustu gamanþátta allra tíma. Vandinn er bara sá að þau hafa mismikla löngun til þess að af þessu verði og Larry kemur stöðugt sjálfum sér og öðrum í vandræði.

00.00 Louis Theroux. African Hunting Holiday

01.00 The Doctors

01.45 Falcon Crest (17:18)

02.35 Fréttir Stöðvar 2

03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

13.10 My Hero 13.40 Absolutely Fabulous 14.10 Absolutely Fabulous 14.40 The Weakest Link 15.25 The Inspector Lynley Mysteries 16.15 EastEnders 16.45 The Weakest Link 17.30 Absolutely Fabulous 18.00 Keeping Up Appearances 18.30 Lark Rise to Candleford 19.20 Dalziel and Pascoe 20.10 Keeping Up Appearances 20.40 Strictly Come Dancing 21.40 Strictly Come Dancing 22.25 Keeping Up Appearances 22.55 Lark Rise to Candleford 23.45 Blackadder II

DR 1

11.00 Folketingets afslutningsdebat 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.05 Family Guy 14.30 Leon 14.35 Splint & Co 15.00 F for Får 15.05 Landet for længe siden 15.30 Boxer 16.00 Når søkæmpe rejser hjemmefra 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd? 18.00 Kender du typen 18.30 Kæft, trit og knus 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 På vej til VM 20.05 Mord på hjernen 21.35 Onsdags Lotto 21.40 OBS 21.45 Boogie Mix

NK1

10.10 Svenske dialektmysterium 10.40 Dallas 11.25 Urter 11.45 Norge rundt 12.10 Par i hjertet 13.00 NRK nyheter 13.10 Dallas 14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter 15.10 Svenske dialektmysterium 15.40 Oddasat 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Program ikke fastsatt 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.45 Solgt! 18.15 Luftambulansen 18.45 Vikinglotto 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 House 20.25 Hitlåtens historie 21.00 Kveldsnytt 21.15 Corleone 22.50 Kjerlighedens sommer

SVT 1

08.30 Gomorron Sverige 10.00 Rapport 10.05 Eurovision Song Contest 12.45 Cimarron Strip 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Norsk attraktion 15.25 Namnam med Noman 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturmysterierna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Livvakterna 20.00 Nip/Tuck 20.45 Kampen för det fria ordet 22.00 Citysigns 2000 23.00 Kören

LAZY TOWN

GO WATER
Sitrónu twist
Sykurlaust
Náttúruleg bragðefni
Engar kaloriur
Engin rotvarnarefni

GO WATER
Sitrónu twist
Sykurlaust
Náttúruleg bragðefni
Engar kaloriur
Engin rotvarnarefni

GO WATER
Jardarberja twist
Sykurlaust
Náttúruleg bragðefni
Engar kaloriur
Engin rotvarnarefni

GO WATER
Sykurlaust og náttúrulega gott

Nordic Water Foundation

LazyTown © & ™ 2010 LazyTown Entertainment. All related titles, logos and characters are trademarks of LazyTown Entertainment. © 2010 LazyTown Entertainment. All Rights reserved.

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta á svo mikið en í fljótu bragði nefni ég Rósín Murphy - Overpowered, Sometime - Artificial, Bat for Lashes - Daniel“

Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir, eigandi KOW

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT

2. língeðja, 6. ullarflóki, 8. vafi, 9. óhreinka, 11. 999, 12. tala, 14. akstursíþrótt, 16. í röð, 17. að, 18. mælieining, 20. til dæmis, 21. ókyrr.

LÓÐRÉTT

1. ríki í Arabíu, 3. tveir eins, 4. yfirsýn, 5. pili, 7. vífilengjur, 10. angra, 13. hnoðað, 15. rotnunarlykt, 16. átti heima, 19. kusk.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. íran, 3. ee, 4. yfirhlí, 5. yída, 6. bjó, 7. útíndur, 8. ama, 9. elt, 10. rím, 11. ím, 12. númer, 13. íll, 14. bð, 15. rta.

LÁRÉTT: 2. meyr, 6. rú, 8. efi, 9. eða, 11. ím, 12. númer, 14. rálly, 16. bð, 17. til, 18. júl, 20. td, 21. óró.

VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á síðu 8.

- Ólafur F. Magnússon.
- Einar er fimmtugur.
- Guðrún Valdimarsdóttir hagfræðingur.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

553 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Næsta Söngvakeppni verður á íslensku

„Röksemdin fyrir þessari breytingu er að Söngvakeppni Sjónvarpsins er fyrst og fremst íslensk söngvakeppni fyrir íslenska áhorfendur.“ segir Páll Magnússon, útvarpsstjóri. Öll lög í næstu Söngvakeppni Sjónvarpsins verða að vera sungin á íslensku ólíkt því sem hefur verið undanfarin ár. Páll segir að vegna þrýstings frá Félagi tónskálda og textahöfunda, FTT, hafi verið fallið frá þessari kvöð á sínum tíma. Niðurstaðan af þeirri ákvörðun hafi hins vegar verið vond, fá lög hafi verið sungin á íslensku. „Síðast var aðeins eitt í úrslitabættinum og það er óviðunandi að okkar mati.“

Páll tekur fram að séu lögin sungin á íslensku, og Söngvakeppni Sjónvarpsins notuð sem nokkurs konar forkeppni fyrir Eurovision, taki RÚV þátt í kostnaði við að útfæra sigurlagið á ensku. „En við gætum hugsanlega valið framlagið með allt öðrum hætti þótt sigurlag í Söngvakeppninni sé fundið.“

Jakob Frímagn Magnússon, formaður FTT, segir afar skiptar skoðanir um þetta mál, bæði innan FTT og samfélagsins alls. „Við virðum sjónarmið Ríkisútvarpsins og treystum því að metnaður þeirra ná ekki aðeins til innlendirar dag-skrárgerðar heldur einnig til tryggingar þess marktækasta og best ígrundaða framlags Íslands á alþjóðavettvangi sem okkur ber að stefna að hverju sinni.“ segir Jakob og visar þar til Eurovision-lagsins. „Þetta kann að fara saman en annað tryggir ekki endilega hitt.“ segir Jakob sem kaus að öðru leyti að tjá sig ekki um málið.

- fgg

ÍSLENSKA Í ADALHLUTVERKI Páll Magnússon hefur ákveðið að öll lögin í næstu Söngvakeppni Sjónvarpsins verði á íslensku. Jakob Frímagn Magnússon segir skiptar skoðanir um málið innan FTT.



FRÉTTIR AF FÓLKI



Hún hefur væntanlega ekki verið auðveld, byrjunin á Íslands- mótinu í fótbolta fyrir þá sem lýsa leikjum karlaíðs KR í Pepsi- deildinni í KR-útvarpi- nu. Þeir ætla hins vegar að vera á vell- inum í Eyjum þegar Vesturbæjaveiddið etur kappi við spútniklið Eyjamanna. Lýsendur KR- útvarpsins eru miklir reynsluboltar úr fjölmiðlaheiminum, Bogi Ágústsson, sonur hans Ágúst Bogason og Haukur Hólm. Nýjasti liðsmaðurinn er hins vegar Poppunkts-kóngurinn Felix Bergsson.



Elli og félagar í hljómsveitinni Jeff Who? fá í kvöld að sjá í fyrsta skipti tónlistarmyndböndin sem voru tekin upp með hljómsveitinni vegna markaðsherferðar Reyka Vodka í Bandaríkjunum sem er að fara í gang. Myndböndin voru tekin upp í myndveri Latabæjar fyrr á árinu og verða þau sýnd á völdum veitinga- og skemmtistöðum í Bandaríkjunum, þar á meðal í New York, Chicago og San Francisco. Kynningarpartí vegna herferðarinnar verður síðan haldið á Austur Steikhúsi annað kvöld þar sem fjöldi góðra gesta verður viðstaddur.

Vonbrigðin voru mikil þegar niðurstaðan í Eurovision var ljós. Níjándi sætið var staðreynd þrátt fyrir að landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson hafi lagt sín lóð á vogarskálarnar og hreinlega platað liðsfélaga sína í Bolton til að kjósa Ísland. Grétar sendi þeim sms með orðunum „I'm in trouble, please call me at“ og setti svo inn kosninganúmer Íslands. Lúmskur, Grétar, en það er spurning hvort liðsfélagarnir hafi ekki séð við honum því hann gerði þetta líka í fyrra og þá hafnaði Ísland í öðru sæti.

- fgg/fb/afb



Í ÞJÓÐHÁTÍÐARSTUÐI Kristján Kristjánsson, KK, semur Þjóðhátíðarlagið í ár og verður það frumflutt á for-þjóðhátíð í Reykjavík í sumar. Dikta og Páll Óskar hafa þegar boðað komu sína á þessu miklu verslunarmannahelgarveislu úti í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRISTJÁN KRISTJÁNSSON: MIKIL ÁBYRGÐ HVÍLIR Á MÍNUM HERÐUM

KK semur Þjóðhátíðarlagið

Kristján Kristjánsson, best þekktur sem KK, semur Þjóðhátíðarlagið í ár en það verður frumflutt á sérstakri for-Þjóðhátíð sem halda á í Reykjavík í sumar. Þetta verður í fyrsta skipti sem þessi háttur verður hafður á, að sögn Tryggva Más Sæmundssonar sem á sæti í Þjóðhátíðarnefndinni. Allar hljómsveitir sem koma fram á Þjóðhátíð um verslunarmannahelgina tröða upp á reykvísku hátíðinni en bæði Dikta og Páll Óskar Hjalmtýsson hafa boðað komu sína. Rúsínan í pylsuendanum verður auðvitað flutningur Þjóðhátíðarlags KK en hann tekur við keflinu af Bubba Morthens sem átti lagið í fyrra ásamt Egó.

KK var staddur á Akranesi eftir

að hafa þurft að sigla í land undan brælundni á Faxaflóa. „Ég fékk þetta verkefni strax í janúar og hef eiginlega legið yfir því bæði dag og nótt síðan.“ spaugar KK, en hann bjóst við því að fara með lagið í hljóðver strax eftir helgi. Hann ætlar að syngja það sjálfur og hafði ekki gert ráð fyrir því að fá í lið með sér einhverja gesta- söngvara. „En ef svo fer, þá húa ég bara í þá úr hljóðverinu.“ KK hefur þegar spilað lagið fyrir konu- sina sína og Eyþór Gunnarsson, mág sinn. Og að hans sögn voru þau bæði ákaflega hrifin. „Þetta er lag í ljúfari kantinum, svona tónlistarlagið var Ég veit þú kemur eftir Ása í Bæ og Oddgeir Kristjánsson. Það var samið fyrir Þjóð- hátíðina í Eyjum árið 1962.“

ars vona ég bara að lagið henti vel fyrir Þjóðhátíð í Eyjum.“

KK hefur oft spilað á Þjóðhátíð og það er ekki óalgengt að lög eftir hann séu kyrjuð í hinum frægu hvítu hústjöldum sem skreyta Herjólfsdalinn yfir verslunarmannahelgina, Besti vinur og Veggúinn þar vinsælust. „Eyjamenn eru duglegastir allra Íslendinga að syngja, þeir syngja sig í gegnum allt, gleði, sorg og erfiðleika. Það er því mikil ábyrgð sem fylgir þessum lagasmíðum.“ segir tónlistarmaðurinn en fyrsta Þjóðhátíðarlagið var Ég veit þú kemur eftir Ása í Bæ og Oddgeir Kristjánsson. Það var samið fyrir Þjóðhátíðina í Eyjum árið 1962.

freyrigja@frettabladid.is

Biggi gengst loksins við Maus

„Þetta er eins og þegar maður býr í Vestmannaeyjum þá fær maður eftirnafn. Þetta er eftirnafnið mitt og ég er búinn að taka því og fagna því.“ segir Birgir Örn Steinarsson - Biggi Maus.

Biggi hefur verið kenndur við hljómsveit sína Maus síðan hún sló í gegn um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Síðustu misseri hafa fjölmiðlar bætt „í“ í nafnið þannig að hann hefur verið nefndur Biggi í Maus. Biggi vill ekki sjá það, en gengst í staðinn við því að vera kallaður Biggi Maus og lítur á það sem listamannanafn sitt.

„Mér finnst Biggi Maus miklu fallegra en Biggi í Maus - eins og til dæmis Joey Ramone og eitt hvað svoléiðis.“ segir Biggi, sem

var að koma úr Nauthólsvík þegar Fréttablaðið náði í hann í blíðunni í gær. „Ég reyndi mjög lengi fyrir tíu árum að berjast á móti því að vera kallaður Biggi Maus. En það væri fávitaskapur að berjast á móti þessu. Maus er frábær hljómsveit, það er heiður að fá að vera nefndur eftir henni.“

Af Bigga er annars að fréttu að hljómsveit hans Króna hefur sent frá sér lagið Maðurinn sem vill verða Guð. „Lagið fjallar um síendurtekið stef í mannkynssög- unni.“ segir Biggi. „Þegar predikarar, sem hefja verk sín í þeim tilgangi að hjálpa öðrum, fá rugluna og fara að misnota aðstöðu sína. Í tilviki okkar Íslendinga: Guðmundur í Byrginu.“

- afb



ALLTAF MAUS Biggi segist alltaf verða Biggi Maus, en ekki Biggi í Maus.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

HUMAR HUMAR HUMAR

2000

KR.KG.

EIGUM TIL MARKÍL Í BEITU FYRIR VEIÐIMENNINA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

LAZY TOWN

Skýris

Með vanillu- og
jarðarberjabragði

Fæst nú í
fjölskyldupakkningum



Lauren & © 2009 Lantbrukshósti. Öll réttindi áskilin.



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

RÓMEÓ OG JÚLÍA
 VesturPort
 Takmarkaður sýningafjöldi
 Miðasala er hafin!
 Borgarleikhúsið

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrsta fórnarlambið
 Afleiðingar af frábæru gengi Besta flokksins eru smám saman að koma í ljós. Leiðtogi listans, **Jón Gnarr**, er auðvitað einn helsti skemmtikraftur þjóðarinnar, hálfgerður gullkálfur, og þegar Fréttablaðið ræddi við helstu samstarfsmenn hans skömmu fyrir kosningar vildu þeir biðja með yfirlýsingar þar til öll atkvæði væru talin. Hvort stórsigur Besta flokksins hafi komið þeim óþægilega á óvart skal ósagt látið en fyrsta fórnarlamb kosninga sigursins var sjálft Borgarleikhúsið.

Skemmtisýning í vandræðum
 En Jón var ekki bara hirðskáld Borgarleikhússins. Hann var líka einn af þeim sem ætluðu að leika í sviðsuppfærslu af sjónvarpsþáttunum Fóstbræðrum undir styrki stjórn **Benedíkts Erlingssonar**. Aðdáendur þáttanna eiga væntanlega erfitt með að hugsa sér sýningu án Indriða, einnar þekktustu persónu Jóns úr þáttunum, og það verður vandséð hvernig verðandi borgarstjóri finnur til þess tíma á þéttskipaðri stundaskrá sinni að leika í skemmtisýningu.

Sjónvarpsþættir í uppnámi
 Þriðja verkefnið sem tilkynnt hafði verið um voru síðan nýir sjónvarpsþættir úr smiðju Vaktaseríu-hópsins með **Ragnar Bragason** í broddi fylkingar en þeir áttu að gerast á geðdeild. Áætlað hafði verið að hefja handritaskrif strax í ágúst og tókur í kjölfarið. Einn samstarfsmaður Jóns úr hópnum orðaði hlutina svona: „Súrsæt tilfinning, hjartað mitt er fullt af gleði fyrir hans hönd en auðvitað er það súrt að við ætluðum að fara að vinna saman því ef Jón gerir eitthvað þá fer hann í verkefnið á fullu.“ - fgg

- Mest lesið** **VISIR.IS**
- Húsið hvarf til himins
 - Einbýlishús sprakk í loft upp í bænum Vestby
 - Skylt að taka sæti í bæjarstjórn
 - Almenningur fær að taka þátt í leynifundum
 - Bardaginn um borð í hjálparskipinu -myndband

VesturPort
RÓMEÓ OG JÚLÍA
 Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports
Takmarkaður sýningafjöldi
 Miðasala er hafin!
 Miðasala 568 8000 borgarleikhus.is
 Borgarleikhúsið



FJÖLSTILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ ERGOMOTION KOMIN AFTUR. NÚ Á 20% AFSLÆTTI!

| | | |
|--|---|---|
| <p>ERGOMOTION 400 með þrjústíðnumar-dýnum (2x80x203) Verð 676.432 kr. NÚ 541.146 kr. = 20% AFSLÆTTUR</p> <p>ERGOMOTION 400 LÍNAN</p> <ul style="list-style-type: none"> Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag. Botninn er imdragalegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu. Lýftigetan er gíflurleg þar sem í botninum eru 2 mótórar. Einn fyrir höfuðgaff og annar fyrir fótgaff. Öll tannhjól og líðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smýja. Hljóðlátt og öflugt. 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum. 400 línan er með öflugri nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímaróla. 20 ára ábyrgð á mótórum og grind. Þráðlaus fjarstýring með úthvarpsendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara. Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka. Þyngdarleysistakinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðu. Niðri þyngdanna og upplöðu þyngdarleysistilninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóðak og aðrir. | <p>ERGOMOTION 100 með þrjústíðnumar-dýnum (2x80x203) Verð 503.698 kr. NÚ 402.958 kr. = 20% AFSLÆTTUR</p> <p>ERGOMOTION 100 LÍNAN</p> <ul style="list-style-type: none"> Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag. Botninn er imdragalegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu. Lýftigetan er gíflurleg þar sem í botninum eru 2 mótórar. Einn fyrir höfuðgaff og annar fyrir fótgaff. Öll tannhjól og líðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smýja. Hljóðlátt og öflugt. 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum. 20 ára ábyrgð á mótórum og grind. Einföld og þægileg fjarstýring. | <p>ERGOMOTION ERGOSPORT með þrjústíðnumar-dýnum (2x87x203) Verð 386.000 kr. NÚ 316.800 kr. = 20% AFSLÆTTUR</p> <p>ERGOMOTION ERGOSPORT</p> <ul style="list-style-type: none"> Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag. Botninn er imdragalegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu. Lýftigetan er gíflurleg. Öll tannhjól og líðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smýja. Hljóðlátt og öflugt. 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum. 20 ára ábyrgð á mótórum og grind. Einföld og þægileg fjarstýring. Ein besta þrjústíðnumar-dýna sem er fánleg er í dag fylgir botninum. |
|--|---|---|

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRDIR AF ERGOMOTION HEILSURÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUDÝNUM FYRIR PAU.

COMFORT solutions
 By King Koil®

HÁGÆDA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 111 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árangri sem endurspeglast í viderkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping Promises (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

GOOD WARRANTY TO CONVINCE
 Good Housekeeping Promises
 COMMITMENT TO BETTER SLEEP

rekkjan
 HEILSURÚM

Rekkjan ehf · Sudurlandbraut 48 (Bláu húrin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opíð virka d. 10-18 og lau 11-16